

**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2019/2035****2021/EES/49/11****frá 28. júní 2019**

um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 að því er varðar reglur fyrir starfsstöðvar með landdýr í haldi og útungunarstöðvar og rekjanleika tiltekinna landdýra í haldi og útungunareggja (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 frá 9. mars 2016 um smitandi dýrasjúkdóma og um breytingu og niðurfellingu á tilteknum gerðum á sviði dýraheilbrigðis (lög um dýraheilbrigði) (1), einkum 3. gr. (5. mgr.), 87. gr. (3. mgr.), 94. gr. (3. mgr.), 97. gr. (2. mgr.), 101. gr. (3. mgr.), 106. gr. (1. mgr.), 118. gr. (1. og 2. mgr.), 119. gr. (1. mgr.), 122. gr. (2. mgr.), 271. gr. (2. mgr.) og 279. gr. (2. mgr.),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (ESB) 2016/429 er mælt fyrir um reglur um forvarnir og varnir gegn sjúkdómum sem geta borist í dýr eða menn, þ.m.t. eru meðal annars reglur fyrir starfsstöðvar með landdýr í haldi og útungunarstöðvar, og um rekjanleika tiltekinna landdýra í haldi og útungunareggja innan Sambandsins. Í reglugerð (ESB) 2016/429 er framkvæmdastjórninni einnig veitt vald til að samþykkja reglur til að bæta við tiltekna veigalitla þætti þeirrar reglugerðar með framseldum gerðum. Því er viðeigandi að samþykkja slíkar viðbótarreglur til að tryggja snurðulausa framkvæmd kerfisins í nýja lagarammanum sem komið var á með reglugerð (ESB) 2016/429.
- 2) Nánar tiltekið ætti í þessari reglugerð að mæla fyrir um reglur sem bæta við reglurnar sem mælt er fyrir um í 1. og 2. kafla I. bóka IV. hluta reglugerðar (ESB) 2016/429 að því er varðar skráningarskyldur flutningsaðila sem stunda flutninga á tilteknum landdýrum í haldi, öðrum en hóf- og klaufdýrum, samþykki fyrir starfsstöðvum sem eru með landdýr í haldi, sem skapa umtalsverða áhættu fyrir heilbrigði dýra, og útungunarstöðvum, skrár sem lögbær yfirvöld eiga að halda yfir flutningsaðila og starfsstöðvar sem eru með landdýr í haldi og útungunaregg, skyldur rekstraraðila til að halda skrár og kröfur um rekjanleika landdýra í haldi og útungunareggja. Í reglugerð (ESB) 2016/429 er framkvæmdastjórninni þar að auki veitt vald til að mæla fyrir um reglur til að tryggja að IV. hluta reglugerðarinnar sé beitt á réttan hátt gagnvart tilflutningum á gæludýrum, öðrum en tilflutningum sem eru ekki viðskiptalegs eðlis. Þess vegna ætti einnig að mæla fyrir um reglur í þessari reglugerð að því er varðar slíka tilflutninga.
- 3) „Útungunaregg“ falla undir skilgreininguna á „kímefnum“, sem sett er fram í 28. lið 4. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429, og falla til samræmis við það undir reglur um kímefni sem mælt er fyrir um í þeirri reglugerð. Á sama tíma ættu dýraheilbrigðiskröfurnar, sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð varðandi alifugla og fugla í haldi, einnig að gilda um útungunaregg þessara fugla og þar af leiðandi ættu útungunaregg og starfsstöðvarnar sem afhenda þau að falla undir gildissvið þessarar reglugerðar.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 314, 5.12.2019, bls. 115. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 4/2021 frá 5. febrúar 2021 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtið. ESB L 84, 31.3.2016, bls. 1

- 4) Beita ætti viðbótarreglunum, sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, um öll landdýr í haldi en þó eru tilteknir hestastofnar, sem er haldið við aðstæður þar sem þeir lifa villtir eða hálfviltir, á skilgreindum svæðum í Sambandinu sem eru ekki að öllu leyti háðir yferráðum manna til að lifa og fjölga sér og þess vegna er ekki unnt að beita rekjanleikakröfunum, sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, að fullu um þessi dýr. Í þessari reglugerð ætti því að skýra nánar að þó að dýraheilbrigðisreglurnar, sem mælt er fyrir um með reglugerð (ESB) 2016/429, gildi alla jafna um þessar tegundir taminna dýra af hestaætt er þörf á tilteknum, sértækum undanþágum sökum þess að það er ekki mögulegt að beita kröfum um auðkenningu landdýra í haldi að því er varðar hesta sem eru ekki undir yferráðum manna.
- 5) Þar að auki ættu reglurnar, sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, að koma til viðbótar við reglurnar sem mælt er fyrir um í IX. hluta reglugerðar (ESB) 2016/429 að því er varðar umbreytingarráðstafanir til að vernda fengin réttindi og lögmætar væntingar hagsmunaaðila sem eru til komnar vegna fyrirliggjandi gerða Sambandsins.
- 6) Reglurnar, sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, tengjast að verulegu leyti og gilda um rekstraraðila sem flytja eða halda landdýr eða útungunaregg. Til að tryggja samfellu og einföldun og til að greiða fyrir skilvirkri beitingu þeirra og til að komast hjá því að reglur verði tvíteknar ætti því að mæla fyrir um þær í einni gerð frekar en í mörgum aðskildum gerðum með mörgum millivísunum. Þessi nálgun er einnig í samræmi við eitt af helstu markmiðum reglugerðar (ESB) 2016/429 sem var að einfalda reglur Sambandsins um dýraheilbrigði og gera þær þannig gagnsærri og auðveldara að beita þeim.
- 7) Í 3. mgr. 87. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429 er framkvæmdastjórninni veitt vald til að tiltaka aðrar tegundir flutningsaðila en þá sem stunda flutninga á hóf- og klaufdýrum í haldi milli aðildarríkja eða milli aðildarríkis og þriðja lands sem skapa sérstakar og umtalsverðar áhættur fyrir tilteknar tegundir dýra og til að mæla fyrir um kröfur um upplýsingar sem þessir flutningsaðilar verða að uppfylla til að hljóta skráningu í samræmi við 93. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429. Til að gera lögbæru yfirvaldi kleift að inna eftirlit af hendi á skilvirkan hátt og koma í veg fyrir smitandi dýrasjúkdóma, verjast þeim og útrýma þeim er því rétt að koma á fót, í þessari reglugerð, skrá yfir aðrar tegundir flutningsaðila og mæla fyrir um reglur varðandi þær upplýsingar sem þeir verða að láta í té til að hljóta skráningu hjá lögbæru yfirvaldi.
- 8) Í a-lið 1. mgr. 94. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429 er kveðið á um að einungis megi tilflytja hóf- og klaufdýr í haldi til annars aðildarríkis ef þessum dýrum var safnað saman á starfsstöðvum sem lögbært yfirvald hefur samþykkt í samræmi við þá reglugerð. Í a-lið 3. mgr. 94. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429 er framkvæmdastjórninni veitt vald til að samþykkja framseldar gerðir þar sem kveðið er um undanþágur frá þeirri kröfu, fyrir tilteknar tegundir starfsstöðva, að sækja um samþykki hjá lögbæru yfirvaldi ef þessar starfsstöðvar skapa óverulega áhættu.
- 9) Að teknu tilliti til sérstakra aðstæðna sem tengjast dýrum af hestaætt sem eru ekki alltaf fyrst og fremst haldin til að gefa af sér afurðir til manneldis en oft til afþreyingar og íþróttar og í flestum tilvikum er þessum dýrum einfaldlega safnað saman í starfsstöð til þess að tilflytja þau til annars aðildarríkis, t.d. í því skyni að taka þátt í sýningum, íþróttaviðburðum, menningarviðburðum eða svipuðum viðburðum, þykir rétt að kveða á um undanþágu í þessari reglugerð frá kröfum um að rekstraraðilar þessara starfsstöðva verði að sækja um samþykki hjá lögbæru yfirvaldi þar eð þessar starfsstöðvar skapa óverulega áhættu fyrir heilbrigði dýra og enginn dvalartími gildir þegar um er að ræða skráða sjúkdóma fyrir dýr af hestaætt.
- 10) Í c-lið 1. mgr. 94. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429 er kveðið á um að einungis megi tilflytja útungunaregg til annars aðildarríkis ef þessi egg koma frá starfsstöð sem lögbært yfirvald hefur samþykkt í samræmi við þá reglugerð. Útungunaregg alifugla eða annarra fugla í haldi falla undir skilgreininguna á útungunareggjum, sem mælt er fyrir um í 4. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429, og til samræmis við það er þess krafist að rekstraraðilar starfsstöðva sem framleiða þessi egg, sem á að tilflytja til annars aðildarríkis, sækji um samþykki fyrir starfsstöð sinni hjá lögbæru yfirvaldi.
- 11) Útungunarstöðvar fyrir fugla í haldi skapa ekki sömu heilbrigðisáhættu að því er varðar útbreiðslu skráðra sjúkdóma og útungunarstöðvar fyrir alifugla. Mikilvægi og framleiðslumagn nýklakinna unga og útungunareggja fugla í haldi er miklu minna en alifugla til landbúnaðarframleiðslu. Þar að auki eru hringrásir viðskipta á markaði með alifuglaframleiðslu og fugla í haldi og einkum útungunareggja aðskildar frá hvor annarri og snerting þeirra er takmörkuð. Þess vegna er takmörkuð áhætta á því að skráðir sjúkdómar breiðist út til alifugla vegna tilflutninga á nýklöktum ungum og útungunareggjum fugla í haldi. Til samræmis við það ætti í þessari reglugerð að kveða á um undanþágu frá kröfunum um að rekstraraðilar útungunarstöðva fyrir fugla í haldi verði að sækja um samþykki hjá lögbæru yfirvaldi.

- 12) Í 1. mgr. 94. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429 er kveðið á um að einungis megi tilflytja hóf- og klaufdýr í haldi, alifugla og útungunaregg til annars aðildarríkis ef þessum dýrum eða útungunareggjunum var safnað saman á eða eru upprunnin í starfsstöðvum sem lögbært yfirvald hefur samþykkt í samræmi við þá reglugerð. Þar að auki er í 95. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429 kveðið á um að einungis sé heimilt að tilflytja landdýr, sem eru í haldi á starfsstöð sem er með stöðuna lokuð, til eða frá starfsstöðinni ef lögbært yfirvald hefur veitt henni samþykki fyrir þessari stöðu í samræmi við þá reglugerð. Lögbæru yfirvaldi er einungis heimilt að samþykkja þessar starfsstöðvar ef þær uppfylla tilteknar kröfur í tengslum við sóttkvíun, einangrun og aðrar smitvarnarráðstafanir, eftirlit, aðstöðu og búnað, starfsfólk og dýralækna sem og eftirlit af hálfu lögbærs yfirvalds. Í 2. mgr. 97. gr. þeirrar reglugerðar er kveðið á um að framkvæmdastjórnin samþykki framseldar gerðir þar sem mælt er fyrir um viðbótarreglur um samþykki fyrir starfsstöðvum að teknu tilliti til þessara krafna.
- 13) Kröfurnar, sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð varðandi samþykki fyrir þessum starfsstöðvum, ættu að taka mið af þeirri reynslu sem fengist hefur af beitingu reglnanna sem mælt er fyrir um í tilskipunum ráðsins 64/432/EBE ⁽²⁾, 92/65/EBE ⁽³⁾ og 2009/158/EB ⁽⁴⁾. Þessar tilskipanir eru felldar úr gildi með reglugerð (ESB) 2016/429 frá og með 21. apríl 2021.
- 14) Í b-lið 3. mgr. 94. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429 er kveðið á um að framkvæmdastjórnin samþykki framseldar gerðir til að ákvarða hvaða aðrar tegundir af starfsstöðvum fyrir landdýr í haldi lögbært yfirvald verði einnig að samþykkja í samræmi við 1. mgr. 94. gr. þeirrar reglugerðar. Vaxandi fjöldi hunda, katta og fretta sem eru upprunnin frá mismunandi starfsstöðvum, eða hunda, katta og fretta, sem eru fyrrum flækingsdýr, villt dýr, týnd, yfirgefin eða handsömuð dýr, er safnað saman á starfsstöðvum í þeim tilgangi að hópa þau saman í sendingu áður en þau eru tilflutt til annars aðildarríkis. Í tilskipun 92/65/EBE er þegar mælt fyrir um dýraheilbrigðiskröfur sem gilda um tilflutninga á þessum dýrum til annars aðildarríkis. Í þeim tilgangi að inna af hendi fullnægjandi eftirlit og til að beita fyrirbyggjandi heilbrigðisráðstöfunum, sem byggjast á því að uppfylla tilteknar kröfur að því er varðar heilbrigðisástand dýra í aðildarríkinu, ætti þó í þessari reglugerð að kveða á um að þessar stöðvar skuli sækja um samþykki hjá lögbæru yfirvaldi og einnig ætti að mæla fyrir um kröfur varðandi veitingu slíks samþykkis.
- 15) Í reglugerð ráðsins (EB) nr. 1255/97 ⁽⁵⁾ er mælt fyrir um dýraheilbrigðiskröfur sem rekstraráðilar eftirlitsstöðva, sem sækja um samþykki hjá lögbæru yfirvaldi, verða að uppfylla. Þessum kröfum ætti að viðhalda en uppfæra þær í þessari reglugerð þar eð þær hafa reynst árangursríkar til að koma í veg fyrir útbreiðslu dýrasjúkdóma innan Sambandsins.
- 16) Í flestum tilvikum eru hunangsflugur ræktaðar í umhverfislega einangruðum starfsstöðvum sem falla undir strangar smitvarnarráðstafanir og falla undir reglulegt eftirlit af hálfu lögbærs yfirvalds og kannað er hvort sjúkdómar eru til staðar. Þegar lögbært yfirvald viðurkennir þessar starfsstöðvar og hefur eftirlit með þeim er ólíklegt að þær verði fyrir áhrifum af litlu býkúpubjöllunni, öfugt við sambú undir beru lofti. Í þessari reglugerð ætti því að kveða á um að lögbært yfirvald samþykki slíkar starfsstöðvar og hafi eftirlit með þeim og mæla fyrir um kröfur varðandi veitingu slíks samþykkis.
- 17) Í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 139/2013 ⁽⁶⁾ er mælt fyrir um dýraheilbrigðisskilyrði fyrir innflutningi á tilteknum fuglum til Sambandsins og sóttkvíunarskilyrði fyrir slíkum innflutningi. Í henni er einkum mælt fyrir um skilyrði fyrir samþykki lögbærs yfirvalds fyrir sóttkvíunaraðstöðu og -stöðvum fyrir slíka fugla. Til að komast hjá margföldun reglna um sóttkvíunarsstöðvar fyrir mismunandi tegundir landdýra ætti að viðhalda megininntaki þessara krafna í þessari reglugerð en aðlagja þær til að unnt sé að beita þeim að því er varðar margar tegundir landdýra.

(2) Tilskipun ráðsins 64/432/EBE frá 26. júní 1964 um vanda á sviði heilbrigðis dýra sem hefur áhrif á viðskipti innan Bandalagsins með nautgripi og svín (Stjttð. EB 121, 29.7.1964, bls. 1977/64)

(3) Tilskipun ráðsins 92/65/EBE frá 13. júlí 1992 um dýraheilbrigðiskröfur varðandi viðskipti innan Bandalagsins og innflutning til Bandalagsins á dýrum, sæði, eggfrumum og fósturvísu sem dýraheilbrigðiskröfur í sérreglum Bandalagsins er um getur í I. hluta viðauka A við tilskipun 90/425/EBE gilda ekki um (Stjttð. EB L 268, 14.9.1992, bls. 54).

(4) Tilskipun ráðsins 2009/158/EB frá 30. nóvember 2009 um skilyrði á sviði heilbrigðis dýra sem hafa áhrif á viðskipti innan Bandalagsins með alifugla og útungunaregg og á innflutning þeirra frá þriðju löndum (Stjttð. ESB L 343, 22.12.2009, bls. 74).

(5) Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1255/97 frá 25. júní 1997 um viðmiðanir Bandalagsins varðandi eftirlitsstöðvar og breytingar á leiðaráætluninni sem um getur í viðaukanum við tilskipun 91/628/EBE (Stjttð. EB L 174, 2.7.1997, bls. 1).

(6) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 139/2013 frá 7. janúar 2013 um dýraheilbrigðisskilyrði fyrir innflutningi á tilteknum fuglum til Sambandsins og skilyrði fyrir sóttkvíun þeirra (Stjttð. ESB L 47, 20.2.2013, bls. 1).

- 18) Í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1069/2009 ⁽⁷⁾ er mælt fyrir um reglur um heilbrigði manna og dýra, sem varða aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir, til að koma í veg fyrir og lágmarka áhættu fyrir heilbrigði manna og dýra af völdum þessara afurða og einkum til að vernda öryggi matvæla- og fóðurferlisins. Í henni er einkum mælt fyrir um reglur um söfnun, flutning, geymslu, meðhöndlun, vinnslu og notkun eða förgun aukaafurða úr dýrum, þ.m.t. dýr sem eru aflífuð til að útrýma dýrafarsóttum, til að koma í veg fyrir að þær skapi áhættu fyrir heilbrigði dýra og manna. Reglugerð (EB) nr. 1069/2009 ásamt ýmsum framkvæmdarráðstöfunum sem voru samþykktar samkvæmt þeirri reglugerð mynda almennan ramma um förgun dauðra dýra. Þegar lögbært yfirvald samþykkir starfsstöðvar, í samræmi við 97. og 99. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429, ætti lögbæra yfirvaldið að tryggja að umsækjendur fylgi reglunum sem mælt er fyrir um innan ramma reglugerðar (EB) nr. 1069/2009.
- 19) Í 1. mgr. 101. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429 er kveðið á um að lögbær yfirvöld skuli koma á fót skrár yfir starfsstöðvar og rekstraraðila, sem þau skrá og samþykkja, og að gera ætti þessar skrár aðgengilegar fyrir framkvæmdastjórnina og lögbær yfirvöld í öðrum aðildarríkjum og halda skránum uppfærðum. Í þágu gagnsæis ætti einnig að gera þessar skrár aðgengilegar öllum.
- 20) Þar að auki er í 3. mgr. 101. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429 kveðið á um að framkvæmdastjórnin samþykki framseldar gerðir þar sem mælt er fyrir um ítarlegar upplýsingar, sem eiga að koma fram í skránum sem lögbært yfirvald heldur, og aðgengi almennings að skrár yfir samþykktar starfsstöðvar. Í þessari reglugerð ættu því upplýsingaskyldur lögbærs yfirvalds að koma fram að því er varðar þessar skrár.
- 21) Í 102. til 105. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429 er mælt fyrir um kröfur varðandi lágmarksupplýsingar sem rekstraraðilar starfsstöðva og flutningsaðilar, sem lögbært yfirvald skráir eða samþykkir, eiga að skrá og í 106. gr. reglugerðarinnar er kveðið á um að framkvæmdastjórnin eigi að mæla fyrir um reglur til að bæta við þessar skyldur til að halda skrár. Rekstraraðilar starfsstöðva og flutningsaðilar þekkja best þau landdýr í haldi sem eru í þeirra umsjón og þegar tilflytja á dýrin eru þeir skyldugir til að veita lögbæru yfirvaldi tilteknar upplýsingar vegna dýraheilbrigðisvottunar eða vegna rekjanleika þeirra og af þessum sökum eru þessar upplýsingar auðveldlega aðgengilegar fyrir lögbært yfirvald. Í þessari reglugerð ætti því að mæla fyrir um reglur um upplýsingar sem tilteknir rekstraraðilar starfsstöðva og flutningsaðilar eiga að skrá til viðbótar við það sem þegar er gerð krafa um samkvæmt reglugerð (ESB) 2016/429.
- 22) Í 112. til 115. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429 er þess krafist að rekstraraðilar, sem eru með nautgripi, sauðfé, geitur, svín og dýr af hestaætt í haldi, auðkenni hvert dýr með auðkennismerki og að þeir tryggi að þessum dýrum fylgi auðkennisskírteini eða flutningsskjal þegar þau eru tilflutt og að þeir sendi upplýsingar, eins og krafist er, í tölvugagnagrunn sem lögbært yfirvald hefur umsjón með. Þar að auki er þess krafist í 117. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429 að rekstraraðilar sem eru með landdýr í haldi, önnur en nautgripi, sauðfé, geitur, svín og dýr af hestaætt, auðkenni hvert dýr með auðkennismerki og að þeir tryggi að þessum dýrum fylgi auðkennisskírteini eða flutningsskjal þegar framkvæmdastjórnin hefur samþykkt slíkar reglur skv. 118. gr. reglugerðarinnar.
- 23) Í 1. mgr. 118. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429 er framkvæmdastjórninni veitt vald til að mæla fyrir um ítarlegar kröfur um auðkenningar landdýra í haldi og reglur um auðkennisskírteini og tilflutningsskjöl fyrir þessi dýr, sem og um ítarlegar reglur um tölvugagnagrunna, sem kveðið er á um í þeirri reglugerð fyrir nautgripi, sauðfé, geitur, svín og dýr af hestaætt í haldi, og reglur um skipti á rafrænum gögnum um nautgripi í haldi milli tölvugagnagrunna aðildarríkjanna. Í 2. mgr. 118. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429 er framkvæmdastjórninni þar að auki veitt vald til að mæla fyrir um kröfur varðandi annars konar auðkenningu á landdýrum í haldi sem og um undanþágur og sérákvæði varðandi tilteknar flokka þessara dýra og um sértæk ákvæði um auðkennisskírteini og tilflutningsskjöl fyrir þessi dýr sem og reglur um auðkenningu og skráningu landdýra í haldi eftir komu þeirra inn í Sambandið.
- 24) Í 1. mgr. 119. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429 er framkvæmdastjórninni þar að auki veitt vald til að mæla fyrir um reglur um varða sérstakar undanþágur fyrir rekstraraðila frá tilteknum auðkenningar- og skráningarkröfum sem mælt er fyrir um í þeirri gerð. Í 2. mgr. 122. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429 er framkvæmdastjórninni veitt vald til að mæla fyrir um kröfur um rekjanleika kímefna úr landdýrum í haldi af öðrum tegundum en nautgripum, sauðfé, geitum, svínum og dýrum af hestaætt.

⁽⁷⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1069/2009 frá 21. október 2009 um heilbrigðisreglur að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 1774/2002 (reglugerð um aukaafurðir úr dýrum) (Stjtið ESB L 300, 14.11.2009, bls. 1).

Áður en reglugerð (ESB) 2016/429 var samþykkt var mælt fyrir um reglur Sambandsins um auðkenningu og skráningu nautgripa, sauðfjár, geita, svína og dýra af hestaætt í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1760/2000 ⁽⁸⁾, reglugerð ráðsins (EB) nr. 21/2004 ⁽⁹⁾ og tilskipunum ráðsins 2008/71/EB ⁽¹⁰⁾ og 2009/156/EB ⁽¹¹⁾. Reglugerð (ESB) 2016/429 fellir þessar fjórar gerðir úr gildi og kemur í þeirra stað frá og með 21. apríl 2021. Í þessum fjórum gerðum var mælt fyrir um reglur um auðkenningu, auðkennisskírteini eða flutningsskjöl og tölvugagnagrunna. Í þeim var einnig kveðið á um tímamörk varðandi notkun auðkenningar á þessi dýr sem rekstraraðilar voru með í haldi. Þar að auki var einnig kveðið á um ýmis frávik og undanþágur að því er varðar auðkenningar og flutningsskjöl án þess að það stofni rekjanleika dýra í haldi í hættu. Reglurnar, sem mælt er fyrir um í þessum gerðum, hafa reynst árangursríkar til að tryggja rekjanleika nautgripa, sauðfjár, geita, svína og dýra af hestaætt í haldi. Til samræmis við það ætti að viðhalda megininntaki þessara reglna en uppfæra þær til að taka til greina þá hagnýtu reynslu sem fengist hefur af beitingu þeirra og nýjustu framfarir á sviði tækni. Framkvæmdastjórnin ætti að mæla fyrir um nýju tímamörkin varðandi notkun rekstraraðila á auðkenningu á landdýr í haldi í framkvæmdargerð sem er samþykkt í samræmi við 2. mgr. 120. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429.

- 25) Til að tryggja að dýr af hestaætt, sem koma inn í Sambandið, séu einungis auðkennd í samræmi við reglur Sambandsins eftir komu þeirra inn í Sambandið og ef þau verða áfram í Sambandinu er nauðsynlegt að vísa til tollferla, sem mælt er fyrir um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 952/2013 ⁽¹²⁾, í þessari reglugerð.
- 26) Áður en reglugerð (ESB) 2016/429 var samþykkt var mælt fyrir um reglur um rekjanleika, hunda, katta og fretta í haldi og fugla í haldi í tilskipun 92/65/EBE. Reglurnar, sem mælt er fyrir um í þeirri tilskipun, hafa reynst árangursríkar til að tryggja rekjanleika þessara dýra. Til samræmis við það ætti að viðhalda megininntaki þessara reglna en uppfæra þær til að taka til greina þá hagnýtu reynslu sem fengist hefur af beitingu þeirra og nýjustu framfarir á sviði tækni.
- 27) Þar að auki er í tilskipun 92/65/EBE mælt fyrir um að til þess að unnt sé að eiga viðskipti með hunda, ketti og frettur ætti sama auðkennisskírteinið að fylgja þeim og sem fylgir gæludýraflutningum, sem ekki eru viðskiptalegs eðlis, sem kveðið er á um í d-lið 6. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 576/2013 ⁽¹³⁾. Til samræmis við það ætti að viðhalda þessari reglu í þessari reglugerð.
- 28) Áður en reglugerð (ESB) 2016/429 var samþykkt var mælt fyrir um reglur um rekjanleika útungunareggja í tilskipun 2009/158/EB. Núverandi kerfi í tengslum við merkingar á útungunareggjum er vel þekkt. Til samræmis við það ætti að viðhalda megininntaki þessara reglna í þessari reglugerð en aðlaga þær svo þær henti ramma reglugerðar (ESB) 2016/429.
- 29) Áður en reglugerð (ESB) 2016/429 var samþykkt var mælt fyrir um reglur Sambandsins um rekjanleika landdýra, sem eru í haldi í farandfjölleikahúsum og á dýrasýningum, í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1739/2005 ⁽¹⁴⁾. Reglurnar, sem mælt er fyrir um í þeirri reglugerð, hafa einnig reynst árangursríkar til að tryggja rekjanleika landdýra sem eru í haldi í farandfjölleikahúsum og á dýrasýningum. Til samræmis við það ætti að viðhalda megininntaki þessara reglna en uppfæra þær til að taka til greina þá hagnýtu reynslu sem fengist hefur af beitingu þeirra.
- 30) Í reglugerð (ESB) 2016/429 er kveðið á um að sjúkdómsbundnar reglur um forvarnir og varnir gegn sjúkdómum gildi um skráðu sjúkdómum sem um getur í II. viðauka við þá reglugerð sem eru m.a. sýking af völdum *Brucella abortus*, *B. melitensis* og *B. suis* og sýking af völdum samsetninga *Mycobacterium tuberculosis* (*M. bovis*, *M. caprae* og *M. tuberculosis*). Í 9. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429 er kveðið á um reglur um forvarnir og varnir gegn sjúkdómum sem á að beita gagnvart mismunandi flokkum skráðra sjúkdóma. Í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1882 ⁽¹⁵⁾ er kveðið á um að reglur um forvarnir og varnir gegn skráðum sjúkdómum, sem um getur í 1. mgr. 9. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429, skuli gilda um flokka skráðra sjúkdóma fyrir þær skráðu dýrategundir og hópa skráðra dýrategunda sem um getur í viðaukanum við þá framkvæmdarreglugerð. Dýr af úlfaldaætt og hjartardýr í haldi eru skráð í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/1882 sem smitnæmar tegundir gagnvart þessum sýkingum. Þess vegna ætti að fastsetja samræmdar reglur um rekjanleika að því er varðar þessi dýr í þessari reglugerð.

⁽⁸⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1760/2000 frá 17. júlí 2000 um að koma á kerfi fyrir auðkenningu og skráningu nautgripa og um merkingar nautakjöts og nautakjötsafurða og niðurfellingu reglugerðar ráðsins (EB) nr. 820/97 (Stjttíð. EB L 204, 11.8.2000, bls. 1).

⁽⁹⁾ Reglugerð ráðsins (EB) nr. 21/2004 frá 17. desember 2003 um að koma á kerfi fyrir auðkenningu og skráningu sauðfjár og geita og breytingu á reglugerð (EB) nr. 1782/2003 og tilskipunum 92/102/EBE og 64/432/EBE (Stjttíð. ESB L 5, 9.1.2004, bls. 8).

⁽¹⁰⁾ Tilskipun ráðsins 2008/71/EB frá 15. júlí 2008 um auðkenningu og skráningu svína (Stjttíð. ESB L 213, 8.8.2008, bls. 31).

⁽¹¹⁾ Tilskipun ráðsins 2009/156/EB frá 30. nóvember 2009 um skilyrði á sviði heilbrigðis dýra, sem hafa áhrif á flutninga dýra af hestaætt og innflutning þeirra frá þriðju löndum (Stjttíð. ESB L 192, 23.7.2010, bls. 1).

⁽¹²⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 952/2013 frá 9. október 2013 um tollalög Sambandsins (Stjttíð. ESB L 269, 10.10.2013, bls. 1).

⁽¹³⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 576/2013 frá 12. júní 2013 um gæludýraflutninga, sem ekki eru viðskiptalegs eðlis, og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 998/2003 (Stjttíð. ESB L 178, 28.6.2013, bls. 1).

⁽¹⁴⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1739/2005 frá 21. október 2005 um dýraheilbrigðiskröfur við flutning á sirkusdýrum milli aðildarríkja (Stjttíð. ESB L 279, 22.10.2005, bls. 47).

⁽¹⁵⁾ Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1882 frá 3. desember 2018 um beitingu tiltekinna reglna um forvarnir og varnir gegn sjúkdómum fyrir flokka skráðra sjúkdóma og um að koma á skrá yfir dýrategundir og hópa dýrategunda sem skapa töluverða áhættu á útbreiðslu þessara skráðu sjúkdóma (Stjttíð. ESB L 308, 4.12.2018, bls. 21).

- 31) Með hliðsjón af einstökum aðstæðum varðandi hreindýrahald, sem er nátengt menningararfleifð Sama í Norður-Evrópu, ættu aðildarríkin að geta viðhaldið sérstöku fyrirkomulagi varðandi auðkenningar sem eru fastsettar fyrir hreindýr í haldi á yfirráðasvæði þeirra. Til samræmis við það ætti í þessari reglugerð að kveða á um sérstakt fyrirkomulag varðandi auðkenningu þessara dýra.
- 32) Að því er varðar dýr af hestaætt er kveðið á um í 114. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429 að rekstraraðilar skuli tryggja að dýr af hestaætt séu auðkennd hvert fyrir sig með einkvæmu auðkennisskírteini til lífstíðar sem er fyllt út á réttan hátt. Þar að auki er kveðið á um í 2. mgr. 120. gr. þeirrar reglugerðar að framkvæmdastjórnin eigi að samþykka framkvæmdargerðir er varða tilteknar kröfur vegna þessa skírteinis. Sem stendur er mælt fyrir um reglur varðandi einkvæmt auðkennisskírteini til lífstíðar sem hluta af dýraheilbrigðisreglunum innan lagamma reglugerðar (ESB) 2016/429 en þó er nauðsynlegt að hafa hliðsjón af kröfum um auðkenningu þessara dýra sem mælt er fyrir um annars staðar í lögum Sambandsins. Einkum ætti að hafa hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/82/EB ⁽¹⁶⁾, framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/262 ⁽¹⁷⁾, reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1012 ⁽¹⁸⁾, framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1940 ⁽¹⁹⁾ og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/6 ⁽²⁰⁾ til að komast hjá fjölgun reglna og auðkennisskírteina sem myndi valda ónauðsynlegri aukningu stjórnsýslulegra og fjárhagslegra byrða. Þessi þörf til að hagræða reglum Sambandsins er einkum mikilvæg fyrir dýr af hestaætt þar eð þau eru notuð í margs konar tilgangi, þ.m.t. íþróttaviðburðir, sem kynbótadýr og einnig sem matvæli. Þar að auki getur notkun á þeim verið mismunandi eftir æviskeiði þeirra svo það er mikilvægt að einkvæm auðkennisskírteini til lífstíðar gildi áfram til ýmiss konar notkunar. Þar að auki verða umbreytingarákvæðin, sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, að taka mið af gildistíma þessara fimm gerða til að tryggja samræmingu gildandi reglna Sambandsins.
- 33) Með það fyrir augum að beita löggjöf Sambandsins um rekjanleika landdýra í haldi á samræmdan hátt og til að tryggja að hún sé skýr og gagnsæ ætti að fella reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 509/1999 ⁽²¹⁾, reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2680/1999 ⁽²²⁾, ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/678/EB ⁽²³⁾, ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/672/EB ⁽²⁴⁾, reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 911/2004 ⁽²⁵⁾, ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/764/EB ⁽²⁶⁾, reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 644/2005 ⁽²⁷⁾, reglugerð (EB) nr. 1739/2005, ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/28/EB ⁽²⁸⁾, ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/968/EB ⁽²⁹⁾, ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/712/EB ⁽³⁰⁾ og framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/262 úr gildi með

⁽¹⁶⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/82/EB frá 6. nóvember 2001 um Bandalagsreglur um dýralyf (Stjtið. EB L 311, 28.11.2001, bls. 1).

⁽¹⁷⁾ Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/262 frá 17. febrúar 2015 um reglur samkvæmt tilskipun ráðsins 90/427/EBE og 2009/156/EB að því er varðar aðferðir til að auðkenna dýr af hestaætt (reglugerð um vegabréf fyrir dýr af hestaætt) (Stjtið. ESB L 59, 3.3.2015, bls. 1).

⁽¹⁸⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1012 frá 8. júní 2016 um dýraræktarskilyrði og ættfræðileg skilyrði vegna undaneldis, viðskipta með hreinræktuð kynbótadýr, kynblönduð undaneldissvín og kímefti þeirra og komu þeirra inn í Sambandið og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 652/2014, tilskipunum ráðsins 89/608/EBE og 90/425/EBE og niðurfellingu á tilteknum gerðum á sviði kynbóta á dýrum (reglugerðin um kynbætur á dýrum) (Stjtið. ESB L 171, 29.6.2016, bls. 66).

⁽¹⁹⁾ Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1940 frá 13. júlí 2017 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1012 að því er varðar innihald og snið dýraræktarvottorða sem gefin eru út fyrir hreinræktuð kynbótadýr af hestakyni og eru í einkvæmu auðkennisskírteini til lífstíðar fyrir dýr af hestaætt (Stjtið. ESB L 275, 25.10.2017, bls. 1).

⁽²⁰⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/6 frá 11. desember 2018 um dýralyf og um niðurfellingu á tilskipun 2001/82/EB (Stjtið. ESB L 4, 7.1.2019, bls. 43).

⁽²¹⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 509/1999 frá 8. mars 1999 um að framlengja hámarksfrest á því að setja eyrnamerki á Ameríkuvísunda (*Bison bison* spp.) (Stjtið. EB L 60, 9.3.1999, bls. 53).

⁽²²⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2680/1999 frá 17. desember 1999 um að samþykka mörkunarkerfi vegna nauta sem á að nota á menningar- og íþróttaviðburðum (Stjtið. EB L 326, 18.12.1999, bls. 16).

⁽²³⁾ Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 23. október 2000 um nákvæmar reglur um skráningu bújarða í innlendum gagnagrunnum fyrir svín eins og gert er ráð fyrir í tilskipun ráðsins 64/432/EBE (Stjtið. EB L 281, 7.11.2000, bls. 16).

⁽²⁴⁾ Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/672/EB frá 20. ágúst 2001 um sérreglur um flutning nautgripa sem eru settir á sumararbeit í fjallendi (Stjtið. EB L 235, 4.9.2001, bls. 23).

⁽²⁵⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 911/2004 frá 29. apríl 2004 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1760/2000 að því er varðar eyrnamerki, vegabréf og jarðabækur (Stjtið. ESB L 163, 30.4.2004, bls. 65).

⁽²⁶⁾ Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/764/EB frá 22. október 2004 um framlengingu á hámarksfrestinum sem veittur var til að setja eyrnamerki í tiltekna nautgripi sem er haldið á náttúruverndarsvæðum í Hollandi (Stjtið. ESB L 339, 16.11.2004, bls. 9).

⁽²⁷⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 644/2005 frá 27. apríl 2005 um leyfi fyrir sérstöku auðkenningarkerfi fyrir nautgripi sem er haldið í menningarlegum og sögulegum tilgangi á samþykktum landareignum eins og kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1760/2000 (Stjtið. ESB L 107, 28.4.2005, bls. 18).

⁽²⁸⁾ Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/28/EB frá 18. janúar 2006 um framlengingu á hámarksfrestinum sem var veittur til að setja eyrnamerki í tiltekna nautgripi (Stjtið. ESB L 19, 24.1.2006, bls. 32).

⁽²⁹⁾ Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 15. desember 2006 um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 21/2004 að því er varðar leiðbeiningar og aðferðir við rafræna auðkenningu sauðfjár og geita (Stjtið. ESB L 401, 30.12.2006, bls. 41).

⁽³⁰⁾ Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 18. september 2009 um framkvæmd á tilskipun ráðsins 2008/73/EB að því er varðar upplýsingasiður á Netinu þar sem eru skrár yfir starfsstöðvar og rannsóknarstofur sem aðildarríki hafa samþykkt í samræmi við dýraheilbrigðis- og dýraræktarlöggjöf Bandalagsins (Stjtið. ESB L 247, 19.9.2009, bls. 13).

Þessari reglugerð. Til að tryggja snurðulaus umskipti fyrir rekstraraðila farandfjölleikahúsa og dýrasýninga yfir í nýja lagarammann ættu þó flutningsskjöl og auðkennisskírteini að gilda áfram á sniði sem er í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1739/2005, fram að dagsetningu sem framkvæmdastjórnin ákveður í framkvæmdargerð sem er samþykkt skv. 2. mgr. 120. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429, að því er varðar snið flutningsskjala og auðkennisskírteina fyrir landdýr í haldi í farandfjölleikahúsum og á dýrasýningum.

- 34) Í tilskipun 2001/82/EB er mælt fyrir um sértækar reglur um dýr af hestaætt er varða meðhöndlun á dýrum af hestaætt, sem gefa af sér afurðir til manneldis, að því er varðar dýralyf, að því tilskildu að þessi dýr af hestaætt séu auðkennd í samræmi við löggjöf Sambandsins og sérstaklega tilgreint í auðkennisskírteinum þeirra að þau séu ekki ætluð til slátrunar til manneldis. Þessar reglur eru nú efnislega felldar inn í reglugerð (ESB) 2019/6 sem fellir úr gildi og kemur í staðinn fyrir tilskipun 2001/82/EB. Reglugerð (ESB) 2019/6 kemur til framkvæmda frá og með 28. janúar 2022 og þar af leiðandi eftir þann dag þegar reglugerð (ESB) 2016/429 kemur til framkvæmda. Þessar gerðir eru samt tengdar innbyrðis vegna þess að í 1. mgr. 109. gr. reglugerðar (ESB) 2019/6 er kveðið á um að framkvæmdastjórnin skuli samþykkja framseldar gerðir til að bæta við þá reglugerð að því er varðar upplýsingarnar sem eiga að koma fram í einkvæmu auðkennisskírteini til lífstíðar, sem kveðið er á um í reglugerð (ESB) 2016/429, með það fyrir augum að uppfylla skyldurnar til að halda skrár sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) 2019/6. Þar að auki er í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/262 mælt fyrir um reglur um auðkenningu dýra af hestaætt, þ.m.t. reglur um auðkennisskírteini fyrir þessi dýr, og þar er kveðið á um að kerfi Sambandsins til að auðkenna dýr af hestaætt samanstandi m.a. af einkvæmu skírteini til lífstíðar. Í reglugerð (ESB) 2016/1012 er að lokum einnig mælt fyrir um reglur um auðkenningu dýra af hestaætt. Í henni er kveðið á um að framkvæmdastjórnin skuli samþykkja framkvæmdargerðir þar sem mælt er fyrir um fyrirmyndir að einkvæmu auðkennisskírteini til lífstíðar.
- 35) Til að komast hjá ónauðsynlegum stjórnsýslu- og fjárhagsbyrðum fyrir rekstraraðila með dýr af hestaætt í haldi og lögbær yfirvöld ætti einkvæma auðkennisskírteinið til lífstíðar fyrir dýr af hestaætt í haldi, sem er sem stendur mælt fyrir um í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/262, að gilda áfram fram að dagsetningu sem framkvæmdastjórnin ákveður í framkvæmdargerð, sem er samþykkt skv. 2. mgr. 120. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429 og 2. mgr. 109. gr. reglugerðar (ESB) 2019/6, að því er varðar snið einkvæms auðkennisskírteins til lífstíðar fyrir dýr af hestaætt í haldi.
- 36) Í 271. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429 er kveðið á um umbreytingartímabil fyrir rekstraraðila vegna nýja reglurammans, sem mælt er fyrir um í þeirri gerð, að því er varðar auðkenningu nautgripa, sauðfjár, geita og svína í haldi og framkvæmdastjórninni er veitt vald til að stytta þetta umbreytingartímabil.
- 37) Til að tryggja snurðulaus umskipti yfir í nýja lagarammann, sem komið er á með reglugerð (ESB) 2016/429, fyrir rekstraraðila sem eru með landdýr í haldi, að því er varðar auðkenningu og skráningu þessara dýra, og yfir í nýja lagarammann að því er varðar dýraheilbrigðisreglur vegna tilflutninga á þessum dýrum ættu reglurnar, sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, að gilda frá sama degi og þær sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) 2016/429.
- 38) Til að tryggja snurðulaus umskipti yfir í nýja lagarammann fyrir rekstraraðila starfsstöðva, sem eru með landdýr í haldi, sem eru skráðar eða samþykktar í samræmi við tilskipanir 64/432/EBE og 92/65/EBE, reglugerðir (EB) nr. 1760/2000 og (EB) nr. 21/2004, tilskipanir 2008/71/EB, 2009/156/EB og 2009/158/EB, ætti að líta svo á að þær hafi verið skráðar eða samþykktar í samræmi við þessa reglugerð. Aðildarríkin ættu að tryggja að þessir rekstraraðilar fylgi öllum reglunum sem kveðið er á um í þessari reglugerð.

- 39) Til að tryggja snurðalaus umskipti yfir í nýja lagarammann ætti að líta svo á að nautgripir, sauðfé, geitur, svín, dýr af hestaætt, dýr af úlfaldaætt og hjartardýr og páfagaukar, sem voru auðkennd og skráð fyrir þann dag þegar þessi reglugerð kemur til framkvæmda, hafi verið auðkennd og skráð í samræmi við þessa reglugerð og séu hæf til tilflutnings innan Sambandsins.
- 40) Þessi reglugerð ætti að gilda frá 21. apríl 2021 í samræmi við daginn þegar reglugerð (ESB) 2016/429 kemur til framkvæmda.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. HLUTI

EFNI, GILDISSVIÐ OG SKILGREININGAR

1. gr.

Efni og gildissvið

1. Þessi reglugerð bætir við reglurnar sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) 2016/429 að því er varðar:
- skráðar og samþykktar starfsstöðvar fyrir landdýr í haldi og útungunaregg,
 - kröfur um rekjanleika eftirfarandi landdýra í haldi:
 - nautgripir, sauðfé, geitur, svín, dýr af hestaætt, dýr af úlfaldaætt og hjartardýr (hóf- og klaufdýr),
 - hundar, kettir og frettur,
 - fuglar í haldi,
 - útungunaregg,
 - landdýr sem eru í haldi í farandfjölleikahúsum og á dýrasýningum.
2. Í 1. kafla I. bóls II. hluta er mælt fyrir um kröfur varðandi skráningu flutningsaðila sem stunda flutninga á hundum, köttum og frettum og alifuglum í haldi milli aðildarríkjanna eða milli aðildarríkis og þriðja lands.
3. Í 2. kafla I. bóls II. hluta er kveðið á um undanþágur fyrir rekstraraðila starfsstöðva fyrir samsöfnun tiltekinna dýra af hestaætt og útungunarstöðva fyrir fugla í haldi frá þeirri kröfu að sækja um samþykki hjá lögbæru yfirvaldi.

Í þeim kafla er einnig mælt fyrir um kröfur um samþykki fyrir eftirfarandi tegundum starfsstöðva:

- starfsstöðvar fyrir samsöfnun hóf- og klaufdýra og alifugla þaðan sem á að tilflytja þessi dýr til annars aðildarríkis eða sem taka við þessum dýrum frá öðru aðildarríki,
- útungunarstöðvar þaðan sem á að tilflytja útungunaregg eða dagsgamla unga til annars aðildarríkis,
- starfsstöðvar sem halda alifugla þaðan sem á að tilflytja alifugla, sem eru ætlaðir til annars en slátrunar, eða útungunaregg til annars aðildarríkis.

Þessar kröfur varða einangrun og aðrar smitvarnaráðstafanir, eftirlitsráðstafanir, aðstöðu og búnað, starfsfólk og eftirlit af hálfu lögbærs yfirvalds.

4. Í 3. kafla I. bóls II. hluta er mælt fyrir um kröfur um samþykki fyrir eftirfarandi tegundum starfsstöðva:
- söfnunarstöðvar fyrir hunda, ketti og frettur þaðan sem á að tilflytja þessi dýr til annars aðildarríkis,
 - dýraathvörf fyrir hunda, ketti og frettur þaðan sem á að tilflytja þessi dýr til annars aðildarríkis,
 - eftirlitsstöðvar,
 - umhverfislega einangraðar framleiðslustöðvar fyrir hunangsflugur þaðan sem á að tilflytja þessi dýr til annars aðildarríkis,
 - sóttkvíunarstöðvar fyrir landdýr í haldi, önnur en primata, þaðan sem á að tilflytja þessi dýr innan sama aðildarríkis eða til annars aðildarríkis.

Þessar kröfur varða sóttkvíun, einangrun og aðrar smitvarnarráðstafanir, eftirlits- og varnarráðstafanir, aðstöðu og búnað og eftirlit af hálfu dýralæknis.

5. Í 4. kafla I. bóls II. hluta er mælt fyrir um kröfur um samþykki fyrir lokuðum starfsstöðvum þaðan sem á að tilflytja landdýr í haldi innan sama aðildarríkis eða til annars aðildarríkis í tengslum við sóttkvíun, einangrun og aðrar smitvarnarráðstafanir, eftirlits- og varnarráðstafanir, aðstöðu og búnað og eftirlit af hálfu dýralæknis.
6. Í 1. kafla II. bóls II. hluta er mælt fyrir um upplýsingaskyldur lögbærs yfirvalds að því er varðar skrár þess yfir:
 - a) starfsstöðvar með landdýr í haldi,
 - b) útungunarstöðvar,
 - c) flutningsaðila sem stunda flutninga á hóf- og klaufdýrum, hundum, köttum og frettum og alifuglum í haldi milli aðildarríkja eða milli aðildarríkis og þriðja lands,
 - d) rekstraraðila sem annast samsöfnun hóf- og klaufdýra og alifugla í haldi, óháð starfsstöð.
7. Í 2. kafla II. bóls II. hluta er mælt fyrir um upplýsingaskyldur lögbærs yfirvalds að því er varðar skrár yfir samþykktar starfsstöðvar sem um getur í 2., 3. og 4. kafla I. bóls II. hluta.
8. Í 1. kafla III. bóls II. hluta er mælt fyrir um skyldur rekstraraðila til að halda skrár, til viðbótar við þær sem kveðið er á um í 1. mgr. 102. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429, yfir eftirfarandi tegundir skráðra eða samþykktra starfsstöðva:
 - a) allar starfsstöðvar sem eru með landdýr í haldi,
 - b) starfsstöðvar sem eru með:
 - i. nautgripi, sauðfé, geitur og svín,
 - ii. dýr af hestaætt,
 - iii. alifugla og fugla í haldi,
 - iv. hunda, ketti og frettur,
 - v. býflugur,
 - c) farandfjölleikahús og dýrasýningar,
 - d) dýraathvörf fyrir hunda, ketti og frettur,
 - e) eftirlitsstöðvar,
 - f) sóttkvíunarstöðvar fyrir landdýr í haldi, önnur en prímata,
 - g) lokaðar starfsstöðvar.
9. Í 2. kafla III. bóls II. hluta er mælt fyrir um skyldur rekstraraðila skráðra eða samþykktra útungunarstöðva til að halda skrár, til viðbótar við þær sem kveðið er á um í 1. mgr. 103. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429.
10. Í 3. kafla III. bóls II. hluta er mælt fyrir um skyldur skráðra flutningsaðila til að halda skrár, til viðbótar við þær sem kveðið er á um í 1. mgr. 104. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429.
11. Í 4. kafla III. bóls II. hluta er mælt fyrir um skyldur rekstraraðila, sem annast samsöfnun, til að halda skrár, til viðbótar við þær sem kveðið er á um í 1. mgr. 105. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429, að því er varðar
 - a) rekstraraðila skráðra eða samþykktra starfsstöðva fyrir samsöfnun hóf- og klaufdýra og alifugla í haldi,
 - b) rekstraraðila sem annast samsöfnun hóf- og klaufdýra og alifugla í haldi, óháð starfsstöð,
 - c) rekstraraðila söfnunarstöðva fyrir hunda, ketti og frettur, sem eru skráðar hjá lögbæru yfirvaldi.
12. Í I. til IV. bóli III. hluta er mælt fyrir um kröfur um rekjanleika nautgripa, sauðfjár og geita, svína og dýra af hestaætt í haldi, þ.m.t. auðkenning, gögn og tölvugagnagrunnar.
13. Í 1. kafla V. bóls III. hluta er mælt fyrir um kröfur um rekjanleika hunda, katta og fretta í haldi, þ.m.t. varðandi gæludýr þegar þau eru tilflutt til annars aðildarríkis í tilgangi sem er ekki viðskiptalegs eðlis.

14. Í 2. kafla V. bálks III. hluta er mælt fyrir um kröfur um rekjanleika dýra af úlfaldaætt og hjartardýra í haldi.
15. Í 3. kafla V. bálks III. hluta er mælt fyrir um kröfur um rekjanleika fugla í haldi.
16. Í 4. kafla V. bálks III. hluta er mælt fyrir um kröfur um rekjanleika landdýra í haldi í farandfjölleikahúsum og á dýrasýningum.
17. Í VI. bálki III. hluta er mælt fyrir um kröfur um rekjanleika útungunareggja.
18. Í VII. bálki III. hluta er mælt fyrir um kröfur um rekjanleika nautgripa, sauðfjár, geita, svína, dýra af hestaætt, hjartardýra og dýra af úlfaldaætt í haldi eftir komu þeirra inn í Sambandið.
19. Í IV. hluta er mælt fyrir um tiltekna umbreytingarráðstafanir að því er varðar tilskipanir 64/432/EBE og 92/65/EBE, reglugerðir (EB) nr. 1760/2000, (EB) nr. 21/2004 og (EB) nr. 1739/2005, tilskipanir 2008/71/EB, 2009/156/EB og 2009/158/EB og framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/262 í tengslum við:
 - a) skráningu og samþykki fyrir starfsstöðvum,
 - b) auðkenningu landdýranna í haldi,
 - c) flutningsskjöl og auðkennisskírteini fyrir landdýr í haldi í farandfjölleikahúsum og á dýrasýningum,
 - d) einkvæmt auðkennisskírteini til lífstíðar fyrir dýr af hestaætt í haldi.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- 1) „hundur“: dýr í haldi af tegundinni *Canis lupus*,
- 2) „köttur“: dýr í haldi af tegundinni *Felis silvestris*,
- 3) „fretta“: dýr í haldi af tegundinni *Mustela putorius furo*,
- 4) „tegund flutnings“: hvernig flutningur er framkvæmdur, s.s. á vegum, með lestum, loftleiðis eða á vatni,
- 5) „flutningatæki“: ökutæki á vegum eða járnbrautarvagnar, skip og loftför,
- 6) „dagsgamlir ungar“: allir alifuglar sem eru innan við 72 klukkustunda gamlir,
- 7) „söfnunarstöðvar fyrir hunda, ketti og frettur“: starfsstöð þar sem þessum dýrum, í sama heilbrigðisástandi, er safnað saman frá fleiri en einni starfsstöð,
- 8) „dýraathvarf“: starfsstöð þar sem landdýr, sem eru fyrrum flækingsdýr, villt dýr, týnd, yfirgefin eða handsömuð dýr, eru í haldi og heilbrigðisástand þeirra allra er e.t.v. ekki þekkt þegar þau koma inn í starfsstöðina,
- 9) „eftirlitsstöðvar“: eftirlitsstöðvar eins og um getur í reglugerð (EB) nr. 1255/97,
- 10) „umhverfislega einangruð framleiðslustöð“: starfsstöð þar sem skipulagið, ásamt ströngum smitvarnarráðstöfunum, tryggir að framleiðsla á dýrum er einangruð á skilvirkan hátt frá tengdri aðstöðu og frá umhverfinu,
- 11) „hunangsfluga“: dýr af tegund sem tilheyrir ættkvíslinni *Bombus*,
- 12) „prímatar“: dýr af tegund sem tilheyrir ættbálknum prímatar, að undanskildum mönnum,
- 13) „býflugur“: dýr af tegundinni *Apis mellifera*,
- 14) „dýralæknir stöðvar“: dýralæknir sem ber ábyrgð á þeirri starfsemi sem fer fram í sóttkvíunarstöð fyrir landdýr í haldi, önnur en prímata, eða í lokaðri starfsstöð eins og mælt er fyrir um í þessar reglugerð,
- 15) „einkvæmt skráningarnúmer“: númer sem lögbært yfirvald úthlutar skráðri starfsstöð, eins og um getur í 93. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429,
- 16) „einkvæmt samþykkisnúmer“: númer sem lögbært yfirvald úthlutar starfsstöð sem lögbæra yfirvaldið hefur samþykkt í samræmi við 97. og 99. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429,

- 17) „einkvæmur kóði“: einkvæmur kóði sem rekstraraðilar, sem eru með hesta í haldi, eru skuldbundnir til að nota til að tryggja að þessi dýr séu auðkennd hvert fyrir sig eins og kveðið er á um í a-lið 1. mgr. 114. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429 og sem er skráður í tölvugagnagrunn aðildarríkisins sem kveðið er á um í 1. mgr. 109. gr. þeirrar reglugerðar,
- 18) „auðkenniskóði dýrs“: einstaklingsbundinn kóði sem kemur fram á auðkenningu sem sett er á dýr og samanstendur af:
 - a) landskóða aðildarríkisins þar sem auðkenningin var sett á dýrið,
 - b) og þar á eftir kemur einstaklingsbundið auðkennisnúmer, ekki lengra en 12 tölustafir, sem dýrinu er úthlutað,
- 19) „nautgripur“ eða „dýr af nautgripakyni“: dýr af tegund hóf- og klaufdýra sem tilheyrir ættkvíslunum *Bison*, *Bos* (þ.m.t. undirættkvíslirnar *Bos*, *Bibos*, *Novibos*, *Poephagus*) og *Bubalus* (þ.m.t. undirættkvíslin *Anoa*) og afkvæmi krossvíxlunar þessara tegunda,
- 20) „sauðfé“ eða „dýr af sauðfjarkyni“: dýr af tegund hóf- og klaufdýra sem tilheyrir ættkvíslinni *Ovis* og afkvæmi krossvíxlunar þessara tegunda,
- 21) „geit“ eða „dýr af geitakyni“: dýr af tegund hóf- og klaufdýra sem tilheyrir ættkvíslinni *Capra* og afkvæmi krossvíxlunar þessara tegunda,
- 22) „svín“ eða „dýr af svínakyni“: dýr af tegund hóf- og klaufdýra af ættinni *Suidae* sem eru talin upp í III. viðauka við reglugerð (ESB) 2016/429,
- 23) „rafrænt kennimerki“: merking með auðkenningu með fjarskiptatíðni (RFID),
- 24) „dýr af hestakyni“ eða „dýr af hestaætt“: dýr af tegund staktæðra hófdýra sem tilheyrir ættkvíslinni *Equus* (þ.m.t. hestar, asnar og sebradýr) og afkvæmi krossvíxlunar þessara tegunda,
- 25) „tölvugagnagrunnur“: tölvugagnagrunnur yfir landdýr í haldi, eins og kveðið er á um í 1. mgr. 109. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429,
- 26) „aðfangakeðja“: samþætt framleiðslukeðja með sameiginlegt heilbrigðisástand að því er varðar skráða sjúkdóma, sem samanstendur af samstarfsneti sérhæfðra stöðva, sem lögbært yfirvald samþykkir að því er varðar 53. gr., þar sem svín eru tilflutt á milli til að ljúka framleiðsluferlinu,
- 27) „einkvæmt auðkenniskírteini til lífstíðar“: einkvæmt skírteini til lífstíðar sem rekstraraðilar, sem eru með hesta í haldi, eru skuldbundnir til að nota til að tryggja að þessi dýr séu auðkennd hvert fyrir sig eins og kveðið er á um í c-lið 1. mgr. 114. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429,
- 28) „ræktunarfélag“: öll félög dýraræktarmanna, ræktunarsamtök eða opinber aðili, annar en lögbær yfirvöld, sem lögbært yfirvald aðildarríkis viðurkennir í samræmi við 3. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429 í þeim tilgangi að vinna eftir kynbótaáætlun fyrir hreinræktað kynbótadýr sem eru færð inn í ræktunarbók eða -bækur sem það heldur eða stofnar,
- 29) „ræktunaraðili“: öll félög dýraræktarmanna, ræktunarsamtök, einkafyrirtæki, stofnræktunarsamtök (e. *stock-rearing organisation*) eða opinber þjónustustofnun í þriðja landi sem, að því er varðar hreinræktað kynbótadýr af nautgripa-, svína-, sauðfjár-, geita- eða hestakyni eða kynblönduð undaneldissvín, viðkomandi þriðja land hefur samþykkt í tengslum við komu kynbótadýra til undaneldis inn í Sambandið,
- 30) „skráð dýr af hestaætt“:
 - a) hreinræktað kynbótadýr af tegundinni *Equus caballus* eða *Equus asinus* sem er færð á skrá eða hæft til skráningar í aðalkafla ræktunarbókar sem ræktunarfélag eða ræktunaraðili, sem er viðurkenndur í samræmi við 4. eða 34. gr. reglugerðar (ESB) 2016/1012, stofnaði,
 - b) dýr í haldi af tegundinni *Equus caballus*, skráð hjá alþjóðasamtökum eða -stofnun, annaðhvort beint eða gegnum landsbundin samtök eða útibú sem hefur umsjón með keppnis- eða veðhlaupahestum („skráður hestur“),
- 31) „dýr af úlfaldaætt“: dýr af tegund hóf- og klaufdýra af ættinni *Camelidae* sem eru talin upp í III. viðauka við reglugerð (ESB) 2016/429,
- 32) „hjärtardýr“: dýr af tegund hóf- og klaufdýra af ættinni *Cervidae* sem eru talin upp í III. viðauka við reglugerð (ESB) 2016/429,
- 33) „hreindýr“: hóf- og klaufdýr af tegundinni *Rangifertarandus* sem eru talin upp í III. viðauka við reglugerð (ESB) 2016/429,
- 34) „farandfjölleikahús“: sýning eða kaupstefna, sem er með dýr eða dýrasýningar, sem ætlunin er að tilflytja milli aðildarríkja,
- 35) „dýrasýning“ hvers konar sýning með dýrum sem eru í haldi vegna sýningar eða kaupstefnu og sem geta verið hluti af fjölleikahúsi,
- 36) „alifuglar til undaneldis“: alifuglar, 72 klukkustunda gamlir eða eldri, ætlaðir til framleiðslu útungunareggja,
- 37) „hópur“: allir alifuglar eða fuglar í haldi með sama heilbrigðisástand sem eru í haldi á sama athafnasvæði eða á sama afgirta svæðinu og mynda eina faraldsfræðilega einingu; til alifugla sem haldnir eru innanhúss teljast allir fuglar sem deila sama loftrými.

II. HLUTI

SKRÁNING, SAMÞYKKI, SKRÁR OG SKRÁHALD

I. BÁLKUR

SKRÁNING OG SAMÞYKKI LÖGBÆRS YFIRVALDS FYRIR FLUTNINGSAÐILUM OG REKSTRARAÐILUM
STARFSSTÖÐVA

1. KAFLI

Skráning flutningsaðila fyrir landdýr í haldi, önnur en hóf- og klaufdýr, vegna flutninga milli aðildarríkja og vegna flutninga til þriðju landa

3. gr.

Skráningarskyldur flutningsaðila fyrir hunda, ketti og frettur og alifugla í haldi

1. Áður en flutningsaðilar sem stunda flutninga á hundum, köttum og frettum og alifuglum í haldi milli aðildarríkjana eða milli aðildarríkis og þriðja lands hefja slíka starfsemi skulu þeir, til þess að hljóta skráningu í samræmi við 93. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429, láta lögbæru yfirvaldi í té upplýsingar um:

- a) nafn og heimilisfang viðkomandi flutningsaðila,
- b) tegund sem fyrirhugað er að flytja,
- c) tegund flutnings,
- d) flutningatæki.

2. Flutningsaðilar hunda, katta og fretta í haldi, eins og um getur í 1. mgr., skulu upplýsa lögbært yfirvald um fjölda dýra sem fyrirhugað er að flytja.

3. Flutningsaðilar alifugla, eins og um getur í 1. mgr., skulu upplýsa lögbært yfirvald um flokka alifugla sem fyrirhugað er að flytja.

4. Flutningsaðilar, eins og um getur í 1. mgr., skulu upplýsa lögbært yfirvald um alla(r):

- a) breytingar sem varða þau atriði sem um getur í 1., 2. og 3. mgr.,
- b) stöðvun flutningastarfsemi.

2. KAFLI

Samþykki fyrir starfsstöðvum fyrir samsöfnun hóf- og klaufdýra og alifugla, útungunarstöðvum og starfsstöðvum sem halda alifugla

4. gr.

Undanþágur frá kröfu fyrir rekstraraðila um að sækja um samþykki fyrir starfsstöðvum fyrir samsöfnun tiltekinna dýr af hestaætt og útungunarstöðva með fugla í haldi hjá lögbæru yfirvaldi

Rekstraraðilar eftirfarandi starfsstöðva skulu ekki sækja um samþykki fyrir starfsstöðvum sínum hjá lögbæru yfirvaldi í samræmi við 1. mgr. 96. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429:

- a) starfsstöðva fyrir samsöfnun dýra af hestaætt þegar þessum dýrum er safnað saman vegna keppna, kapphlaupa, dýrasýninga, þjálfunar, sameiginlegrar frístunda- eða vinnustarfsemi eða í tengslum við ræktunarstarfsemi,
- b) útungunarstöðva fyrir fugla í haldi.

*5. gr.***Kröfur varðandi veitingu samþykkis fyrir starfsstöðvum fyrir samsöfnun hóf- og klaufdýra**

Þegar lögbært yfirvald veitir samþykki fyrir starfsstöðvum fyrir samsöfnun hóf- og klaufdýra, þáðan sem á að tilflytja þessi dýr til annars aðildarríkis eða sem taka við þessum dýrum frá öðru aðildarríki, skal lögbæra yfirvaldið tryggja að slíkar starfsstöðvar uppfylli eftirfarandi kröfur sem settar eru fram í 1. hluta I viðauka:

- a) ákvæði 1. liðar í tengslum við einangrun og aðrar smitvarnarráðstafanir,
- b) ákvæði 2. liðar í tengslum við aðstöðu og búnað,
- c) ákvæði 3. liðar tengslum við starfsfólk,
- d) ákvæði 4. liðar tengslum við eftirlit af hálfu lögbærs yfirvalds.

*6. gr.***Kröfur varðandi veitingu samþykkis fyrir starfsstöðvum fyrir samsöfnun alifugla**

Þegar lögbært yfirvald veitir samþykki fyrir starfsstöðvum fyrir samsöfnun alifugla, þáðan sem á að tilflytja þessi dýr til annars aðildarríkis eða sem taka við þessum dýrum frá öðru aðildarríki, skal lögbæra yfirvaldið tryggja að slíkar starfsstöðvar uppfylli eftirfarandi kröfur sem settar eru fram í 2. hluta I viðauka:

- a) ákvæði 1. liðar í tengslum við einangrun og aðrar smitvarnarráðstafanir,
- b) ákvæði 2. liðar í tengslum við aðstöðu og búnað,
- c) ákvæði 3. liðar tengslum við starfsfólk,
- d) ákvæði 4. liðar tengslum við eftirlit af hálfu lögbærs yfirvalds.

*7. gr.***Kröfur varðandi veitingu samþykkis fyrir útungunarstöðvum**

Þegar lögbært yfirvald veitir samþykki fyrir útungunarstöðvum þáðan sem á að tilflytja útungunaregg alifugla eða dagsgamla unga til annars aðildarríkis skal lögbæra yfirvaldið tryggja að slíkar starfsstöðvar uppfylli eftirfarandi kröfur sem settar eru fram í:

- a) ákvæðum 1. liðar 3. hluta I. viðauka í tengslum við smitvarnarráðstafanir,
- b) ákvæðum 2. liðar 3. hluta I. viðauka og 1. og 2. hluta II. viðauka í tengslum við eftirlit,
- c) ákvæðum 3. liðar 3. hluta I. viðauka í tengslum við aðstöðu og búnað,
- d) ákvæðum 4. liðar 3. hluta I. viðauka í tengslum við starfsfólk,
- e) ákvæðum 5. liðar 3. hluta I. viðauka í tengslum við eftirlit af hálfu lögbærs yfirvalds.

*8. gr.***Kröfur varðandi veitingu samþykkis fyrir starfsstöðvum sem halda alifugla**

Þegar lögbært yfirvald veitir samþykki fyrir starfsstöðvum sem halda alifugla þáðan sem á að tilflytja alifugla, sem eru ætlaðir til annars en slátrunar, eða útungunaregg til annars aðildarríkis skal lögbæra yfirvaldið tryggja að slíkar starfsstöðvar uppfylli eftirfarandi kröfur sem settar eru fram í:

- a) ákvæðum 1. liðar 4. hluta I. viðauka í tengslum við smitvarnarráðstafanir,
- b) ákvæðum 2. liðar 4. hluta I. viðauka og 2. hluta II. viðauka í tengslum við eftirlit,
- c) ákvæðum 3. liðar 4. hluta I. viðauka í tengslum við aðstöðu og búnað.

*3. KAFLI****Samþykki fyrir starfsstöðvum sem eru með landdýr í haldi****9. gr.***Skyldur rekstraraðila tiltekinna tegunda starfsstöðva, sem eru með landdýr í haldi, um að sækja um samþykki hjá lögbæru yfirvaldi**

Rekstraraðilar eftirfarandi tegunda starfsstöðva skulu sækja um samþykki hjá lögbæru yfirvaldi í samræmi við 1. mgr. 96. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429 og skulu ekki hefja starfsemi sína fyrr en starfsstöð þeirra hefur hlotið samþykki:

- a) söfnunarstöðvar fyrir hunda, ketti og frettur þaðan sem þessi dýr eru tilflutt til annars aðildarríkis,
- b) dýraathvörf fyrir hunda, ketti og frettur þaðan sem þessi dýr eru tilflutt til annars aðildarríkis,
- c) eftirlitsstöðvar,
- d) umhverfislega einangraðar framleiðslustöðvar fyrir hunangsflugur þaðan sem þessi dýr eru tilflutt til annars aðildarríkis,
- e) sóttkvíunarstöðvar fyrir landdýr í haldi, önnur en primata, þaðan sem þessi dýr eru tilflutt innan sama aðildarríkis eða til annars aðildarríkis.

*10. gr.***Kröfur varðandi veitingu samþykkis fyrir söfnunarstöðvum fyrir hunda, ketti og frettur**

Þegar lögbært yfirvald veitir samþykki fyrir söfnunarstöðvum fyrir hunda, ketti og frettur þaðan sem á að tilflytja þessi dýr til annars aðildarríkis skal lögbæra yfirvaldið tryggja að slíkar starfsstöðvar uppfylli eftirfarandi kröfur sem settar eru fram í 5. hluta I viðauka:

- a) ákvæði 1. liðar í tengslum við einangrun og aðrar smitvarnarráðstafanir,
- b) ákvæði 3. liðar í tengslum við aðstöðu og búnað.

*11. gr.***Kröfur varðandi veitingu samþykkis fyrir dýraathvörfum fyrir hunda, ketti og frettur**

Þegar lögbært yfirvald veitir samþykki fyrir dýraathvörfum þaðan sem á að tilflytja hunda, ketti og frettur til annars aðildarríkis skal lögbæra yfirvaldið tryggja að slíkar starfsstöðvar uppfylli eftirfarandi kröfur sem settar eru fram í 5. hluta I viðauka:

- a) ákvæði 2. liðar í tengslum við einangrun og aðrar smitvarnarráðstafanir,
- b) ákvæði 3. liðar í tengslum við aðstöðu og búnað.

*12. gr.***Kröfur varðandi veitingu samþykkis fyrir eftirlitsstöðvum**

Þegar lögbært yfirvald veitir samþykki fyrir eftirlitsstöðvum skal lögbæra yfirvaldið tryggja að slíkar eftirlitsstöðvar uppfylli eftirfarandi kröfur sem settar eru fram í 6. hluta I viðauka:

- a) ákvæði 1. liðar í tengslum við einangrun og aðrar smitvarnarráðstafanir,
- b) ákvæði 2. liðar í tengslum við aðstöðu og búnað.

*13. gr.***Kröfur varðandi veitingu samþykkis fyrir umhverfislega einangruðum framleiðslustöðvum fyrir hunangsflugur**

Þegar lögbært yfirvald veitir samþykki fyrir umhverfislega einangruðum framleiðslustöðvum fyrir hunangsflugur þáðan sem á að tilflytja hunangsflugurnar til annars aðildarríkis skal lögbæra yfirvaldið tryggja að slíkar starfsstöðvar uppfylli eftirfarandi kröfur sem settar eru fram í 7. hluta I viðauka:

- a) ákvæði 1. liðar í tengslum við ráðstafanir varðandi smitvarnir og eftirlit,
- b) ákvæði 2. liðar í tengslum við aðstöðu og búnað.

*14. gr.***Kröfur varðandi veitingu samþykkis fyrir sóttkvíunarstöðvum fyrir landdýr í haldi, önnur en primata**

Þegar lögbært yfirvald veitir samþykki fyrir sóttkvíunarstöðvum fyrir landdýr í haldi, önnur en primata, þáðan sem á að tilflytja þessi dýr innan sama aðildarríkis eða til annars aðildarríkis skal lögbæra yfirvaldið tryggja að slíkar starfsstöðvar uppfylli eftirfarandi kröfur sem settar eru fram í 8. hluta I viðauka:

- a) ákvæði 1. liðar í tengslum við sóttkvíun, einangrun og aðrar smitvarnarráðstafanir,
- b) ákvæði 2. liðar í tengslum við eftirlits- og varnarráðstafanir,
- c) ákvæði 3. liðar í tengslum við aðstöðu og búnað.

*15. gr.***Skyldur rekstraraðila sóttkvíunarstöðva fyrir landdýr í haldi, önnur en primata**

Rekstraraðilar sóttkvíunarstöðva fyrir landdýr í haldi, önnur en primata, sem um getur í 14. gr. skulu:

- a) koma á nauðsynlegu fyrirkomulagi til að inna af hendi skoðanir sem varða heilbrigði dýra og dýraafurða eftir dauða í viðeigandi aðstöðu í starfsstöðinni eða á rannsóknarstofu,
- b) tryggja, með samningi eða öðrum lagagerningi, þjónustu dýralæknis stöðvar sem skal bera ábyrgð á:
 - i. eftirliti með starfsemi starfsstöðvarinnar og að farið sé að kröfum vegna samþykkis sem mælt er fyrir um í 14. gr.,
 - ii. endurskoðun áætlunar um eftirlit með sjúkdómum, sem um getur í a-lið 2. liðar 8. hluta I. viðauka, þegar þörf krefur og a.m.k árlega.

*4. KAFLI****Samþykki fyrir lokuðum starfsstöðvum þáðan sem á að tilflytja landdýr innan aðildarríkis eða til annars aðildarríkis****16. gr.***Kröfur varðandi veitingu samþykkis fyrir lokuðum starfsstöðvum fyrir landdýr**

Þegar lögbært yfirvald veitir samþykki fyrir lokuðum starfsstöðvum fyrir landdýr sem á að tilflytja innan sama aðildarríkis eða til annars aðildarríkis skal lögbæra yfirvaldið tryggja að slíkar starfsstöðvar uppfylli eftirfarandi kröfur sem settar eru fram í 9. hluta I viðauka:

- a) ákvæði 1. liðar í tengslum við sóttkvíun, einangrun og aðrar smitvarnarráðstafanir,
- b) ákvæði 2. liðar í tengslum við eftirlits- og varnarráðstafanir,
- c) ákvæði 3. liðar í tengslum við aðstöðu og búnað.

*17. gr.***Skyldur rekstraraðila lokaðra starfsstöðva fyrir landdýr**

Rekstraraðilar lokaðra starfsstöðva fyrir landdýr, sem um getur í 16. gr., skulu:

- a) koma á nauðsynlegu fyrirkomulagi til að inna af hendi skoðanir sem varða heilbrigði dýra og dýraafurða eftir dauða í viðeigandi aðstöðu í starfsstöðinni eða á rannsóknarstofu,
- b) tryggja, með samningi eða öðrum lagagerningi, þjónustu dýralæknis stöðvar sem skal bera ábyrgð á:
 - i. eftirliti með starfsemi starfsstöðvarinnar og að farið sé að kröfum vegna samþykkis sem mælt er fyrir um í 16. gr.,
 - ii. endurskoðun áætlunar um eftirlit með sjúkdómum, sem um getur í a-lið 2. liðar 9. hluta I. viðauka, þegar þörf krefur og a.m.k árlega.

II. BÁLKUR

SKRÁR SEM LÖGBÆRT YFIRVALD SKAL HALDA YFIR SKRÁÐA OG SAMÞYKKTÁ FLUTNINGSADILA OG REKSTRARAÐILA STARFSSTÖÐVA*1. KAFLI**Skrár yfir starfsstöðvar, flutningsaðila og rekstraraðila sem eru skráð hjá lögbæru yfirvaldi**18. gr.***Upplýsingaskyldur lögbærs yfirvalds að því er varðar skrár yfir starfsstöðvar með landdýr í haldi og útungunarstöðvar**

Lögbært yfirvald skal, í skrá sinni yfir starfsstöðvar með landdýr í haldi og yfir útungunarstöðvar sem eru skráðar hjá lögbæra yfirvaldinu, láta eftirfarandi upplýsingar koma fram um hverja starfsstöð:

- a) einkvæmt skráningarnúmer sem henni er úthlutað,
- b) dagsetningu skráningar hjá lögbæru yfirvaldi,
- c) nafn og heimilisfang rekstraraðila starfsstöðvarinnar,
- d) heimilisfang og landhnit (breiddar- og lengdargráða) staðsetningar starfsstöðvarinnar,
- e) lýsingu á aðstöðu hennar,
- f) tegund starfsstöðvar,
- g) tegund, flokka og fjölda landdýra eða útungunareggja sem eru á starfsstöðinni,
- h) tímabilið sem dýrin eða útungunareggjin eru í starfsstöðinni ef hún er ekki alltaf í rekstri, þ.m.t. upplýsingar um árstíðabundinn rekstur eða rekstur í sérstökum tilvikum,
- i) heilbrigðisástand starfsstöðvarinnar, ef lögbært yfirvald hefur úthlutað henni heilbrigðisástandi,
- j) takmarkanir á tilflutningi á dýrum, útungunareggjum eða afurðum til og frá starfsstöðinni ef lögbært yfirvald beitir slíkum takmörkunum,
- k) dagsetningu þegar starfsemin er stöðvuð ef rekstraraðilinn hefur upplýst lögbært yfirvald um það.

*19. gr.***Upplýsingaskyldur lögbærs yfirvalds að því er varðar skrár yfir flutningsaðila fyrir hóf- og klaufdýr, hunda, ketti og frettur og alifugla í haldi**

1. Lögbært yfirvald skal, í skrá sinni yfir flutningsaðila sem stunda flutninga á hóf- og klaufdýrum, hundum, köttum, frettum og alifuglum í haldi milli aðildarríkjanna eða milli aðildarríkis og þriðja lands og eru skráðir hjá lögbæra yfirvaldinu, láta fylgja eftirfarandi upplýsingar um hvern flutningsaðila:

- a) einkvæmt skráningarnúmer sem henni er úthlutað,

- b) dagsetningu skráningar hjá lögbæru yfirvaldi,
 - c) nafn og heimilisfang rekstraraðila,
 - d) tegund sem fyrirhugað er að flytja,
 - e) tegund flutnings,
 - f) flutningatæki,
 - g) dagsetningu þegar starfsemin er stöðvuð ef rekstraraðilinn hefur upplýst lögbært yfirvald um það.
2. Að því er varðar sérhvern flutningsaðila hóf- og klaufdýra, hunda, katta og fretta í haldi, eins og um getur í 1. mgr., skal lögbært yfirvald láta upplýsingar um fjölda dýra, sem fyrirhugað er að flytja, koma fram í skrá sinni yfir flutningsaðila.
3. Að því er varðar sérhvern flutningsaðila alifugla, eins og um getur í 1. mgr., skal lögbært yfirvald láta upplýsingar um flokka alifugla, sem fyrirhugað er að flytja, koma fram í skrá sinni yfir flutningsaðila.

20. gr.

Upplýsingaskyldur lögbærs yfirvalds að því er varðar skrár yfir rekstraraðila sem annast samsöfnun hóf- og klaufdýra og alifugla í haldi, óháð starfsstöð

Lögbært yfirvald skal, í skrá sinni yfir rekstraraðila sem annast samsöfnun á hóf- og klaufdýrum og alifuglum í haldi sem eru skráðir hjá lögbæra yfirvaldinu, óháð starfsstöð, þ.m.t. þeir sem kaupa og selja þessi dýr, láta eftirfarandi upplýsingar koma fram um hvern rekstraraðila:

- a) einkvæmt skráningarnúmer sem honum er úthlutað,
- b) dagsetningu skráningar hjá lögbæru yfirvaldi,
- c) nafn og heimilisfang rekstraraðila,
- d) tegundir og flokka hóf- og klaufdýra og alifugla í haldi sem á að safna saman,
- e) dagsetningu þegar starfsemin er stöðvuð ef rekstraraðilinn hefur upplýst lögbært yfirvald um það.

2. KAFLI

Skrár yfir starfsstöðvar sem lögbært yfirvald hefur samþykkt

21. gr.

Upplýsingaskyldur lögbærs yfirvalds að því er varðar skrár yfir samþykktar starfsstöðvar

Lögbært yfirvald skal, í skrá sinni yfir samþykktar starfsstöðvar sem um getur í 2., 3. og 4. kafla I. bóls II. hluta, láta eftirfarandi upplýsingar koma fram um hverja starfsstöð:

- a) einkvæmt samþykkisnúmer sem lögbært yfirvald úthlutar,
- b) dagsetningu samþykkis sem lögbært yfirvald hefur veitt eða dagsetningu tímabundinnar sviptingar eða afturköllunar slíks samþykkis,
- c) nafn og heimilisfang rekstraraðila,
- d) heimilisfang og landhnit (breiddar- og lengdargráða) staðsetningar starfsstöðvarinnar,
- e) lýsingu á aðstöðu hennar,
- f) tegund starfsstöðvar,
- g) tegund, flokka og fjölda landdýra eða útungunareggja eða dagsgamalla unga sem eru í haldi á starfsstöðinni,
- h) tímabilið sem dýrin eru í haldi í starfsstöðinni ef hún er ekki alltaf í rekstri, þ.m.t. upplýsingar um árstíðabundinn rekstur eða rekstur í sérstökum tilvikum,
- i) heilbrigðisástand sem starfsstöðinni er úthlutað, ef lögbært yfirvald hefur úthlutað henni heilbrigðisástandi,

- j) takmarkanir sem lögbært yfirvald hefur sett á tilflutning á dýrum eða kímefnum til og frá starfsstöðinni ef slíkar takmarkanir hafa verið settar,
- k) dagsetningu þegar starfsemin er stöðvuð ef rekstraraðilinn hefur upplýst lögbært yfirvald um það.

III. BÁLKUR

SKYLDUR REKSTRARAÐILA TIL AÐ HALDA SKRÁR TIL VIÐBÓTAR VIÐ ÞÆR SEM KVEÐIÐ ER Á UM Í REGLUGERÐ (ESB) 2016/429

1. KAFLI

Rekstraraðilar starfsstöðva sem lögbært yfirvald hefur skráð eða samþykkt

22. gr.

Skyldur rekstraraðila allra starfsstöðva, sem eru með landdýr í haldi, til að halda skrár

Rekstraraðilar allra skráðra eða samþykktra starfsstöðva sem eru með landdýr í haldi skulu skrá eftirfarandi upplýsingar:

- a) auðkenniskóða sérhvers dýrs sem er auðkennt, sem kemur fram á auðkenningunni þegar hún er sett á, sem er í haldi á starfsstöðinni,
- b) einkvæmt skráningar- eða samþykkisnúmer upprunastarfsstöðvar dýranna ef þau eru upprunnin í annarri starfsstöð,
- c) einkvæmt skráningar- eða samþykkisnúmer viðtökustarfsstöðvar dýranna ef þau eiga að fara á aðra starfsstöð.

23. gr.

Skyldur rekstraraðila starfsstöðva, sem eru með nautgripi, sauðfé, geitur og svín í haldi, til að halda skrár

1. Rekstraraðilar skráðra starfsstöðva sem eru með nautgripi, sauðfé, geitur og svín í haldi skulu skrá eftirfarandi upplýsingar varðandi þessi dýr:
 - a) fæðingardag og -ár fyrir hvert dýr sem er í haldi á starfsstöðinni,
 - b) dagsetningu dauða af eðlilegum orsökum, slátrunar eða taps fyrir hvert dýr á starfsstöðinni,
 - c) tegund rafræns kennimerkis eða húðflúrs og hvar það er sett, ef það er sett á dýrið,
 - d) upprunalegan auðkenniskóða fyrir hvert auðkennt dýr ef slíkum kóða hefur verið breytt og ástæðuna fyrir þessari breytingu.
2. Rekstraraðilar starfsstöðva, sem eru með sauðfé og geitur í haldi, skulu skrá upplýsingarnar, sem um getur í a-lið 1. mgr., með því að gefa upp fæðingarár fyrir hvert slíkt dýr sem er í haldi á starfsstöðinni.
3. Rekstraraðilar starfsstöðva sem eru með svín í haldi skulu undanþegnir því að skrá upplýsingarnar sem um getur í a-lið 1. mgr.
4. Ef sauðfé, geitur eða svín, sem eru í haldi á starfsstöðinni, eru einungis auðkennd með einkvæmu auðkennisnúmeri starfsstöðvarinnar þar sem þau fæddust skulu rekstraraðilar starfsstöðvanna skrá upplýsingarnar, sem um getur í 1. mgr., fyrir hvern hóp dýra sem er með sama einkvæmu auðkennisnúmer starfsstöðvarinnar þar sem þau fæddust og heildarfjölda dýranna í þeim hópi.
5. Ef svín, sem eru í haldi á starfsstöð, eru ekki auðkennd í samræmi við 53. gr. skulu rekstraraðilar starfsstöðvanna:
 - a) ekki vera skyldugir til að skrá upplýsingarnar sem um getur í 1. mgr.,
 - b) skrá, fyrir hvern hóp dýra sem er tilfluttur frá starfsstöð þeirra, upplýsingarnar sem um getur í b-lið 1. mgr. 102. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429 og heildarfjölda dýra í þeim hópi.

*24. gr.***Skyldur rekstraraðila starfsstöðva, sem eru með dýr af hestaætt í haldi, til að halda skrár**

Rekstraraðilar skráðra starfsstöðva sem eru með dýr af hestaætt í haldi skulu skrá eftirfarandi upplýsingar fyrir hvert dýr af hestaætt í haldi:

- a) einkvæman kóða,
- b) fæðingardag og -ár á starfsstöðinni,
- c) dagsetningu dauða af eðlilegum orsökum, taps eða slátrunar á starfsstöðinni.

*25. gr.***Skyldur rekstraraðila starfsstöðva sem halda alifugla og eru með fugla í haldi til að halda skrár**

Rekstraraðilar skráðra eða samþykktara starfsstöðva sem halda alifugla og rekstraraðilar starfsstöðva sem eru með fugla í haldi skulu skrá eftirfarandi upplýsingar:

- a) afurðasemi alifugla,
- b) sjúkdomstíðni alifugla og fugla í haldi á starfsstöðinni ásamt upplýsingum sem varða orsökina.

*26. gr.***Skyldur rekstraraðila starfsstöðva sem eru með hunda, ketti og frettur í haldi til að halda skrár**

Rekstraraðilar skráðra starfsstöðva sem eru með hunda, ketti og frettur í haldi skulu skrá eftirfarandi upplýsingar um sérhvert dýr:

- a) fæðingardag og -ár,
- b) dagsetninguna ef það drepst eða tapast á starfsstöðinni.

*27. gr.***Skyldur rekstraraðila starfsstöðva sem halda býflugur til að halda skrár**

Rekstraraðilar skráðra starfsstöðva sem halda býflugur skulu skrá, fyrir hvern býgarð, nánari upplýsingar um flutning býkúpanna til bráðabirgða, ef um slíkt er að ræða, sem hafa að geyma upplýsingar um a.m.k. upphafs- og lokadag hvers flutnings og fjölda býkúpa sem er tilfluttur.

*28. gr.***Skyldur rekstraraðila farandfjölleikahúsa og dýrasýninga til að halda skrár**

Rekstraraðilar skráðra farandfjölleikahúsa og dýrasýninga skulu skrá eftirfarandi upplýsingar um sérhvert dýr:

- a) dagsetninguna ef dýr drepst eða tapast á starfsstöðinni,
- b) nafn og heimilisfang rekstraraðila sem ber ábyrgð á dýrunum eða eiganda gæludýrsins,
- c) nánari upplýsingar um tilflutninga farandfjölleikahúsa og dýrasýninga.

*29. gr.***Skyldur rekstraraðila dýraathvarfa fyrir hunda, ketti og frettur til að halda skrár**

Rekstraraðilar samþykktara dýraathvarfa fyrir hunda, ketti og frettur skulu skrá eftirfarandi upplýsingar um sérhvert dýr:

- a) áætlaðan aldur og kyn, ræktunarafrbrigði eða lit á feldi,

- b) dagsetningu ísetningar eða dagsetningu álestrar á stunguörmerkinu,
- c) athuganir sem gerðar voru á dýrum sem komu inn á einangrunartímabilinu,
- d) dagsetninguna ef það drepst eða tapast á starfsstöðinni.

30. gr.

Skyldur rekstraraðila eftirlitsstöðva til að halda skrár

Rekstraraðilar samþykktra eftirlitsstöðva skulu skrá skráningarmerki ökutækis eða skráningarnúmer flutningatækis sem dýrin eru affermd af og einkvæmt skráningarnúmer flutningsaðila ef það liggur fyrir.

31. gr.

Skyldur rekstraraðila sóttkvíunarstöðva fyrir landdýr í haldi, önnur en primata, til að halda skrár

Rekstraraðilar samþykktra sóttkvíunarstöðva fyrir landdýr í haldi, önnur en primata, skulu skrá eftirfarandi upplýsingar:

- a) áætlaðan aldur og kyn dýranna sem eru í haldi á starfsstöðinni,
- b) skráningarmerki ökutækis eða skráningarnúmer flutningatækis sem dýrin eru affermd af og sett á og einkvæmt skráningarnúmer flutningsaðila ef það liggur fyrir,
- c) nánari upplýsingar um framkvæmd og niðurstöður áætlunar um eftirlit með sjúkdómum sem kveðið er á um í a-lið 2. liðar 8. hluta I. viðauka,
- d) niðurstöður úr klínískum prófunum og prófunum á rannsóknarstofu og úr prófunum eftir dauða sem kveðið er á um í b-lið 2. liðar 8. hluta I. viðauka,
- e) nánari upplýsingar um bólusetningu og meðferð smitnæmra dýra sem kveðið er á um í c-lið 2. liðar 8. hluta I. viðauka,
- f) leiðbeiningar lögbærs yfirvalds, ef einhverjar eru, að því er varðar athuganir sem gerðar eru á sérhverju einangrunar- eða sóttkvíunartímabili.

32. gr.

Skyldur rekstraraðila lokaðra starfsstöðva til að halda skrár

Rekstraraðilar samþykktra lokaðra starfsstöðva skulu skrá eftirfarandi viðbótarupplýsingar:

- a) áætlaðan aldur og kyn dýranna sem eru í haldi á starfsstöðinni,
- b) skráningarmerki ökutækis eða skráningarnúmer flutningatækis sem dýrin eru affermd af og sett á og einkvæmt skráningarnúmer flutningsaðila ef það liggur fyrir,
- c) nánari upplýsingar um framkvæmd og niðurstöður áætlunar um eftirlit með sjúkdómum sem kveðið er á um í a-lið 2. liðar 9. hluta I. viðauka,
- d) niðurstöður úr klínískum prófunum, prófunum á rannsóknarstofu og úr skoðunum eftir dauða sem kveðið er á um í b-lið 2. liðar 9. hluta I. viðauka,
- e) nánari upplýsingar um bólusetningu og meðferð smitnæmra dýra sem kveðið er á um í c-lið 2. liðar 9. hluta I. viðauka,
- f) nánari upplýsingar um einangrun eða sóttkvíun dýra sem koma inn, leiðbeiningar lögbærs yfirvalds, ef einhverjar eru, að því er varðar einangrun og sóttkvíun og athuganir sem gerðar eru á sérhverju einangrunar- eða sóttkvíunartímabili.

*2. KAFLI**Útungunarstöðvar**33. gr.***Skyldur rekstraraðila útungunarstöðva til að halda skrár**

Rekstraraðilar skráðra eða samþykktara útungunarstöðva skulu skrá eftirfarandi upplýsingar fyrir hvern hóp:

- a) tegund og fjölda dagsgamalla unga eða nýklakinnna unga af öðrum tegundum eða útungunareggja í útungunarstöðinni,
- b) tilflutninga á dagsgömlum ungum, nýklöktum ungum af öðrum tegundum og útungunareggjum inn í og út úr starfsstöð þeirra þar sem fram kemur, eins og við á:
 - i. upprunastaður þeirra eða fyrirhugaður viðtökustaður, þ.m.t. einkvæmt skráningar- eða samþykkisnúmer starfsstöðvarinnar eins og við á,
 - ii. dagsetningar slíkra tilflutninga,
- c) fjölda eggja í klaki sem hafa ekki ungast út og fyrirhugaðan viðtökustað þeirra, þ.m.t. einkvæmt skráningar- eða samþykkisnúmer starfsstöðvarinnar eins og við á,
- d) afrakstur útungunar,
- e) nánari upplýsingar um allar áætlanir um bólusetningu.

*3. KAFLI**Flutningsaðilar sem eru skráðir hjá lögbæru yfirvaldi**34. gr.***Skyldur skráðra flutningsaðila fyrir landdýr í haldi til að halda skrár**

Skráðir flutningsaðilar skulu skrá eftirfarandi viðbótarupplýsingar fyrir hvert flutningatæki sem er notað til að flytja landdýr í haldi:

- a) skráningarmerki ökutækis eða skráningarnúmer,
- b) dagsetningar og tíma fermingar dýranna í upprunastarfsstöðinni,
- c) heiti, heimilisfang og einkvæmt skráningar- eða samþykkisnúmer hvernar starfsstöðvar sem er heimsótt,
- d) dagsetningar og tími affermingar dýranna í viðtökustarfsstöðinni,
- e) dagsetningar og staðir hreinsunar, sóthreinsunar og meindýraeyðingar í flutningatækinu,
- f) tilvísunarnúmer skjala sem fylgja dýrunum.

*4. KAFLI**Rekstraraðilar sem annast samsöfnun**35. gr.***Skyldur rekstraraðila starfsstöðva fyrir samsöfnun hóf- og klaufdýra og alifugla í haldi til að halda skrár**

Rekstraraðilar skráðra eða samþykktara starfsstöðva fyrir samsöfnun hóf- og klaufdýra og alifugla í haldi skulu skrá eftirfarandi upplýsingar:

- a) dagsetninguna ef dýr drepast eða tapast á starfsstöðinni,
- b) skráningarmerki ökutækis eða skráningarnúmer flutningatækis sem dýrin eru affermd af eða sett á og einkvæmt skráningarnúmer flutningsaðila þessara dýra ef það liggur fyrir,
- c) tilvísunarnúmer skjala sem krafist er að fylgi dýrunum.

*36. gr.***Skyldur rekstraraðila sem annast samsöfnun hóf- og klaufdýra og alifugla í haldi, óháð starfsstöð, til að halda skrár**

Skráðir rekstraraðilar sem annast samsöfnun hóf- og klaufdýra og alifugla í haldi, óháð starfsstöð, skulu skrá eftirfarandi upplýsingar um hvert dýr sem á að festa kaup á:

- a) einkvæmt samþykkis- eða skráningarnúmer starfsstöðvar fyrir samsöfnun sem dýrið fór í gegnum eftir að það fór af upprunastarfsstöðinni og áður en það var keypt, ef það liggur fyrir,
- b) kaupdag og -ár,
- c) nafn og heimilisfang kaupanda dýrsins,
- d) skráningarmerki eða skráningarnúmer flutningatækis sem dýrin eru affermd af eða sett á og einkvæmt skráningarnúmer flutningsaðila ef það liggur fyrir,
- e) tilvísunarnúmer skjala sem krafist er að fylgi dýrunum.

*37. gr.***Skyldur rekstraraðila söfnunarstöðva fyrir hunda, ketti og frettur til að halda skrár**

Rekstraraðilar samþykktra söfnunarstöðva fyrir hunda, ketti og frettur skulu skrá skráningarmerki ökutækis eða skráningarnúmer flutningatækis sem dýrin eru affermd af eða sett á og einkvæmt skráningarnúmer flutningsaðila ef það liggur fyrir.

III. HLUTI

REKJANLEIKI LANDDÝRA Í HALDI OG ÚTUNGUNAREGGJA

I. BÁLKUR

REKJANLEIKI NAUTGRIPA Í HALDI

1. KAFLI

Merki og aðferðir til auðkenningar*38. gr.***Skyldur rekstraraðila sem eru með nautgripi í haldi að því er varðar merki og aðferðir til að auðkenna nautgripi í haldi, beitingu þeirra og notkun**

1. Rekstraraðilar sem eru með nautgripi í haldi skulu tryggja að nautgripirnir séu auðkenndir hver fyrir sig með hefðbundnu eyrnamerki, eins og um getur í a-lið III. viðauka, sem:
 - a) verða að vera fest í bæði eyrun á dýrinu og auðkenniskóði dýrsins birtist sýnilega og læsilega á auðkenningunni og er óafmáanlegur,
 - b) verður að setja á nautgripina á starfsstöðinni þar sem dýrin fæddust,
 - c) má ekki fjarlægja, breyta eða skipta um án leyfis lögbærs yfirvalds í aðildarríkinu þar sem nautgripirnir eru í haldi.
2. Rekstraraðilum sem eru með nautgripi í haldi er heimilt að skipta út:
 - a) öðru hefðbundna eyrnamerkinu, sem um getur í 1. mgr., fyrir rafrænt kennimerki sem lögbært yfirvald í aðildarríkinu þar sem nautgripirnir eru í haldi hefur samþykkt
 - b) báðum hefðbundnu eyrnamerkjunum, sem um getur í 1. mgr., fyrir rafrænt kennimerki sem lögbært yfirvald í aðildarríkinu þar sem nautgripirnir eru í haldi hefur samþykkt í samræmi við undanþágurnar sem kveðið er á um í 1. mgr. 39. gr.

*39. gr.***Undanþágur sem lögbært yfirvald veitir rekstraraðilum lokaðra starfsstöðva og rekstraraðilum sem eru með nautgripi í haldi í menningarlegum eða sögulegum tilgangi, til afþreyingar, í vísindaskyni eða til íþróttanna frá því að auðkenna þá**

1. Lögbæru yfirvaldi er heimilt að veita rekstraraðilum lokaðra starfsstöðva og rekstraraðilum sem eru með nautgripi í haldi í menningarlegum eða sögulegum tilgangi, til afþreyingar, í vísindaskyni eða til íþróttanna undanþágu frá kröfunum um auðkenningu nautgripa sem kveðið er á um í a-lið 1. mgr. 38. gr.

2. Þegar lögbært yfirvald veitir undanþágur, eins og kveðið er á um í 1. mgr., skal lögbæra yfirvaldið tryggja að það samþykki a.m.k. eina af auðkenningunum, sem eru tilgreindar í d- og e-lið III. viðauka, til þess að auðkenna nautgripi sem eru í haldi hjá rekstraraðilum sem njóta undanþágu í samræmi við 1. mgr. þessarar greinar.

Lögbært yfirvald skal koma á málsmeðferðarreglum sem rekstraraðilar skulu fylgja þegar þeir fara fram á undanþágu eins og kveðið er á um í 1. mgr. þessarar greinar.

*40. gr.***Sérákvæði varðandi auðkenningu nautgripa af ræktunarafríðum sem eru ræktuð sérstaklega fyrir menningar- og íþróttaviðburði**

Lögbæru yfirvaldi er heimilt að leyfa rekstraraðilum, sem eru með í haldi nautgripi af ræktunarafríðum sem eru ræktuð sérstaklega fyrir menningar- og íþróttaviðburði, að auðkenna þessi dýr hvert fyrir sig með annars konar auðkenningu sem lögbæra yfirvaldið hefur heimilað eftir að hefðbundið eyrnamerki, sem um getur í a-lið 1. mgr. 38. gr., hefur verið fjarlæggt, að því tilskildu að ótvíræðri tengingu milli auðkennna dýrsins og auðkenniskóða þess sé viðhaldið.

*41. gr.***Útskipti á hefðbundnu eyrnamerki fyrir nautgripi í haldi eins og um getur í 1. mgr. 38. gr.**

1. Aðildarríkjum er heimilt að leyfa, að því er varðar alla flokka eða sérstaka flokka nautgripa sem eru í haldi á yfirráðasvæði þeirra, að í stað eins af hefðbundnu eyrnamerkjunum, sem um getur í a-lið 1. mgr. 38. gr., komi ein af auðkenningunum sem eru tilgreindar í c-, d- og e-lið III. viðauka.

2. Aðildarríkin skulu tryggja að auðkenningin, sem er tilgreind í a-, c-, d- og e-lið III. viðauka, uppfylli eftirfarandi kröfur:

- a) auðkenniskóði dýrsins birtist sýnilega,
- b) lögbært yfirvald aðildarríkisins þar sem nautgripirnir eru í haldi hefur samþykkt hana.

3. Aðildarríkin skulu koma á málsmeðferðarreglum vegna eftirfarandi:

- a) umsókna frá framleiðendum um samþykki fyrir auðkenningum á nautgripi sem eru í haldi á yfirráðasvæði þeirra,
- b) umsókna frá rekstraraðilum, sem eru með nautgripi í haldi, um að fá úthlutað auðkenningu fyrir starfsstöð sína.

4. Aðildarríki skal koma á fót skrá yfir ræktunarafríði nautgripa, sem eru ræktuð sérstaklega fyrir menningar- og íþróttaviðburði, sem eru í haldi á yfirráðasvæði þess og gera skrána aðgengilega almenningi.

*2. KAFLI****Tölvugagnagrunnur****42. gr.***Reglur um upplýsingar í tölvugagnagrunni yfir nautgripi í haldi**

Lögbært yfirvald skal geyma upplýsingarnar sem um getur í a-lið 1. mgr. 109. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429, sem varða hvern nautgrip í haldi, í tölvugagnagrunni í samræmi við eftirfarandi reglur:

- a) skrá verður auðkenniskóða dýrsins,

- b) ef rafrænt kennimerki er sett á nautgrip verður að skrá tegund þess eins og tilgreint er í c-, d- og e-lið III. viðauka,
- c) skrá verður eftirfarandi upplýsingar um starfsstöðvar sem eru með nautgripi í haldi:
 - i. einkvæmt skráningarnúmer sem henni er úthlutað,
 - ii. nafn og heimilisfang rekstraraðila starfsstöðvarinnar,
- d) skrá verður eftirfarandi upplýsingar um hvern tilflutning á nautgripum inn í og út úr starfsstöðinni:
 - i. einkvæmt skráningarnúmer uppruna- og viðtökustarfsstöðva,
 - ii. dagsetning komu,
 - iii. dagsetning brottfarar,
- e) skrá verður dagsetningu dauða af eðlilegum orsökum eða taps eða slárunar nautgripa á starfsstöðinni.

43. gr.

Reglur um skipti á rafrænum gögnum milli tölvugagnagrunna aðildarríkja að því er varðar nautgripi

1. Aðildarríki skulu tryggja að tölvugagnagrunnar þeirra, að því er varðar nautgripi, uppfylli eftirfarandi kröfur:
 - a) þeir eru öruggir í samræmi við gildandi landslög,
 - b) þeir innihalda að lágmarki uppfærðu upplýsingarnar sem kveðið er á um í 42. gr.
2. Aðildarríki skulu tryggja að tölvugagnagrunnum þeirra sé stjórnað af upplýsingakerfi sem getur notað og stjórnað fullgildum rafrænum undirskriftum við skipti á skilaboðum til að tryggja að þeim sé ekki hafnað, að því er varðar:
 - a) ósvikni skilaboða sem skipst er á þannig að trygging fyrir uppruna skilaboðanna sé látin í té,
 - b) heilleika skilaboða sem skipst er á þannig að trygging fyrir því að skilaboðunum hafi hvorki verið breytt né þau skemmd sé látin í té,
 - c) tímaháðar upplýsingar í skilaboðum sem skipst er á þannig að trygging fyrir því að þau hafi verið send á tilteknum tíma sé látin í té.
3. Aðildarríki skulu, án ástæðulausrar tafar en í öllum tilvikum innan 24 klukkustunda frá því að þeim verður það ljóst, tilkynna aðildarríkinu, sem skiptum á rafrænum gögnum hefur verið komið á við, um hvers konar öryggisrof eða ef heilleiki glatast sem hefur veruleg áhrif á gildi gagnanna eða á persónuupplýsingar í þeim.

3. KAFLI

Auðkennisskírteini

44. gr.

Auðkennisskírteini nautgripa í haldi

Auðkennisskírteini nautgripa í haldi, sem kveðið er á um í b-lið 112. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429, skal innihalda eftirfarandi upplýsingar:

- a) upplýsingarnar sem kveðið er á um í a- til d-lið 42. gr.,
- b) fæðingardag og -ár fyrir hvert dýr,
- c) heiti lögbærs útgáfufirvalds eða útgáfuaðila sem falið var þetta verkefni,
- d) útgáfudag.

II. BÁLKUR

REKJANLEIKI SAUÐFJÁR OG GEITA Í HALDI

1. KAFLI

Merki og aðferðir til auðkenningar

45. gr.

Skyldur rekstraraðila með sauðfé og geitur í haldi að því er varðar merki og aðferðir til að auðkenna þessi dýr, beitingu þeirra og notkun

1. Rekstraraðilar sem eru með sauðfé og geitur í haldi, sem fyrirhugað er að tilflytja beint á sláturhús fyrir 12 mánaða aldur, skulu tryggja að hvert slíkt dýr sé auðkennt a.m.k. með hefðbundnu eyrnamerki, sem er fest á eyra dýrsins, eða hefðbundnu bandi um kjúkuna eins og tilgreint er í a- eða b-lið III. viðauka þar sem birtist, sýnilega og læsilega á auðkenningunni og er óafmáanlegt, annaðhvort:

a) einkvæmt skráningarnúmer starfsstöðvarinnar þar sem dýrið fæddist,

eða

b) auðkenniskóði dýrsins.

2. Rekstraraðilar sem eru með sauðfé og geitur í haldi, sem ekki er fyrirhugað að flytja beint í sláturhús fyrir 12 mánaða aldur, skulu tryggja að hvert slíkt dýr sé auðkennt hvert fyrir sig sem hér segir:

a) með hefðbundnu eyrnamerki, eins og tilgreint er í a-lið III. viðauka, þar sem auðkenniskóði dýrsins birtist sýnilega og læsilega og er óafmáanlegur,

og

b) með einni af auðkenningunum sem eru tilgreindar í c- til f-lið III. viðauka, sem lögbært yfirvald aðildarríkisins þar sem sauðféð og geiturnar eru í haldi hefur samþykkt, þar sem auðkenniskóði dýrsins birtist læsilega og er óafmáanlegur.

3. Rekstraraðilar sem eru með sauðfé og geitur í haldi skulu tryggja að:

a) auðkenning sé sett á sauðfé og geitur á starfsstöðinni þar sem dýrin fæddust,

b) engar auðkenningar séu fjarlægðar, þeim breytt eða skipt um þær án leyfis lögbærs yfirvalds.

4. Rekstraraðilum sem eru með sauðfé og geitur í haldi er heimilt að skipta út:

a) einni af þeim auðkenningum, sem um getur í 2. mgr., í samræmi við undanþágurnar sem kveðið er á um í 1., 2., 3. og 4. mgr. 46. gr.,

b) báðum auðkenningunum, sem um getur í 2. mgr. þessarar greinar, fyrir rafrænt kennimerki sem lögbært yfirvald í aðildarríkinu þar sem sauðféð og geiturnar eru í haldi hefur samþykkt í samræmi við undanþágurnar sem kveðið er á um í 1. mgr. 47. gr.

46. gr.

Undanþágur frá kröfunum sem mælt er fyrir um í 45. gr. að því er varðar merki og aðferðir til að auðkenna sauðfé og geitur í haldi, beitingu þeirra og notkun

1. Þrátt fyrir kröfuna sem mælt er fyrir um í a-lið 2. mgr. 45. gr. skulu rekstraraðilar sem eru með sauðfé og geitur í haldi, sem tilheyra dýrastofnum sem eru með of lítil eyru þegar þau fæðast til að unnt sé að festa á þau hefðbundið eyrnamerki eins og tilgreint er í a-lið III. viðauka, tryggja að slík dýr séu auðkennd hvert fyrir sig með hefðbundnu bandi um kjúkuna, eins og tilgreint er í b-lið sama viðauka, þar sem auðkenniskóði dýrsins birtist sýnilega og læsilega og er óafmáanlegur.

2. Þrátt fyrir kröfuna sem mælt er fyrir um í a-lið 2. mgr. 45. gr. er rekstraraðilum sem eru með sauðfé og geitur í haldi, sem ekki er fyrirhugað að tilflytja til annars aðildarríkis, heimilt að skipta út hefðbundnu eyrnamerki, eins og tilgreint er í a-lið III. viðauka, fyrir húðflúr eins og tilgreint er í g-lið sama viðauka þar sem auðkenniskóði dýrsins birtist sýnilega og læsilega á auðkenningunni og er óafmáanlegur, að því tilskildu að lögbært yfirvald hafi heimilað notkun á vambarstaut eins og tilgreint er í d-lið sama viðauka.

3. Þrátt fyrir b-lið 2. mgr. 45. gr. er rekstraraðilum sem eru með sauðfé og geitur í haldi, sem ekki er fyrirhugað að tilflytja til annars aðildarríkis, og rekstraraðilum sem eru með sauðfé og geitur í haldi sem eru undanþegnir því að setja á þau rafrænt kennimerki í samræmi við 48. gr. heimilt að skipta út rafrænu kennimerki fyrir húðflúr, eins og tilgreint er í g-lið III. viðauka, þar sem auðkenniskóði dýrsins birtist sýnilega og læsilega á auðkenningunni og er óafmáanlegur.

4. Þrátt fyrir 2. mgr. 45. gr. er rekstraraðilum sem eru með sauðfé og geitur í haldi sem fyrirhugað er að flytja í sláturhús, annaðhvort eftir samsöfnun eða eftir eldi í annarri starfsstöð, heimilt að auðkenna hvert dýr með a.m.k. rafrænu eyrnamerki, eins og tilgreint er í c-lið III. viðauka, sem er fest á eyra dýrsins þar sem einkvæmt skráningarnúmer starfsstöðvarinnar þar sem dýrið fæddist birtist sýnilega og læsilega og er óafmáanlegt og þar sem auðkenniskóði dýrsins birtist læsilega og er óafmáanlegur að því tilskildu að þessi dýr:

a) séu ekki ætluð til flutnings til annars aðildarríkis,

og

b) fari til slátrunar áður en þau verða 12 mánaða gömul.

47. gr.

Undanþágur frá kröfunum í 2. mgr. 45. gr. að því er varðar rekstraraðila lokaðra starfsstöðva og þá sem eru með dýr í haldi í menningarlegum tilgangi, til afþreyingar eða í vísindaskyni

1. Lögbæru yfirvaldi er heimilt að veita rekstraraðilum lokaðra starfsstöðva og rekstraraðilum sem eru með sauðfé og geitur í haldi í menningarlegum tilgangi, til afþreyingar eða í vísindaskyni undanþágu frá kröfunum um auðkenningu í 2. mgr. 45. gr. með fyrirvara um skilyrðin sem mælt er fyrir um í 2. mgr. þessarar greinar.

2. Lögbært yfirvald skal tryggja að það hafi leyft annaðhvort vambarstaut, eins og tilgreint er í d-lið III. viðauka, eða stunguörmerki, eins og tilgreint er í e-lið í sama III. viðauka, til að auðkenna sauðféð og geiturnar, sem um getur í 1. mgr., og að slík leyfð auðkenning uppfylli kröfurnar sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 48. gr.

Lögbært yfirvald skal koma á málsmeðferðarreglum sem rekstraraðilar skulu fylgja þegar þeir fara fram á undanþágu eins og kveðið er á um í 1. mgr. þessarar greinar.

48. gr.

Undanþágur aðildarríkja frá kröfunum í 2. mgr. 45. gr. og skyldur aðildarríkjanna að því er varðar auðkenningar

1. Þrátt fyrir b-lið 2. mgr. 45. gr. er aðildarríkjum heimilt að leyfa að rekstraraðilar, sem eru með sauðfé eða geitur í haldi, skipti út auðkenningu sem er tilgreind í c- til f-lið III. viðauka fyrir hefðbundið eyrnamerki eða hefðbundið band um kjúkuna eins og tilgreint er í a- eða b-lið í sama viðauka að eftirfarandi skilyrðum uppfylltum:

a) heildarfjöldi sauðfjár og geita í haldi á yfirráðasvæði þess fer ekki yfir 600 000 samkvæmt skráningu í tölvugagnagrunni,

og

b) sauðfé og geitur í haldi eru ekki ætluð til flutnings til annars aðildarríkis.

2. Þrátt fyrir b-lið 2. mgr. 45. gr. er aðildarríkjum heimilt að leyfa að rekstraraðilar, sem eru með geitur í haldi, skipti út auðkenningu sem er tilgreind í c- til f-lið III. viðauka fyrir hefðbundið eyrnamerki eða hefðbundið band um kjúkuna eins og tilgreint er í a- eða b-lið sama viðauka að eftirfarandi skilyrðum uppfylltum:

a) heildarfjöldi geita í haldi á yfirráðasvæði þess fer ekki yfir 160 000 samkvæmt skráningu í tölvugagnagrunni,

og

b) geitur í haldi eru ekki ætlaðar til flutnings til annars aðildarríkis.

3. Aðildarríki skal tryggja að auðkenningin, sem er tilgreind í a- til f-lið III. viðauka, uppfylli eftirfarandi kröfur:
 - a) auðkenniskóði dýrsins birtist sýnilega,
 - b) lögbært yfirvald aðildarríkisins þar sem sauðféð eða geiturnar eru í haldi hefur samþykkt hana.
4. Aðildarríkin skulu koma á málsmeðferðarreglum vegna umsókna frá:
 - a) framleiðendum um samþykki fyrir auðkenningum á sauðfé og geitur sem eru í haldi á yfirráðasvæði þeirra,
 - b) rekstraraðilum um að fá úthlutað auðkenningu á sauðfé og geitur fyrir starfsstöð sína.

2. KAFLI

Tölvugagnagrunnur

49. gr.

Reglur um upplýsingar í tölvugagnagrunni yfir sauðfé og geitur í haldi

Lögbært yfirvald skal geyma upplýsingarnar sem um getur í b-lið 1. mgr. 109. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429, að því er varðar sauðfé og geitur í haldi, í tölvugagnagrunni í samræmi við eftirfarandi reglur:

- a) skrá verður eftirfarandi upplýsingar um starfsstöðvar sem eru með þessi dýr í haldi:
 - i. einkvæmt skráningarnúmer sem henni er úthlutað,
 - ii. nafn og heimilisfang rekstraraðila starfsstöðvarinnar,
- b) skrá verður eftirfarandi upplýsingar um hvern tilflutning á þessum dýrum inn í og út úr starfsstöðinni:
 - i. heildarfjöldi dýra,
 - ii. einkvæmt skráningarnúmer uppruna- og viðtökustarfsstöðva þeirra,
 - iii. dagsetning komu,
 - iv. dagsetning brottfarar.

3. KAFLI

Flutningsskjal

50. gr.

Flutningsskjal fyrir sauðfé og geitur í haldi sem á að tilflytja innan yfirráðasvæðis aðildarríkis

Flutningsskjal, eins og kveðið er á um í b-lið 1. mgr. 113. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429, fyrir sauðfé og geitur í haldi sem á að tilflytja innan yfirráðasvæðis eins aðildarríkis skal innihalda eftirfarandi upplýsingar:

- a) einstaklingsbundinn auðkenniskóði dýrsins eða einkvæmt skráningarnúmer starfsstöðvarinnar þar sem dýrið fæddist, eins og fram kemur á auðkenningunni,
- b) tegund rafræns kennimerkis, eins og tilgreint er í c- til f-lið III. viðauka, og hvar það er sett, ef það er sett á dýrið,
- c) upplýsingarnar sem kveðið er á um í i. lið a-liðar 49. gr. og í i., ii. og iv. lið b-liðar 49. gr.,
- d) einkvæmt skráningarnúmer flutningsaðilans,
- e) skráningarmerki ökutækisins eða skráningarnúmer flutningatækisins.

*51. gr.***Undanþága frá tilteknum kröfum í 50. gr. um flutningsskjal fyrir sauðfé og geitur í haldi sem fyrirhugað er að safna saman innan yfirráðasvæðis aðildarríkis**

Lögbæru yfirvaldi er heimilt að veita rekstraraðilum starfsstöðva, þaðan sem á að tilflytja sauðfé og geitur í haldi til starfsstöðvar þar sem fyrirhugað er að safna þeim saman, undanþágur frá kröfunum í a-lið 50. gr. að því tilskildu að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

- a) rekstraraðilar mega ekki flytja sauðfé og geitur í haldi í sama flutningatæki og dýr frá öðrum starfsstöðvum nema þessum lotum dýra sé haldið efnislega aðskildum hverri frá annari í flutningatækinu,
- b) rekstraraðilar starfsstöðva þar sem safna á dýrunum saman skulu, með fyrirvara um leyfi frá lögbæru yfirvaldi, skrá einstaklingsbundinn auðkenniskóða hvers dýrs, eins og um getur í a-lið 50. gr., fyrir hönd rekstraraðila starfsstöðvarinnar sem tekið er við sauðfé og geitum frá og viðkomandi rekstraraðili geymir slíkar skrár,
- c) lögbært yfirvald verður að hafa veitt rekstraraðilum starfsstöðva, þar sem safna á sauðfé og geitum saman, aðgang að tölvugagnagrunninum sem um getur í 49. gr.,
- d) rekstraraðilar starfsstöðva þar sem safna á dýrunum saman verða að vera með verklag fyrir hendi til að tryggja að upplýsingarnar, sem um getur í b-lið, verði skráðar í tölvugagnagrunnin sem um getur í 49. gr.

III. BÁLKUR

REKJANLEIKI SVÍNA Í HALDI*1. KAFLI****Merki og aðferðir til auðkenningar****52. gr.***Skyldur rekstraraðila sem eru með svín í haldi að því er varðar merki og aðferðir til að auðkenna svín í haldi, beitingu þeirra og notkun**

1. Rekstraraðilar starfsstöðva sem eru með svín í haldi skulu tryggja að hvert svín sé auðkennt með eftirfarandi auðkenningu:
 - a) hefðbundnu eyrnamerki eins og tilgreint er í a-lið III. viðauka eða rafrænu kennimerki eins og tilgreint er í c-lið III. viðauka, sem er fest á eyra dýrsins, þar sem á auðkenningunni birtist, sýnilega og læsilega og óafmáanlegt, einkvæmt skráningarnúmer
 - i. starfsstöðvarinnar þar sem dýrið fæddist,eða
 - ii. síðustu starfsstöðvarinnar í aðfangakeðjunni, sem um getur í 53. gr., ef þessi dýr eru tilflutt til starfsstöðvar utan þessarar aðfangakeðju,eða
 - b) húðflúr, eins og tilgreint er í g-lið III. viðauka, sem er sett á dýrið og þar kemur fram óafmáanlegt einkvæmt skráningarnúmer
 - i. starfsstöðvarinnar þar sem dýrið fæddist,eða
 - ii. síðustu starfsstöðvarinnar í aðfangakeðjunni, sem um getur í 53. gr., ef þessi dýr eru tilflutt til starfsstöðvar utan þessarar aðfangakeðju.
 2. Rekstraraðilar starfsstöðva sem eru með svín í haldi skulu tryggja að:
 - a) auðkenningar séu settar á svín á:
 - i. starfsstöðinni þar sem dýrin fæddust,

eða

ii. síðustu starfsstöðinni í aðfangakeðjunni, sem um getur í 53. gr., ef þessi dýr eru tilflutt til starfsstöðvar utan þessarar aðfangakeðju,

b) engar auðkenningar séu fjarlægðar, þeim breytt eða skipt um þær án leyfis lögbærs yfirvalds.

3. Rekstraraðilum starfsstöðva sem eru með svín í haldi er heimilt að skipta út auðkenningunni, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, fyrir rafrænt kennimerki sem lögbært yfirvald í aðildarríkinu þar sem svínin eru í haldi hefur samþykkt í samræmi við undanþágurnar sem kveðið er á um í 1. mgr. 54. gr.

53. gr.

Undanþágur frá kröfunum í 52. gr. að því er varðar merki og aðferðir til að auðkenna svín í haldi í aðfangakeðjunni

Þrátt fyrir 52. gr. er lögbæru yfirvaldi heimilt að veita rekstraraðilum starfsstöðva í aðfangakeðjunni undanþágu frá þeirri skyldu að auðkenna svín þegar ætlunin er að tilflytja þessi dýr innan þessarar aðfangakeðju innan yfirráðasvæðis aðildarríkis þess, að því tilskildu að beiting rekjanleikaráðstafana í reynd í því aðildarríki tryggji fullan rekjanleika þessara dýra.

54. gr.

Undanþágur sem lögbært yfirvald veitir rekstraraðilum lokaðra starfsstöðva og rekstraraðilum sem eru með svín í haldi í menningarlegum tilgangi, til afþreyingar eða í vísindaskyni frá því að auðkenna þau

1. Lögbæru yfirvaldi er heimilt að veita rekstraraðilum lokaðra starfsstöðva og rekstraraðilum sem eru með svín í haldi í menningarlegum tilgangi, til afþreyingar eða í vísindaskyni undanþágu frá kröfunum um auðkenningu svína sem kveðið er á um í 1. mgr. 52. gr.

2. Þegar undanþágur eru veittar, eins og kveðið er á um í 1. mgr. þessarar greinar, skal lögbært yfirvald tryggja að það hafi leyft stunguörmerki, eins og tilgreint er í e-lið III. viðauka, til að auðkenna svínin sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar og að slík leyfð auðkenning uppfylli kröfurnar í 1. mgr. 55. gr.

3. Lögbært yfirvald skal koma á málsmeðferðarreglum sem rekstraraðilar skulu fylgja þegar þeir fara fram á undanþágu eins og kveðið er á um í 1. mgr. þessarar greinar.

55. gr.

Skyldur aðildarríkja að því er varðar merki og aðferðir til að auðkenna svín í haldi, beitingu þeirra og notkun

1. Aðildarríkin skulu tryggja að auðkenningin, sem er tilgreind í a-, c-, e- og g-lið III. viðauka, uppfylli eftirfarandi kröfur:

a) hún sýnir annaðhvort:

i. einkvæmt skráningarnúmer starfsstöðvarinnar þar sem dýrið fæddist,

eða

ii. ef um er að ræða dýr sem á að tilflytja frá starfsstöð í aðfangakeðju, sem um getur í 53. gr., til annarrar starfsstöðvar utan þessarar aðfangakeðju: einkvæmt skráningarnúmer síðustu starfsstöðvarinnar í aðfangakeðjunni,

b) lögbært yfirvald aðildarríkisins þar sem svínin eru í haldi hefur samþykkt hana.

2. Aðildarríkin skulu koma á málsmeðferðarreglum vegna umsókna frá:

a) framleiðendum um samþykki fyrir auðkenningum á svín sem eru í haldi á yfirráðasvæði þeirra,

b) rekstraraðilum um að fá úthlutað auðkenningu á svín fyrir starfsstöð sína.

3. Aðildarríkin skulu koma á fót skrá yfir starfsstöðvar í aðfangakeðjunni, sem um getur í 53. gr., á yfirráðasvæði sínu og gera skrána aðgengilega almenningi.

*2. KAFLI**Tölvugagnagrunnur**56. gr.***Reglur um upplýsingar í tölvugagnagrunni yfir svín í haldi**

Lögbært yfirvald skal geyma upplýsingarnar sem um getur í c-lið 1. mgr. 109. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429, að því er varðar svín í haldi, í tölvugagnagrunni í samræmi við eftirfarandi reglur:

- a) skrá verður eftirfarandi upplýsingar um starfsstöðvar sem eru með þessi dýr í haldi:
 - i. einkvæmt skráningarnúmer sem henni er úthlutað,
 - ii. nafn og heimilisfang rekstraraðila starfsstöðvarinnar,
- b) skrá verður eftirfarandi upplýsingar um hvern tilflutning á þessum dýrum inn í og út úr starfsstöðinni:
 - i. heildarfjöldi dýra,
 - ii. einkvæmt skráningarnúmer uppruna- og viðtökustarfsstöðva þeirra,
 - iii. dagsetning komu,
 - iv. dagsetning brottfarar.

*3. KAFLI**Flutningsskjal**57. gr.***Flutningsskjöl fyrir svín í haldi sem á að tilflytja innan yfirráðasvæðis aðildarríkis**

Flutningsskjöl, eins og kveðið er á um í b-lið 115. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429, fyrir svín í haldi sem á að tilflytja innan yfirráðasvæðis eins aðildarríkis skulu innihalda eftirfarandi upplýsingar:

- a) upplýsingar sem á að geyma í tölvugagnagrunni eins og um getur í i. lið a-liðar 56. gr. og í i., ii. og iv. lið b-liðar 56. gr.,
- b) einkvæmt skráningarnúmer flutningsaðilans,
- c) skráningarmerki ökutækisins eða skráningarnúmer flutningatækisins.

IV. BÁLKUR

REKJANLEIKI DÝRA AF HESTAÆTT Í HALDI*1. KAFLI**Merki og aðferðir til auðkenningar**58. gr.***Skyldur rekstraraðila sem eru með dýr af hestaætt í haldi að því er varðar merki og aðferðir til að auðkenna þessi dýr, beitingu þeirra og notkun**

1. Rekstraraðilar sem eru með dýr af hestaætt í haldi skulu tryggja að dýrin séu auðkennd hvert fyrir sig með eftirfarandi auðkenningu:

- a) stunguörmerki eins og tilgreint er í e-lið III. viðauka,
- b) einkvæmu auðkennisskírteini til lífstíðar.

2. Rekstraraðilar sem eru með dýr af hestaætt í haldi skulu tryggja að:
 - a) dýr af hestaætt séu auðkennd innan tímamarkanna sem kveðið er á um í 1. og 2. mgr. 12. gr. reglugerðar (ESB) 2015/262,
 - b) engar auðkenningar, sem um getur í 1. mgr., séu fjarlægðar, þeim breytt eða skipt um þær án leyfis lögbærs yfirvalds starfsstöðvarinnar þar sem þessi dýr eru að jafnaði haldin.
3. Rekstraraðilar sem eru með dýr af hestaætt í haldi skulu, og ef slíkir rekstraraðilar eru ekki eigendur dýranna koma þeir fram fyrir hönd eiganda dýrsins og í samráði við hann, leggja umsókn um útgáfu á einkvæmu auðkennisskírteini til lífstíðar, sem um getur í 65. eða 66. gr., fyrir lögbært yfirvald starfsstöðvarinnar þar sem dýrin eru að jafnaði haldin og þeir skulu láta lögbæra yfirvaldinu í té nauðsynlegar upplýsingar til að útfylla auðkennisskírteinið og skrárnar í gagnagrunninum sem um getur í 64. gr.

59. gr.

Skyldur aðildarríkja að því er varðar merki og aðferðir til að auðkenna dýr af hestaætt í haldi, beitingu þeirra og notkun

1. Aðildarríkjum er heimilt að leyfa að í stað stunguörmerkisins, sem um getur í a-lið 1. mgr. 58. gr., komi:
 - a) stakt hefðbundið eyrnamerki, eins og tilgreint er í a-lið III. viðauka, sem sett er á dýr af hestaætt sem eru haldin til kjötframleiðslu, að því tilskildu að þessi dýr hafi annaðhvort fæðst í viðkomandi aðildarríki eða verið flutt inn í það án þess að þau væru með auðkennismerki fyrir komuna inn í Sambandið,
 - b) annars konar aðferð, sem lögbært yfirvald hefur heimilað í samræmi við 62. gr., sem kemur á ótvíræðri tengingu milli dýrs af hestaætt og einkvæms auðkennisskírteinis til lífstíðar sem um getur í b-lið 1. mgr. 58. gr.
2. Aðildarríkin skulu tryggja að auðkenningin, sem um getur í a-lið 1. mgr. 58. gr. og í a-lið 1. mgr. þessarar greinar, uppfylli eftirfarandi kröfur:
 - a) auðkenniskóði dýrsins birtist sýnilega,
 - b) lögbært yfirvald aðildarríkisins, þar sem dýrin af hestaætt eru auðkennd í samræmi við a-lið 2. mgr. 58. gr., hefur samþykkt hana.
3. Aðildarríki skulu:
 - a) koma á málsmæðferðarreglum vegna umsókna frá framleiðendum um samþykki fyrir auðkenningum á dýr af hestaætt í haldi sem eru auðkennd á yfirráðasvæði þeirra,
 - b) ákvarða eindaga fyrir framlagningu umsókna um útgáfu auðkennisskírteinisins sem kveðið er á um í b-lið 1. mgr. 58. gr.

60. gr.

Undanþágur er varða auðkenningar á dýr af hestaætt í haldi sem lifa hálfvilltir

1. Þrátt fyrir a-lið 2. mgr. 58. gr. geta aðildarríki tilgreint stofna dýra af hestaætt í haldi, sem lifa hálfvilltir á tilteknum svæðum á yfirráðasvæði þeirra, sem einungis er gerð krafa um að séu auðkenndir í samræmi við 1. mgr. 58. gr. ef dýrin eru:
 - a) flutt burt frá slíkum stofnum, að undanskildum þeirra flutningi undir opinberu eftirliti frá einum tilgreindum stofni til annars,eða
 - b) fönguð til notkunar sem húsdýr.
2. Áður en aðildarríkin nýta undanþáguna, sem kveðið er á um í 1. mgr., skulu þau tilkynna framkvæmdastjórninni um þessa stofna dýra af hestaætt og svæðin sem þessi dýr lifa hálfvillt á.
3. Þrátt fyrir 1. mgr. 58. gr. er aðildarríkjum heimilt að leyfa ísetningu stunguörmerkis, eins og tilgreint er í e-lið III. viðauka, meira en 12 mánuðum áður en auðkennisskírteini er gefið út í samræmi við 1. mgr. þessarar greinar að því tilskildu að rekstraraðilinn skrái auðkenniskóða dýrsins, sem kemur fram á stunguörmerkinu, þegar það er sett í og sendi auðkenniskóðann til lögbæra yfirvaldsins.

*61. gr.***Undanþágur frá því að auðkenna dýr af hestaætt í haldi sem eru tilflutt til sláturhúss eða eru með meðfylgjandi bráðabirgðaauðkennisskírteini**

1. Þrátt fyrir 1. mgr. 58. gr. er lögbæru yfirvaldi heimilt að leyfa notkun á einfaldaðri aðferð til að auðkenna dýr af hestaætt, sem ætlunin er að tilflýta í sláturhús, sem einkvæmt auðkennisskírteini til lífstíðar var ekki gefið út fyrir, í samræmi við a-lið 1. mgr. 110. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429, að því tilskildu að:

- a) dýrin af hestaætt séu yngri en 12 mánaða,
- b) rekjanleikalína dýranna sé óslitin frá starfsstöðinni þar sem dýrin fæddust til sláturhússins sem er staðsett í sama aðildarríki.

Flytja verður dýrin af hestaætt beint í sláturhúsið og á meðan á þeim flutningi stendur verða þau að vera auðkennd hvert fyrir sig með stunguörmerki, hefðbundnu eða rafrænu eyrnamerki eða hefðbundnu eða rafrænu bandi um kjúkuna eins og tilgreint er í a-, b-, c-, e- eða f-lið III. viðauka, eftir því sem við á.

2. Þrátt fyrir b-lið 1. mgr. 58. gr. skal lögbært yfirvald, að beiðni rekstraraðila með dýr af hestaætt, gefa út bráðabirgðaauðkennisskírteini fyrir tímabilið meðan auðkennisskírteini, sem gefið er út í samræmi við a-lið 1. mgr. 110. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429 eða 67. eða 68. gr. þessarar reglugerðar, er afhent þessu lögbæra yfirvaldi til þess að uppfæra sanngreiningarupplýsingarnar í skírteininu.

*62. gr.***Leyfi fyrir annars konar aðferðum til auðkenningar á dýrum af hestaætt í haldi**

1. Aðildarríkjum er heimilt að leyfa hentugar annars konar aðferðir til auðkenningar á dýrum af hestaætt í haldi, þ.m.t. að skrá merki, sem tryggja ótvíræða tengingu milli dýrs af hestaætt og einkvæms auðkennisskírteinis til lífstíðar og sýna að þetta dýr af hestaætt hefur farið í gegnum auðkenningarferlið.

2. Aðildarríki sem heimila annars konar aðferðir til auðkenningar, eins og kveðið er á um í 1. mgr., skulu tryggja að:

- a) annars konar aðferðir til auðkenningar séu eingöngu notaðar í undantekningartilvikum til að auðkenna dýr af hestaætt sem eru færð inn í sérstakar ræktunarbækur eða notuð í sérstökum tilgangi eða ef um er að ræða dýr af hestaætt sem ekki er unnt að auðkenna með stunguörmerki af læknisfræðilegum ástæðum eða ástæðum sem varða velferð dýra,
- b) hvers kyns leyfið annars konar aðferð til auðkenningar eða hvers kyns samsetning slíkra aðferða skili a.m.k. sambærilegri tryggingu og stunguörmerki,
- c) snið upplýsinga um annars konar aðferð til auðkenningar, sem er notuð á dýr af hestaætt, henti til skráningar í leitarbæran gagnagrunn.

*63. gr.***Skyldur rekstraraðila sem nota annars konar aðferðir til auðkenningar**

1. Rekstraraðilar sem nota leyfið annars konar aðferð til auðkenningar, eins og kveðið er á um í 1. mgr. 62. gr., skulu láta lögbæru yfirvaldi og, ef nauðsyn krefur, öðrum rekstraraðilum í té úrræði til að nálgast þessar upplýsingar um auðkenningu eða taka sjálfir á sig þá skyldu að sannreyna auðkenni dýrs af hestaætt fyrir þessi yfirvöld eða rekstraraðila.

2. Ef annars konar aðferðir til auðkenningar byggjast á einkennum dýrs af hestaætt, sem geta breyst með tímanum, skal rekstraraðilinn leggja nauðsynlegar upplýsingar fyrir lögbært yfirvald sem gerir því kleift að uppfæra auðkennisskírteinið, sem um getur í 62. gr., og gagnagrunninn sem um getur í 64. gr.

3. Ræktunarfélög og alþjóðasambönd eða -samtök sem hafa umsjón með keppnis- eða vedhlaupahestum geta krafist þess að dýr af hestaætt, sem voru auðkennd með annars konar aðferð til auðkenningar sem kveðið er á um í 62. gr., verði auðkennd með því að setja í þau stunguörmerki að því er varðar færslu á skrá eða skráningar hreinræktaðra kynbótadýra af hestaætt í ræktunarbækur eða að því er varðar skráningar hesta í keppni eða vedhlaup.

*2. KAFLI**Tölvugagnagrunnur**64. gr.***Reglur um upplýsingar í tölvugagnagrunni yfir dýr af hestaætt í haldi**

Lögbært yfirvald skal geyma upplýsingarnar sem um getur í d-lið 1. mgr. 109. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429, að því er varðar dýr af hestaætt í haldi, í tölvugagnagrunni í samræmi við eftirfarandi reglur:

- a) að því er varðar starfsstöð þar sem þessi dýr af hestaætt eru að jafnaði haldin verður að skrá:
 - i. einkvæmt skráningarnúmer sem henni er úthlutað,
 - ii. nafn og heimilisfang rekstraraðila starfsstöðvarinnar,
- b) að því er varðar hvert dýr af hestaætt sem er að jafnaði haldið í starfsstöðinni verður að skrá:
 - i. einkvæman kóða,
 - ii. ef það liggur fyrir, auðkennismerki dýrsins sem kemur fram á auðkennismerkinu,
 - iii. ef lögbært yfirvald aðildarríkisins þar sem dýrið af hestaætt var auðkennt, í samræmi við 2. mgr. 58. gr., samþykkti ekki stunguörmerkið: aflestrartæki fyrir þetta stunguörmerki,
 - iv. allar upplýsingar sem varða ný auðkennisskírteini, eftirrit auðkennisskírteina eða staðgönguauðkennisskírteini sem eru gefin út fyrir dýrið,
 - v. tegund dýrsins,
 - vi. kyn dýra og þann möguleika að færa inn dagsetningu geldingar,
 - vii. fæðingardag- og ár og fæðingarland, eins og rekstraraðili með dýr af hestaætt í haldi lýsir yfir,
 - viii. dagsetningu dauða af eðlilegum orsökum, eða taps, eins og rekstraraðili með dýr af hestaætt í haldi lýsir yfir, eða dagsetninguna þegar dýrinu er slátrað,
 - ix. heiti og heimilisfang lögbærs yfirvalds, eða útgáfuaðila sem falið var þetta verkefni, sem gaf auðkennisskírteinið út,
 - x. útgáfudag auðkennisskírteinisins.
- c) að því er varðar hvert dýr af hestaætt sem er í haldi á starfsstöð lengur en í 30 daga skal skrá einkvæman kóða; þó ekki í eftirfarandi tilvikum:
 - i. að því er varðar dýr af hestaætt sem taka þátt í keppnum, kapphlaupum, dýrasýningum, þjálfun og eru notuð sem dráttardýr á tímabili sem er ekki lengra en 90 dagar,
 - ii. að því er varðar karldýr af hestaætt til undaneldis sem eru haldin á fengitímanum,
 - iii. að því er varðar kvendýr af hestaætt til undaneldis sem eru haldin á tímabili sem er ekki lengra en 90 dagar.

*3. KAFLI**Auðkennisskírteini**65. gr.***Einkvæmt auðkennisskírteini til lífstíðar fyrir dýr af hestaætt í haldi**

1. Einkvæmt auðkennisskírteini til lífstíðar skal innihalda a.m.k. eftirfarandi upplýsingar:
 - a) auðkennismerki dýrsins, sem kemur fram á stunguörmerkinu eða eyrnamerkinu,
 - b) einkvæman kóða, sem dýrinu er úthlutað til lífstíðar, sem kóðar:

- i. tölvugagnagrunninn þar sem lögbæra yfirvaldið eða útgáfuaðilinn skráði upplýsingarnar sem eru nauðsynlegar til að gefa út fyrsta einkvæma auðkennisskírteinið til lífstíðar, sem um getur í b-lið 1. mgr. 58. gr., og, ef nauðsyn krefur, einkvæmt staðgönguauðkennisskírteini til lífstíðar sem um getur í b-lið 2. mgr. 69. gr.,
 - ii. tölulegan auðkenniskóða hvers dýrs af hestaætt fyrir sig í þessum gagnagrunni,
- c) tegund dýrsins,
- d) kyn dýrsins, ásamt þeim möguleika að færa inn dagsetningu geldingar,
- e) fæðingardag- og ár og fæðingarland, eins og rekstraraðili með dýr af hestaætt í haldi lýsir yfir,
- f) heiti og heimilisfang lögbærs útgáfuyfirvalds eða útgáfuaðila sem falið var þetta verkefni,
- g) útgáfudag einkvæma auðkennisskírteinisins til lífstíðar,
- h) eftir atvikum, upplýsingar um að skipt hafi verið um auðkennismerki og auðkenniskóða dýrsins sem kemur fram á auðkennismerkinu sem kom í staðinn,
- i) eftir atvikum,
- i. staðfestingarmerki (e. *validation mark*) sem lögbært yfirvald, eða aðili sem var úthlutað þessu verkefni, gefur út til 4 ára hið mesta og kemur fram í einkvæmu auðkennisskírteini til lífstíðar, sem færir sönnur á að dýrið sé að jafnaði haldið á starfsstöð sem lögbært yfirvald viðurkennir sem starfsstöð þar sem heilbrigðisáætla er lítil vegna tíðra dýraheilbrigðisheimsóknna, viðbótarsannprófunar auðkenna og heilbrigðisprófana og af því að náttúruleg pörun er ekki fyrir hendi á starfsstöðinni nema á til þess ætluðu og aðskildu athafnasvæði, með möguleika á að endurnýja gildistíma útgefna staðfestingarmerkisins,
- eða
- ii. leyfi, sem er gefið út til 4 ára hið mesta og kemur fram í einkvæmu auðkennisskírteini til lífstíðar, til að taka þátt í reiðkeppnum á vegum landsbundinna samtaka Federation Equestre Internationale eða til að taka þátt í kapphlaupum á vegum lögbærra veðhlaupayfirvalda og þar sem eru skráðar a.m.k. tvær heimsóknir dýralæknis á ári, þ.m.t. þær sem eru nauðsynlegar til að inna af hendi reglulega bólusetningu gegn hestainflúensu og rannsóknir sem krafist er vegna tilflutninga til annarra aðildarríkja eða þriðju landa, með möguleika á að endurnýja gildistíma útgefna leyfisins.
2. Einkvæm auðkennisskírteini til lífstíðar fyrir skráð dýr af hestaætt og fyrir dýr af hestaætt sem eru auðkennd í samræmi við 62. gr. skulu, til viðbótar við upplýsingarnar sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, innihalda a.m.k. eftirfarandi upplýsingar:
- a) lýsingu á dýrinu með mynd og í orðum, þ.m.t. möguleiki á að uppfæra þessar upplýsingar,
 - b) eftir atvikum, ítarlegar upplýsingar um annars konar aðferðir til auðkenningar,
 - c) eftir atvikum, upplýsingar um ræktunarafríðni í samræmi við viðaukann við framselda reglugerð (ESB) 2017/1940,
 - d) eftir atvikum, upplýsingar sem eru nauðsynlegar til að nota einkvæmt auðkennisskírteini til lífstíðar til íþróttta, í samræmi við kröfur viðkomandi samtaka sem hafa umsjón með keppnis- eða veðhlaupahestum, þ.m.t. upplýsingar um prófanir fyrir og bólusetningar gegn skráðum eða óskráðum sjúkdómum eins og krafist er til að fá aðgang að keppnum og kapphlaupum og til að fá leyfið sem um getur í ii lið i-liðar 1. mgr.

66. gr.

Skýldur rekstraraðila með dýr af hestaætt í haldi að því er varðar einkvæm auðkennisskírteini til lífstíðar

1. Rekstraraðilar sem eru með dýr af hestaætt í haldi skulu tryggja að einkvæmt auðkennisskírteini til lífstíðar fylgi ávallt þessum dýrum.
2. Þrátt fyrir 1. mgr. skal ekki gerð krafa um að rekstraraðilar tryggi að einkvæmt auðkennisskírteini til lífstíðar fylgi dýrum af hestaætt í haldi ef þessi dýr eru:
 - a) í hesthúsi eða á beitilandi og rekstraraðilinn með dýrið af hestaætt í haldi eða rekstraraðili starfsstöðvarinnar þar sem dýrið er í haldi getur án tafar framvísað einkvæmu auðkennisskírteini til lífstíðar,
 - b) tímabundið notuð til útreiða, rekin, teymd eða tekin, annaðhvort:

- i. í nágrenni við starfsstöðina þar sem dýrið er í haldi innan aðildarríkis,
eða
 - ii. færð til og frá skráðum sumarþingum í tengslum við farbeit dýra að því tilskildu að hægt sé að framvísa einkvæmu auðkennisskírteini til lífstíðar á starfsstöðinni sem farið var frá,
- c) dýr af hestaætt sem eru enn á spena og fylgja móður eða fósturhryssu,
 - d) þátttakendur í þjálfun eða prófun fyrir reiðkeppni, kapphlaup eða viðburð sem krefst þess að þau þurfi að fara tímabundið af starfsstöðinni þar sem þjálfunin, keppnin, kapphlaupið eða viðburðurinn er haldinn,
 - e) tilflutt eða flutt vegna neyðarástands sem varðar sjálf dýrin eða starfsstöðina þar sem þau eru haldin.
3. Rekstraraðilar sem eru með dýr af hestaætt í haldi skulu ekki tilflytja dýr af hestaætt með meðfylgjandi bráðabirgðaskírteini, sem um getur í 2. mgr. 61. gr., í sláturhús.
4. Rekstraraðilar sem eru með dýr af hestaætt í haldi skulu skila einkvæmu auðkennisskírteini til lífstíðar til lögbærs útgáfuyfirvalds, eða útgáfuaðila sem falið var þetta verkefni, eins og er afkóðað úr einkvæma kóðanum eftir að dýr af hestaætt drepst eða tapast.

67. gr.

Skyldur lögbærs yfirvalds að því er varðar útgáfu á eftirriti auðkennisskírteins og á einkvæmu staðgönguauðkennisskírteini til lífstíðar

1. Að fenginni umsókn frá rekstraraðila skal lögbært yfirvald, eða útgáfuaðili sem falið var þetta verkefni, gefa út eftirrit einkvæms auðkennisskírteinis til lífstíðar ef unnt er að staðfesta deili á viðkomandi dýri af hestaætt í haldi og rekstraraðilinn annaðhvort
 - a) lýsti því yfir að einkvæmt auðkennisskírteini til lífstíðar, sem var gefið út fyrir viðkomandi dýr, hafi tapast,
eða
 - b) gat ekki staðfest deili á dýrinu innan tímamarkanna sem kveðið er á um í a-lið 2. mgr. 58. gr.
2. Lögbært yfirvald skal, að fenginni umsókn frá rekstraraðila eða að eigin frumkvæði, gefa út einkvæmt staðgönguauðkennisskírteini ef ekki er unnt að staðfesta deili á viðkomandi dýri í haldi og rekstraraðilinn annaðhvort
 - a) lýsti því yfir að einkvæmt auðkennisskírteini til lífstíðar, sem var gefið út fyrir viðkomandi dýr, hafi tapast,
eða
 - b) gat ekki uppfyllt kröfur um auðkenningu í b-lið 2. mgr. 58. gr.

68. gr.

Skyldur lögbærs yfirvalds að því er varðar útgáfu á nýjum einkvæmum skírteinum til lífstíðar fyrir skráð dýr af hestaætt

Ef auðkennt dýr af hestaætt verður skráð dýr af hestaætt og ekki er unnt að aðlaga einkvæma auðkennisskírteinið til lífstíðar, sem gefið var út fyrir viðkomandi dýr, þannig að það uppfylli kröfurnar sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 65. gr. skal lögbært yfirvald, eða útgáfuaðili sem falið var þetta verkefni, gefa út, að fenginni umsókn frá rekstraraðilanum með viðkomandi dýr af hestaætt, nýtt einkvæmt auðkennisskírteini til lífstíðar, sem kemur í staðinn fyrir það fyrri, sem inniheldur þær upplýsingar sem krafist er í samræmi við 1. og 2. mgr. 65. gr.

69. gr.

Skyldur lögbærs yfirvalds að því er varðar viðkomandi eftirrit auðkennisskírteina, staðgönguauðkennisskírteini og ný auðkennisskírteini

1. Lögbært yfirvald, eða útgáfuaðili sem falið var þetta verkefni, skal færa upplýsingar sem varða útgáfu á eftirriti auðkennisskírteinis eða á staðgönguauðkennisskírteini, í samræmi við 67. gr., eða útgáfu á nýju auðkennisskírteini, í samræmi við 68. gr., inn í tölvugagnagrunninn sem um getur í 64. gr.

2. Lögbært yfirvald, eða útgáfuaðili sem falið var þetta verkefni, skal færa inn
- a) í eftirrit einkvæms auðkennisskírteinis til lífstíðar og í nýtt einkvæmt auðkennisskírteini til lífstíðar: einkvæman kóða sem dýrinu er úthlutað, í samræmi við b-lið 1. mgr. 65. gr., þegar fyrsta einkvæma auðkennisskírteinið til lífstíðar er gefið út,
- eða
- b) í einkvæmt staðgönguauðkennisskírteini til lífstíðar: einkvæman kóða sem dýri af hestaætt er úthlutað við útgáfu þess.

V. BÁLKUR

REKJANLEIKI HUNDA, KATTA OG FRETTA, DÝRA AF ÚLFALDAÆTT OG HJARTARDÝRA, FUGLA OG LANDDÝRA Í HALDI Í FARANDEFJÖLLEIKAHÚSUM OG Á DÝRASÝNINGUM

1. KAFLI

Rekjanleiki hunda, katta og fretta í haldi

1. þáttur

Auðkenning

70. gr.

Skyldur rekstraraðila sem eru með hunda, ketti og frettur í haldi að því er varðar merki og aðferðir til að auðkenna þessi dýr, beitingu þeirra og notkun

Rekstraraðilar sem eru með hunda, ketti og frettur í haldi skulu tryggja að:

- a) þessi dýr séu auðkennd hvert fyrir sig með stunguörmerki, eins og tilgreint er í e-lið III. viðauka, þegar þau eru tilflutt til annars aðildarríkis,
- b) lögbært yfirvald samþykki stunguörmerkið sem ætlað er til ísetningar í dýrið,
- c) ef lögbært yfirvald hefur ekki samþykkt stunguörmerkið, sem sett er í dýrið, láti þeir lögbæru yfirvaldi og, ef nauðsyn krefur, öðrum rekstraraðilum í té aflestartæki sem gerir það kleift að sannprófa einstaklingsbundna auðkenningu dýrsins hvenær sem er.

2. þáttur

Auðkennisskírteini

71. gr.

Auðkennisskírteini hunda, katta og fretta í haldi

Rekstraraðilar sem eru með hunda, ketti og frettur í haldi skulu tryggja að auðkennisskírteini sem um getur í d-lið 6. gr. reglugerðar (ESB) nr. 576/2013, sem er fyllt út á viðeigandi hátt og gefið út í samræmi við 22. gr. þeirrar reglugerðar, fylgi sérhverju dýr þegar það er tilflutt til annars aðildarríkis.

3. þáttur

Rekjanleiki gæludýra

72. gr.

Kröfur um rekjanleika gæludýra sem eru tilflutt í tilgangi sem er ekki viðskiptalegs eðlis

Rekstraraðilar skulu tryggja að gæludýr, sem eru tilflutt til annars aðildarríkis í tilgangi sem er ekki viðskiptalegs eðlis, séu í samræmi við reglurnar sem mælt er fyrir um í 70. og 71. gr.

2. KAFLI

Rekjanleiki dýra af úlfaldaætt og hjartardýra í haldi

73. gr.

Skyldur rekstraraðila sem eru með dýr af úlfaldaætt og hjartardýr í haldi að því er varðar merki og aðferðir til að auðkenna þessi dýr, beitingu þeirra og notkun

1. Rekstraraðilar, sem eru með dýr af úlfaldaætt í haldi, skulu sjá til þess að þessi dýr séu auðkennd hvert fyrir sig með annaðhvort:

- a) hefðbundnu eyrnamerki, eins og tilgreint er í a-lið III. viðauka, sem er fest á hvort eyra dýrsins um sig þar sem auðkenniskóði dýrsins birtist sýnilega og læsilega og er óafmáanlegur,

eða

- b) stunguörmerki, eins og tilgreint er í e-lið III. viðauka, þar sem auðkenniskóði dýrsins birtist læsilega og er óafmáanlegur.

2. Rekstraraðilar, sem eru með hjartardýr í haldi skulu tryggja að þessi dýr séu auðkennd hvert fyrir sig með einni af eftirfarandi auðkenningum:

- a) hefðbundnu eyrnamerki, eins og tilgreint er í a-lið III. viðauka, sem er fest á hvort eyra dýrsins um sig þar sem auðkenniskóði dýrsins birtist sýnilega og læsilega og er óafmáanlegur,

eða

- b) stunguörmerki, eins og tilgreint er í e-lið III. viðauka, þar sem auðkenniskóði dýrsins birtist læsilega og er óafmáanlegur,

eða

- c) húðflúri, eins og tilgreint er í g-lið III. viðauka, sem er sett á dýrið þar sem auðkenniskóði dýrsins birtist og er óafmáanlegur.

3. Rekstraraðilar starfsstöðva sem eru með dýr af úlfaldaætt og hjartardýr í haldi skulu tryggja að:

- a) auðkenning sé sett á þessi dýr á starfsstöðinni þar sem dýrin fæddust,

- b) engar auðkenningar séu fjarlægðar, þeim breytt eða skipt um þær án leyfis lögbærs yfirvalds,

- c) ef lögbært yfirvald hefur ekki samþykkt stunguörmerkið, sem sett er í dýrið, láti þeir lögbæru yfirvaldi og, ef nauðsyn krefur, öðrum rekstraraðilum í té aflestartæki sem gerir það kleift að sannprófa einstaklingsbundna auðkenningu dýrsins hvenær sem er.

74. gr.

Undanþága fyrir rekstraraðila sem eru með hreindýr í haldi

Þrátt fyrir kröfurnar í 2. mgr. 73. gr. skulu rekstraraðilar sem eru með hreindýr í haldi tryggja að þessi dýr, sem eru í haldi á starfsstöðvum þeirra, séu auðkennd hvert um sig með annars konar aðferð sem lögbært yfirvald í aðildarríkinu hefur heimilað.

75. gr.

Skyldur aðildarríkja að því er varðar auðkenningu á dýr af úlfaldaætt og hjartardýr í haldi

1. Aðildarríkin skulu tryggja að auðkenningin, sem er tilgreind í a-, e- og g-lið III. viðauka, uppfylli eftirfarandi kröfur:
 - a) auðkenniskóði dýrsins birtist sýnilega,
 - b) lögbært yfirvald aðildarríkisins þar sem dýr af úlfaldaætt og hjartardýr eru í haldi hefur samþykkt hana.
2. Aðildarríkin skulu koma á málsmeðferðarreglum vegna eftirfarandi:
 - a) umsóknir frá framleiðendum um samþykki fyrir auðkenningum fyrir dýr af úlfaldaætt og hjartardýr sem eru í haldi á yfirráðasvæði þeirra,
 - b) umsóknir frá rekstraraðilum, sem eru með dýr af úlfaldaætt og hreindýr í haldi, um að fá úthlutað auðkenningu fyrir starfsstöð sína.

3. KAFLI

Rekjanleiki fugla í haldi

76. gr.

Skyldur rekstraraðila sem eru með páfagauka í haldi að því er varðar merki og aðferðir til að auðkenna þessi dýr, beitingu þeirra og notkun

1. Rekstraraðilar sem eru með páfagauka í haldi skulu tryggja að þessi dýr séu auðkennd hvert fyrir sig þegar þau eru tilflutt til annars aðildarríkis með einni af eftirfarandi auðkenningum:
 - a) fótmerki, eins og tilgreint er í h-lið III. viðauka, sem er a.m.k. fest um annan fótinn á dýrinu þar sem auðkenniskóði dýrsins birtist sýnilega og læsilega og er óafmáanlegur,
eða
 - b) stunguörmerki, eins og tilgreint er í e-lið III. viðauka, þar sem auðkenniskóði dýrsins birtist læsilega og er óafmáanlegur,
eða
 - c) húðflúri, eins og tilgreint er í g-lið III. viðauka, sem er sett á dýrið þar sem auðkenniskóði dýrsins birtist læsilega og er óafmáanlegur.
2. Rekstraraðilar sem eru með páfagauka í haldi skulu:
 - a) tryggja að lögbært yfirvald samþykki auðkenninguna sem um getur í b-lið 1. mgr.,
 - b) ef lögbært yfirvald hefur ekki samþykkt auðkenninguna, sem um getur í b-lið 1. mgr., láta þeir lögbæru yfirvaldi og, ef nauðsyn krefur, öðrum rekstraraðilum í té aflestrartæki sem gerir það kleift að sannprófa einstaklingsbundna auðkenningu dýrsins hvenær sem er.

4. KAFLI

Rekjanleiki landdýra í haldi í farandfjölleikahúsum og á dýrasýningum

1. þáttur

Flutningsskjöl og auðkennisskírteini fyrir landdýr í haldi í farandfjölleikahúsum og á dýrasýningum

77. gr.

Skyldur lögbærs yfirvalds að því er varðar flutningsskjöl fyrir landdýr í haldi í farandfjölleikahúsum og á dýrasýningum

1. Lögbært yfirvald skal gefa út flutningsskjál, eins og kveðið er á um í b-lið 117. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429, fyrir öll landdýr í haldi í farandfjölleikahúsum eða á dýrasýningum, sem ætlunin er að tilflytja til annars aðildarríkis, að undanskildum nörturum, nagdýrum, býflugum og hunangsflugum.

2. Lögbært yfirvald skal tryggja að flutningsskjalið, sem kveðið er á um í 1. mgr., innihaldi a.m.k. eftirfarandi upplýsingar:
- a) verslunarheiti farandfjölleikahúss eða dýrasýningar,
 - b) einkvæmt skráningarnúmer sem lögbært yfirvald úthlutar farandfjölleikahúsi eða dýrasýningu,
 - c) nafn og heimilisfang rekstraraðila farandfjölleikahúss eða dýrasýningar,
 - d) dýrategundir og fjölda,
 - e) fyrir hvert dýr sem rekstraraðili farandfjölleikahúss eða dýrasýningar ber ekki ábyrgð á: nafn og heimilisfang rekstraraðilans, sem ber ábyrgð á dýrinu, eða eiganda gæludýrsins,
 - f) auðkenniskóða dýrsins, sem kemur fram á auðkenningunni eins og kveðið er á um í 38., 39., 45., 47., 52., 54., 58., 70., 73., 74. og 76. gr.
 - g) tegund rafræns kennimerkis og hvar það er sett, ef það er sett á dýrið, eins og um getur í f-lið,
 - h) ef við á, auðkennismerki, auðkenningu og hvar það eða hún er sett á önnur dýr en þau sem um getur í f-lið, sem rekstraraðilinn hefur sett á,
 - i) dagsetningu tilflutnings á hverju dýri inn í og út úr farandfjölleikahúsi eða dýrasýningu,
 - j) nafn, heimilisfang og undirritun opinbers dýralæknis sem gefur auðkennisskírteinið út,
 - k) útgáfudag flutningsskjalsins.

78. gr.

Skyldur lögbærs yfirvalds að því er varðar auðkennisskírteini fyrir landdýr í haldi í farandfjölleikahúsum og á dýrasýningum

1. Lögbært yfirvald skal gefa út auðkennisskírteini, eins og kveðið er á um í b-lið 117. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429, fyrir sérhvert landdýr í haldi í farandfjölleikahúsum eða á dýrasýningum, sem ætlunin er að tilflytja til annars aðildarríkis, að undanskildum hestum, fuglum, hundum, köttum og frettum, nörturum og nagdýrum.
2. Lögbært yfirvald skal tryggja að auðkennisskírteinið, sem kveðið er á um í 1. mgr., innihaldi eftirfarandi upplýsingar:
- a) nafn, heimilisfang og samskiptaupplýsingar rekstraraðilans sem ber ábyrgð á dýrinu,
 - b) tegund, kyn, lit og eftirtektarverð eða greinanleg sérkenni eða einkenni dýrsins,
 - c) auðkenniskóða dýrsins, sem er auðkennt með auðkenningu eins og kveðið er á um í 38., 39., 45., 47., 52., 54., 58., 70., 73., 74. og 76. gr.,
 - d) tegund rafræns kennimerkis og hvar það er sett, ef það er sett á dýrið, eins og um getur í c-lið,
 - e) ef við á, auðkennismerki, auðkenningu og hvar það eða hún er sett á önnur dýr en þau sem um getur í c-lið, sem rekstraraðilinn hefur sett á,
 - f) nánari upplýsingar um bólusetningu dýrsins, ef við á,
 - g) nánari upplýsingar um meðferðir á dýrinu, ef við á,
 - h) nánari upplýsingar um greiningarprófanir,
 - i) nafn og heimilisfang lögbærs yfirvalds sem gaf auðkennisskírteinið út,
 - j) útgáfudag auðkennisskírteinisins.

79. gr.

Skyldur lögbærs yfirvalds að því er varðar auðkennisskírteini fyrir fugla í haldi í farandfjölleikahúsum og á dýrasýningum

1. Lögbært yfirvald skal gefa út auðkennisskírteini, eins og kveðið er á um í b-lið 117. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429, fyrir fuglahópa sem eru í haldi í farandfjölleikahúsum eða á dýrasýningum sem ætlunin er að tilflytja til annars aðildarríkis.
2. Lögbært yfirvald skal tryggja að auðkennisskírteinið, sem kveðið er á um í 1. mgr., innihaldi eftirfarandi upplýsingar:
 - a) nafn, heimilisfang og samskiptaupplýsingar rekstraraðilans sem ber ábyrgð á fuglunum,
 - b) tegundir fugla,
 - c) auðkenniskóða, auðkenningu og hvar hún er sett, ef hún er sett á fuglana,
 - d) nánari upplýsingar um bólusetningu fuglanna, ef við á,
 - e) nánari upplýsingar um meðferðir á fuglunum, ef við á,
 - f) nánari upplýsingar um greiningarprófanir,
 - g) nafn og heimilisfang lögbærs yfirvalds sem gaf auðkennisskírteinið út,
 - h) útgáfudag auðkennisskírteinisins.

VI. BÁLKUR

REKJANLEIKI ÚTUNGUNAREGGJA

80. gr.

Skyldur rekstraraðila að því er varðar rekjanleika útungunareggja

Rekstraraðilar starfsstöðva sem halda alifugla og rekstraraðilar útungunarstöðva skulu tryggja að hvert útungunaregg sé merkt með einkvæmu samþykkisnúmeri upprunastarfsstöðvar útungunareggjanna.

VII. BÁLKUR

REKJANLEIKI LANDDÝRA Í HALDI EFTIR KOMU ÞEIRRA INN Í SAMBANDIÐ

81. gr.

Skyldur rekstraraðila að því er varðar merki og aðferðir til að auðkenna nautgripi, sauðfé, geitur, svín, hjartardýr eða dýr af úlfaldaætt í haldi eftir komu þeirra inn í Sambandið

1. Ef auðkenning hefur verið sett á nautgripi, sauðfé, geitur, svín, hjartardýr eða dýr af úlfaldaætt í haldi í þriðju löndum eða á yfirráðasvæðum skulu rekstraraðilar starfsstöðva, sem þessi dýr koma fyrst inn á eftir komu þeirra inn í Sambandið og ef þau verða áfram í Sambandinu, tryggja að dýrin séu auðkennd með auðkenningu eins og kveðið er á um í 38., 39., 45., 47., 52., 54., 73. og 74. gr., eins og við á.
2. Ef um er að ræða nautgripi, sauðfé, geitur, svín, hjartardýr eða dýr af úlfaldaætt í haldi, sem eru upprunnin í aðildarríkjum og auðkennd í samræmi við reglur Sambandsins eftir að þau koma inn í Sambandið frá þriðju löndum eða yfirráðasvæðum og ef þau verða áfram í Sambandinu, skulu rekstraraðilar starfsstöðva, sem þessi dýr koma fyrst inn á, tryggja að dýrin séu auðkennd með auðkenningu eins og kveðið er á um í 38., 39., 45., 47., 52., 54., 73. og 74. gr., eins og við á.
3. Rekstraraðilar skulu ekki beita reglunum, sem um getur í 1. og 2. mgr., um nautgripi, sauðfé, geitur, svín, hjartardýr eða dýr af úlfaldaætt í haldi sem ætlunin er að tilflytja í sláturhús sem er staðsett í aðildarríki, að því tilskildu að dýrunum sé slátrað innan 5 daga eftir komu þeirra inn í Sambandið.

82. gr.

Skyldur aðildarríkja að því er varðar merki og aðferðir til að auðkenna nautgripi, sauðfé, geitur, svín, hjartardýr eða dýr af úlfaldaætt í haldi eftir komu þeirra inn í Sambandið

Aðildarríkin skulu koma á málsmeðferðarreglum sem rekstraraðilar starfsstöðva sem eru með dýr í haldi, sem um getur í 2. mgr. 81. gr., eiga að fylgja þegar þeir fara fram á að fá úthlutað auðkenningu fyrir starfsstöð sína.

83. gr.

Skyldur rekstraraðila að því er varðar merki og aðferðir til að auðkenna hesta í haldi eftir komu þeirra inn í Sambandið

Rekstraraðilar sem eru með hesta í haldi skulu tryggja að eftir að dýr af hestaætt koma inn í Sambandið og ef þau verða áfram í Sambandinu séu þau auðkennd, í samræmi við 58. gr., eftir að tollferlinu, eins og skilgreint er í a-lið 16. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 952/2013, lýkur.

IV. HLUTI

UMBREYTINGAR- OG LOKAÁKVÆÐI

84. gr.

Niðurfelling

Eftirfarandi gerðir eru felldar úr gildi frá og með 21. apríl 2021:

- reglugerð (EB) nr. 509/1999,
- reglugerð (EB) nr. 2680/1999,
- ákvörðun 2000/678/EB,
- ákvörðun 2001/672/EB,
- reglugerð (EB) nr. 911/2004,
- ákvörðun 2004/764/EB,
- reglugerð (EB) nr. 644/2005,
- reglugerð (EB) nr. 1739/2005,
- ákvörðun 2006/28/EB,
- ákvörðun 2006/968/EB,
- ákvörðun 2009/712/EB,
- reglugerð (ESB) 2015/262.

Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu gerðirnar sem tilvísanir í þessa reglugerð.

85. gr.

Umbreytingarráðstafanir í tengslum við niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 1739/2005

Þrátt fyrir 84. gr. þessarar reglugerðar skulu 5. gr. og 1. og 2. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1739/2005, að því er varðar skráningu dýra og dýravegabréf, svo og I., III. og IV. viðauki við hana gilda áfram fram að dagsetningu sem framkvæmdastjórnin ákveður í framkvæmdargerð sem er samþykkt í samræmi við 2. mgr. 120. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429.

86. gr.

Umbreytingarráðstafanir í tengslum við niðurfellingu á reglugerð (ESB) 2015/262

Þrátt fyrir 84. gr. þessarar reglugerðar:

- a) skulu frestir til að auðkenna dýr af hestaætt sem eru fædd í Sambandinu, sem kveðið er á um í 1. og 2. mgr. 12. gr. reglugerðar (ESB) 2015/262, gilda áfram fram að dagsetningu sem framkvæmdastjórnin ákveður í framkvæmdargerð sem er samþykkt í samræmi við 2. mgr. 120. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429,

- b) skulu reglur um dýr af hestaætt sem eru ætluð til slátrunar til manneldis og skráning lyfjagjafar, sem kveðið er á um í 37. gr. reglugerðar (ESB) 2015/262, gilda áfram fram að dagsetningu sem framkvæmdastjórnin ákveður í framseldri gerð sem er samþykkt í samræmi við 1. mgr. 109. gr. reglugerðar (ESB) 2019/6,
- c) skulu reglur um snið og innihald auðkennisskírteina, sem gefin eru út fyrir dýr af hestaætt sem eru fædd í Sambandinu og kveðið er á um í I. viðauka við reglugerð (ESB) 2015/262, gilda áfram fram að dagsetningu sem framkvæmdastjórnin ákveður í framkvæmdargerð sem er samþykkt í samræmi við 2. mgr. 120. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429.

87. gr.

Umbreytingarráðstafanir að því er varðar auðkenningu landdýra í haldi

1. Ákvæði 1. til 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1760/2000, reglugerð (EB) nr. 21/2004 og tilskipun 2008/71/EB, sem og þær gerðir sem eru samþykktar á grundvelli þeirra, skulu gilda áfram til 21. apríl 2021.
2. Nautgripir, sauðfé, geitur og svín í haldi, sem hafa verið auðkennd fyrir 21. apríl 2021 í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1760/2000, reglugerð (EB) nr. 21/2004 og tilskipun 2008/71/EB, sem og þær gerðir sem eru samþykktar á grundvelli þeirra, skulu teljast auðkennd í samræmi við þessa reglugerð.
3. Dýr af hestaætt í haldi, sem hafa verið auðkennd fyrir 21. apríl 2021 í samræmi við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/262, skulu teljast auðkennd í samræmi við þessa reglugerð.
4. Dýr af úlfaldaætt og hjartardýr í haldi, sem hafa verið auðkennd fyrir 21. apríl 2021 í samræmi við gildandi landslög, skulu teljast auðkennd í samræmi við þessa reglugerð.
5. Páfagaukar í haldi, sem hafa verið auðkenndir fyrir 21. apríl 2021 í samræmi við tilskipun 92/65/EBE, skulu teljast auðkenndir í samræmi við þessa reglugerð.

88. gr.

Umbreytingarráðstafanir að því er varðar upplýsingar í skráum sem lögbær yfirvöld halda

Aðildarríki skulu tryggja að upplýsingarnar sem um getur í 18. til 21. gr. þessarar reglugerðar, að því er varðar starfsstöðvar og rekstraraðila sem fyrir eru sem um getur í 1. mgr. 279. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429, hafi verið færðar inn fyrir hverja starfsstöð og rekstraraðila í viðeigandi skrár, sem lögbær yfirvöld halda, eigi síðar en 21. apríl 2021.

89. gr.

Gildistaka og framkvæmd

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 21. apríl 2021.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 28. júní 2019.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

I. VIÐAUKI

KRÖFUR VARÐANDI VEITINGU SAMÞYKKIS FYRIR STARFSSTÖÐVUM, EINS OG UM GETUR Í 2., 3. OG 4. KAFLA I. BÁLKS II. HLUTA

1. HLUTI

Kröfur varðandi veitingu samþykkis fyrir starfsstöðvum fyrir samsöfnun hóf- og klaufdýra sem um getur í 5. gr.

1. Kröfur í tengslum við einangrun og smitvarnarráðstafanir starfsstöðva fyrir samsöfnun hóf- og klaufdýra, eins og um getur í 5. gr., skulu vera eftirfarandi:
 - a) viðeigandi einangrunaraðstaða fyrir hóf- og klaufdýr verður að vera til reiðu,
 - b) í starfsstöðinni má einungis hýsa hóf- og klaufdýr í sama flokki, af sömu tegund og í sama heilbrigðisástandi á hverjum tíma,
 - c) viðeigandi kerfi verður að vera til staðar til að tryggja söfnun skólps,
 - d) eftir að hver lota hóf- og klaufdýra hefur verið fjarlægð og, ef nauðsyn krefur, áður en ný lota hóf- og klaufdýra er tekin inn verður að hreinsa og sótthreinsa svæðin þar sem hóf- og klaufdýrin eru í haldi og alla rekstrarganga og efniviði og búnað, sem komast í snertingu við þau, í samræmi við fastsettar verklagsreglur,
 - e) gera verður viðeigandi hlé af hreinlætisáætðum eftir hreinsunar- og sótthreinsunaraðgerðir og áður en ný lota hóf- og klaufdýra kemur inn í aðstöðuna þar sem hóf- og klaufdýrin eru í haldi.
2. Kröfur í tengslum við aðstöðu og búnað starfsstöðva fyrir samsöfnun hóf- og klaufdýra, eins og um getur í 5. gr., skulu vera eftirfarandi:
 - a) hentugur búnaður og aðstaða verða að vera til reiðu til að ferma og afferma hóf- og klaufdýr,
 - b) viðeigandi húsakostur af hentugum gæðum fyrir hóf- og klaufdýrin verður að vera til reiðu og smíðaður þannig að komið sé í veg fyrir snertingu við búfé fyrir utan og bein samskipti við aðstöðuna fyrir einangrunina og að auðvelt sé að framkvæma skoðanir og allar nauðsynlegar meðferðir,
 - c) viðeigandi geymslusvæði verður að vera til reiðu fyrir undirburðarefni, fóður, undirburð og húsdýraáburð,
 - d) auðvelt er að hreinsa og sótthreinsa svæðin þar sem þessi dýr eru í haldi og rekstrarganga, gólf, vegg, skábrautir og alla aðra efniviði eða búnað sem kemst í snertingu við þau,
 - e) viðeigandi búnaður verður að vera til reiðu til að hreinsa og sótthreinsa aðstöðu, búnað og flutningatæki sem eru notuð fyrir hóf- og klaufdýr.
3. Kröfur í tengslum við starfsfólk starfsstöðva fyrir samsöfnun hóf- og klaufdýra, eins og um getur í 5. gr., skulu vera eftirfarandi:
 - a) það verður að búa yfir viðeigandi getu og þekkingu og hafa hlotið sérstaka þjálfun eða hafa aflað sér jafngilðrar hagnýtrar reynslu af:
 - i. meðhöndlun hóf- og klaufdýra sem eru í haldi á starfsstöðinni og, ef nauðsyn krefur, veitingu viðeigandi umhirðu,
 - ii. sótthreinsunar- og hreinlætistækni sem þörf er á til að koma í veg fyrir útbreiðslu smitandi sjúkdóma.
4. Kröfur í tengslum við eftirlit af hálfu lögbærs yfirvalds með starfsstöðvum fyrir samsöfnun hóf- og klaufdýra, eins og um getur í 5. gr., skulu vera eftirfarandi:
 - a) rekstraraðilinn verður að hafa skrifstofu til reiðu til notkunar fyrir opinberan dýralækni til að
 - i. hafa eftirlit með samsöfnun hóf- og klaufdýra,
 - ii. skoða starfsstöðina m.t.t. fylgni við kröfurnar sem mælt er fyrir um í 1., 2. og 3. lið,
 - iii. gefa út dýraheilbrigðisvottun fyrir hóf- og klaufdýr,
 - b) rekstraraðilinn verður að tryggja að opinber dýralæknir fái aðstoð, ef hann biður um hana, við að inna af hendi eftirlitsskyldurnar sem um getur í i. lið a-liðar í 4. lið.

2. HLUTI

Kröfur varðandi veitingu samþykkis fyrir starfsstöðvum fyrir samsöfnun alifugla sem um getur í 6. gr.

1. Kröfur í tengslum við einangrun og aðrar smitvarnaráðstafanir starfsstöðva fyrir samsöfnun alifugla, eins og um getur í 6. gr., skulu vera eftirfarandi:
 - a) viðeigandi einangrunaraðstaða fyrir alifugla verður að vera til reiðu,
 - b) í starfsstöðinni má einungis hýsa alifugla í sama flokki, af sömu tegund og í sama heilbrigðisástandi á hverjum tíma,
 - c) viðeigandi kerfi verður að vera til staðar til að tryggja söfnun skólps,
 - d) eftir að hver lota alifugla hefur verið fjarlægð og, ef nauðsyn krefur, áður en ný lota alifugla er tekin inn verður að hreinsa og sótthreinsa svæðin þar sem alifuglarnir eru í haldi og alla rekstrarganga og efniviði og búnað, sem komast í snertingu við þá, í samræmi við fastsettar verklagsreglur,
 - e) gera verður viðeigandi hlé af hreinlætisáætðum eftir hreinsunar- og sótthreinsunaraðgerðir og áður en ný lota alifugla kemur inn í aðstöðuna þar sem alifuglarnir eru í haldi,
 - f) gestir verða að klæðast hlífðarfatnaði og starfsfólk verður að klæðast viðeigandi vinnufötum og starfa í samræmi við reglur um hollustuhætti sem rekstraraðilinn semur.
2. Kröfur í tengslum við aðstöðu og búnað starfsstöðva fyrir samsöfnun alifugla, eins og um getur í 6. gr., skulu vera eftirfarandi:
 - a) starfsstöðin má einungis hýsa alifugla,
 - b) viðeigandi geymslusvæði verður að vera til reiðu fyrir undirburðarefni, fóður, undirburð og húsdýraáburð,
 - c) alifuglarnir mega ekki komast í snertingu við nagdýr og við fugla sem koma að utan inn í starfsstöðina,
 - d) það verður að vera auðvelt að hreinsa og sótthreinsa svæðin þar sem þessi dýr eru í haldi og rekstrarganga, gólf, vegg, skábrautir og alla aðra efniviði eða búnað sem kemst í snertingu við þau,
 - e) viðeigandi búnaður verður að vera til reiðu til að hreinsa og sótthreinsa aðstöðu, búnað og flutningatæki sem eru notuð fyrir alifugla,
 - f) í starfsstöðinni verða að vera góð hreinlætisskilyrði og þar verður að geta farið fram heilbrigðiseftirlit.
3. Kröfur í tengslum við starfsfólk starfsstöðva fyrir samsöfnun alifugla, eins og um getur í 6. gr., skulu vera eftirfarandi:
 - a) það býr yfir viðeigandi getu og þekkingu og hefur hlotið sérstaka þjálfun eða hefur aflað sér jafngildrar hagnýtrar reynslu af:
 - i. meðhöndlun alifugla sem eru í haldi á starfsstöðinni og, ef nauðsyn krefur, veitingu viðeigandi umhirðu,
 - ii. sótthreinsunar- og hreinlætistækni sem þörf er á til að koma í veg fyrir útbreiðslu smitandi sjúkdóma.
4. Kröfur í tengslum við eftirlit af hálfu lögbærs yfirvalds með starfsstöðvum fyrir samsöfnun alifugla, eins og um getur í 6. gr., skulu vera eftirfarandi:
 - a) rekstraraðilinn verður að hafa skrifstofu til reiðu til notkunar fyrir opinberan dýralækni til að:
 - i. hafa eftirlit með samsöfnun alifugla,
 - ii. skoða starfsstöðina m.t.t. fylgni við kröfurnar sem mælt er fyrir um í 1., 2. og 3. lið,
 - iii. gefa út dýraheilbrigðisvottun fyrir alifugla,
 - b) rekstraraðilinn verður að tryggja að opinber dýralæknir fái aðstoð, ef hann biður um hana, við að inna af hendi eftirlitsskyldurnar sem um getur í i. lið a-liðar í 4. lið.

3. HLUTI

Kröfur varðandi veitingu samþykkis fyrir útungunarstöðvum sem um getur í 7. gr.

1. Kröfur í tengslum við smitvarnarráðstafanir útungunarstöðva, sem um getur í 7. gr., skulu vera eftirfarandi:
 - a) útungunaregg alifugla verða annaðhvort að koma frá samþykktum starfsstöðvum sem eru með alifugla til undaneldis í haldi eða frá öðrum samþykktum útungunarstöðvum fyrir alifugla,
 - b) hreinsa verður og sótthreinsa eggjin eftir að þau koma í útungunarstöðina og fyrir útungunarferlið eða þegar þau eru send nema þau hafi áður verið sótthreinsuð á upprunastarfsstöðinni,
 - c) eftirfarandi verður að hreinsa og sótthreinsa:
 - i. útungunarvélar og búnað eftir útungun,
 - ii. umbúðaeftir hverja notkun nema það sé einnota og eigi að farga því eftir fyrstu notkun,
 - d) viðeigandi kerfi verður að vera til staðar til að tryggja söfnun skólps,
 - e) hlífðarfatnaður er látinn í té fyrir gesti,
 - f) láta verður starfsfólki í té viðeigandi vinnuföt og háttisreglur varðandi reglur um hollustuhætti.
2. Kröfur í tengslum við eftirlit með útungunarstöðvum, eins og um getur í 7. gr., skulu vera eftirfarandi:
 - a) rekstraraðilinn verður að innleiða örverufræðilega gæðaeftirlitsáætlun í samræmi við 1. hluta II. viðauka,
 - b) rekstraraðili útungunarstöðvarinnar verður að tryggja að samkomulag hafi verið gert við rekstraraðila starfsstöðvarinnar sem heldur alifuglana, sem útungunareggjin eru upprunnin frá, um að sýnataka fari fram í útungunarstöðinni til að prófa fyrir sjúkdómsvöldunum sem um getur í eftirlitsáætluninni vegna sjúkdóma, sem um getur í 2. hluta II. viðauka, með það fyrir augum að ljúka þeirri áætlun.
3. Kröfur í tengslum við aðstöðu og búnað útungunarstöðva, eins og um getur í 7. gr., skulu vera eftirfarandi:
 - a) útungunarstöðvar verða að vera efnislega og rekstrarlega aðskildar frá aðstöðu sem heldur alifugla eða aðra fugla,
 - b) halda verður eftirfarandi starfseiningum og búnaði aðskildum:
 - i. geymsla og flokkun eggja,
 - ii. sótthreinsun eggja,
 - iii. forútungun,
 - iv. ræktun fyrir útungun,
 - v. kyngreining og bólusetning dagsgamalla unga,
 - vi. þökkun útungunareggja og dagsgamalla unga til sendingar,
 - c) dagsgamlir ungar eða útungunaregg í útungunarstöðinni mega ekki komast í snertingu við nagdýr og við fugla sem koma að utan inn í útungunarstöðina,
 - d) starfsemin verður að byggjast á einhliða hringrás fyrir útungunaregg, færanlegan búnað og starfsfólk,
 - e) viðeigandi náttúruleg lýsing eða gervilýsing, loftstreymi og kerfi fyrir hitastig verða að vera til reiðu,
 - f) það verður að vera auðvelt að hreinsa og sótthreinsa gólf, veggj og alla aðra efniviði eða búnað í útungunarstöðinni,
 - g) viðeigandi búnaður verður að vera til reiðu til að hreinsa og sótthreinsa aðstöðu, búnað og flutningatæki sem eru notuð fyrir dagsgamla unga og útungunaregg,
4. Kröfur í tengslum við starfsfólk sem kemst í snertingu við útungunaregg og dagsgamla unga, eins og um getur í 7. gr., skulu vera eftirfarandi:
 - a) starfsfólk verður að búa yfir viðeigandi getu og þekkingu og hafa hlotið sérstaka þjálfun í þessu skyni eða hafa aflað sér jafngildrar hagnýtrar reynslu af sótthreinsunar- og hreinlætistækni sem þörf er á til að koma í veg fyrir útbreiðslu smitandi sjúkdóma.

5. Kröfur í tengslum við eftirlit af hálfu lögbærs yfirvalds með útungunarstöðvum, eins og um getur í 7. gr., skulu vera eftirfarandi:
- rekstraraðilinn verður að hafa skrifstofu til reiðu til notkunar fyrir opinberan dýralækni til að
 - skoða útungunarstöðina m.t.t. fylgni við kröfurnar sem mælt er fyrir um í 1. til 4. lið,
 - gefa út dýraheilbrigðisvottun fyrir útungunaregg og dagsamla unga,
 - rekstraraðilinn verður að tryggja að opinber dýralæknir fái aðstoð, ef hann biður um hana, við að inna af hendi eftirlitsskyldurnar sem um getur í i. lið a-liðar í 5. lið.

4. HLUTI

Kröfur varðandi veitingu samþykkis fyrir starfsstöðvum sem halda alifugla sem um getur í 8. gr.

1. Kröfur í tengslum við smitvarnarráðstafanir starfsstöðva sem halda alifugla, eins og um getur í 8. gr., skulu vera eftirfarandi:
- útungunaregg(jum) verður að:
 - safna með stuttu millibili, a.m.k. daglega og eins fljótt og unnt er eftir varp,
 - hreinsa og sóthreinsa eins fljótt og unnt er nema sóthreinsunin fari fram í útungunarstöð í sama aðildarríki,
 - setja annaðhvort í nýtt eða í hreinsað og sóthreinsað umbúðaeefni,
 - ef starfsstöð hýsir alifuglategundir af ættbálkunum *Galliformes* og *Anseriformes* á sama tíma verður að aðskilja þær með skýrum hætti,
 - gera verður viðeigandi hlé af hreinlætisáæðum eftir hreinsunar- og sóthreinsunaraðgerðir og áður en nýr hópur alifugla kemur inn í aðstöðuna þar sem alifuglarnir eru í haldi,
 - gestir verða að klæðast hlífðarfatnaði og starfsfólk verður að klæðast viðeigandi vinnufötum og starfa í samræmi við reglur um hollustuhætti sem rekstraraðilinn semur,
 - viðeigandi kerfi verður að vera til staðar til að tryggja söfnun skólps.
2. Kröfur í tengslum við eftirlit með starfsstöðvum sem halda alifugla, eins og um getur í 8. gr., skulu vera eftirfarandi:
- rekstraraðilinn verður að beita og fara að eftirlitsáætlun vegna sjúkdóma sem um getur í 2. hluta II. viðauka,
 - rekstraraðili starfsstöðvarinnar verður að tryggja að samkomulag hafi verið gert við rekstraraðila útungunarstöðvarinnar, þangað sem útungunaregginn eiga að fara, um að sýnataka fari fram í útungunarstöðinni til að prófa fyrir sjúkdómsvöldunum sem um getur í eftirlitsáætluninni vegna sjúkdóma, sem um getur í 2. hluta II. viðauka, með það fyrir augum að ljúka þeirri áætlun.
3. Kröfur í tengslum við aðstöðu og búnað starfsstöðva sem halda alifugla, eins og um getur í 8. gr., skulu vera eftirfarandi:
- umhverfi og skipulag verða að vera samrýmanleg við þá framleiðslu sem stefnt er að,
 - starfsstöðin má einungis hýsa alifugla:
 - frá sjálfri starfsstöðinni,
eða
 - frá öðrum samþykktum starfsstöðvum sem halda alifugla,
eða
 - frá samþykktum útungunarstöðvum alifugla,
eða
 - sem komu inn í Sambandið frá þriðju löndum og yfirráðasvæðum sem hafa til þess heimild,
 - koma verður í veg fyrir að alifuglarnir komist í snertingu við nagdýr og við fugla sem koma að utan,
 - í aðstöðunni verða að vera góð hreinlætisskilyrði og þar verður að geta farið fram heilbrigðiseftirlit.

- e) það verður að vera auðvelt að hreinsa og sóttgreinsa gólf, veggir og alla aðra efniviði eða búnað í starfsstöðinni,
- f) í starfsstöðinni verður að vera viðeigandi búnaður, sem er samrýmanlegur við þá framleiðslu sem stefnt er að, sem er til reiðu til að hreinsa og sóttgreinsa aðstöðu, búnað og flutningatæki á hentugasta staðnum í starfsstöðinni.

5. HLUTI

Kröfur varðandi veitingu samþykkis fyrir söfnunarstöðvum fyrir hunda, ketti og frettur og fyrir dýraathvörfum fyrir þessi dýr sem um getur, eftir því sem við á, í 10. og 11. gr.

1. Kröfur í tengslum við einangrun og aðrar smitvarnarráðstafanir söfnunarstöðva fyrir hunda, ketti og frettur, eins og um getur í 10. gr., skulu vera eftirfarandi:
 - a) þær mega einungis taka við hundum, köttum og frettum sem koma frá skráðum starfsstöðvum sem eru með þessi dýr í haldi,
 - b) viðeigandi einangrunaraðstaða fyrir hunda, ketti og frettur verður að vera til reiðu,
 - c) gera verður viðeigandi hlé af hreinlætisástandum eftir hreinsunar- og sóttgreinsunaraðgerðir og áður en ný lota hunda, katta og fretta kemur inn í aðstöðuna þar sem slík dýr eru í haldi,
 - d) viðeigandi kerfi verður að vera til staðar til að tryggja söfnun skólps.
2. Kröfur í tengslum við einangrun og aðrar smitvarnarráðstafanir dýraathvarfa fyrir hunda, ketti og frettur, eins og um getur í 11. gr., skulu vera eftirfarandi:
 - a) viðeigandi einangrunaraðstaða fyrir hunda, ketti og frettur verður að vera til reiðu,
 - b) eftir að hver lota hunda, katta og fretta hefur verið fjarlægð og, ef nauðsyn krefur, áður en ný lota hunda, katta og fretta er tekin inn, verður að hreinsa og sóttgreinsa svæðin þar sem hundarnir, kettirnir og fretturnar eru í haldi og alla rekstrarganga og efniviði og búnað, sem komast í snertingu við þau, í samræmi við fastsettar verklagsreglur,
 - c) gera verður viðeigandi hlé af hreinlætisástandum eftir hreinsunar- og sóttgreinsunaraðgerðir og áður en ný lota hunda, katta og fretta kemur inn í aðstöðuna þar sem þessi dýr eru haldin,
 - d) viðeigandi kerfi verður að vera til staðar til að tryggja söfnun skólps.
3. Kröfur í tengslum við aðstöðu og búnað söfnunarstöðva fyrir hunda, ketti og frettur og dýraathvörf fyrir þessi dýr, eins og um getur í 10. og 11. gr., eftir því sem við á, skulu vera eftirfarandi:
 - a) viðeigandi húsakostur af hentugum gæðum fyrir þessi dýr verður að vera til reiðu og smíðaður þannig að komið sé í veg fyrir snertingu við dýr fyrir utan og að engin bein samskipti séu við aðstöðuna fyrir einangrunina og að auðvelt sé að framkvæma skoðanir og allar nauðsynlegar meðferðir,
 - b) auðvelt er að hreinsa og sóttgreinsa svæðin þar sem þessi dýr eru í haldi og alla rekstrarganga, gólf, veggir og alla aðra efniviði eða búnað sem kemst í snertingu við þau,
 - c) viðeigandi geymslusvæði verða að vera til reiðu, eftir því sem við á, fyrir undirburðarefni, undirburð, húsdýraábúrd og gæludýrafóður,
 - d) viðeigandi búnaður verður að vera til reiðu til að hreinsa og sóttgreinsa aðstöðu, áhöld og flutningatæki.

6. HLUTI

Kröfur varðandi veitingu samþykkis fyrir eftirlitsstöðvum sem um getur í 12. gr.

1. Kröfur í tengslum við einangrun og aðrar smitvarnarráðstafanir eftirlitsstöðva, eins og um getur í 12. gr., skulu vera eftirfarandi:
 - a) eftirlitsstöðvar verða að vera staðsettar, hannaðar, smíðaðar og starfræktar þannig að fullnægjandi smitvarnir séu tryggðar til að koma í veg fyrir útbreiðslu skráðra eða nýtilkominna sjúkdóma til annarra starfsstöðva og á milli samfelldra sendinga af dýrum sem fara í gegnum þetta athafnasvæði,
 - b) eftirlitsstöð verður að vera smíðuð, útbúin og starfrækt þannig að tryggt sé að hreinsun og sóttgreinsun geti farið fram með auðveldum hætti; það verður að vera unnt að þvo flutningatæki á staðnum,

- c) eftirlitsstöðvar verða að vera með hentuga aðstöðu fyrir aðskilda einangrun dýra sem grunur leikur á um að séu sýkt af dýrasjúkdómi,
 - d) gera verður viðeigandi hlé af hreinlætisáæðum milli tveggja samfelldra sendinga af dýrum og, og ef við á, aðlaga hléin með hliðsjón af því hvort dýrin koma frá svipuðu landsvæði, svæði eða hólfi í sama heilbrigðisástandi; engin dýr mega vera til staðar á eftirlitsstöðinni í a.m.k. 24 klukkustundir eftir notkun sem stendur að hámarki yfir í 6 daga og eftir að lokið hefur verið við hreinsunar- og sóthreinsunaraðgerðir og áður en nýjar sendingar af dýrum koma á staðinn,
 - e) áður en rekstraraðilar eftirlitsstöðva taka við dýrum verða þeir að:
 - i. byrja á hreinsunar- og sóthreinsunaraðgerðum innan 24 klukkustunda eftir að öll dýr, sem voru þar í haldi, fara þaðan,
 - ii. tryggja að engin dýr komi inn á eftirlitsstöðvarnar fyrir en hreinsunar- og sóthreinsunaraðgerðum er lokið að mati opinbers dýralæknis.
2. Kröfur í tengslum við aðstöðu og búnað eftirlitsstöðva, eins og um getur í 12. gr., skulu vera eftirfarandi
- a) það verður að hreinsa þau og sóthreinsa fyrir og eftir hverja notkun eins og opinber dýralæknir gerir kröfu um,
 - b) búnaður sem kemst í snertingu við dýr sem eru til staðar á eftirlitsstöðvum verður að vera eingöngu ætlaður viðkomandi athafnasvæði nema hann hafi verið hreinsaður og sóthreinsaður eftir að hann komst í snertingu við dýr eða saur/drit úr þeim eða þvag; rekstraraðili eftirlitsstöðvarinnar verður einkum að láta í té hreinan búnað og hlífðarfatnað, sem verður að vera eingöngu handa einstaklingum sem koma inn á eftirlitsstöðina, og hentugur búnaður verður að vera til reiðu til að hreinsa og sóthreinsa þessa hluti,
 - c) þegar sending af dýrum er tilflutt frá afgirtu svæði verður að fjarlægja undirburðinn og setja verður nýtt undirburðarefni eftir hreinsunar- og sóthreinsunaraðgerðir,
 - d) ekki má safna fóðri, undirburði, saur/driti og þvagi af athafnasvæðinu nema þau hafi fengið viðeigandi meðhöndlun til að koma í veg fyrir útbreiðslu dýrasjúkdóma,
 - e) þar verður að vera hentug aðstaða til að hafa dýrin í haldi, skoða þau og rannsaka þegar nauðsyn krefur,
 - f) viðeigandi geymslusvæði verður að vera til reiðu fyrir undirburðarefni, fóður, undirburð og húsdýraáburð,
 - g) viðeigandi kerfi verður að vera til staðar til að tryggja söfnun skólps.

7. HLUTI

Kröfur varðandi veitingu samþykkis fyrir umhverfislega einangruðum framleiðslustöðvum fyrir hunangsflugur sem um getur í 13. gr.

1. Kröfur í tengslum við smitvarnar- og eftirlitsráðstafanir í umhverfislega einangruðum framleiðslustöðvum fyrir hunangsflugur, eins og um getur í 13. gr., skulu vera eftirfarandi:
- a) rekstraraðilinn verður að tryggja sannreyna og skrá, með innra eftirliti, að komið sé í veg fyrir komu litlu býkúpubjöllunnar inn í starfsstöðina og að unnt sé að greina tilvist hennar innan starfsstöðvarinnar.
2. Kröfur í tengslum við aðstöðu og búnað umhverfislega einangraðra framleiðslustöðva fyrir hunangsflugur, eins og um getur í 13. gr., skulu vera eftirfarandi:
- a) framleiðsla á hunangsflugum verður að vera einangruð frá allri tengdri starfsemi starfsstöðvarinnar og verður að fara fram í aðstöðu sem er varin fyrir fljúgandi skordýrum,
 - b) halda verður hunangsflugunum í einangrun innan byggingarinnar í allri framleiðslunni,
 - c) geymsla og meðhöndlun á frjókornum innan aðstöðu verður að vera aðskilin frá hunangsflugunum allan tímann meðan framleiðsla hunangsflugnanna stendur yfir og þangað til þær eru fóðraðar á frjókornunum.

8. HLUTI

Kröfur varðandi veitingu samþykkis fyrir sóttkvíunarstöðvum fyrir landdýr í haldi, önnur en primata, sem um getur í 14. gr.

1. Kröfur í tengslum við sóttkvíun, einangrun og aðrar smitvarnarráðstafanir sóttkvíunarstöðva fyrir landdýr í haldi, önnur en primata, eins og um getur í 14. gr., skulu vera eftirfarandi:
 - a) sérhver eining í sóttkvíunarstöð verður að:
 - i. vera staðsett í öruggri fjarlægð frá starfsstöðvum í kring eða öðrum stöðum þar sem dýr eru í haldi til að komast hjá því að smitandi dýrasjúkdómar smitist milli dýra sem eru haldin þar og dýra í sóttkví,
 - ii. hefja tilskilið sóttkvíunartímabil þegar síðasta dýrið í lotunni er tekið inn í sóttkvíunarstöðina,
 - iii. vera tæmd af dýrum, hreinsuð og sótthreinsuð við lok sóttkvíunartímabilsins fyrir síðustu lotuna og síðan eru látnir líða a.m.k. 7 dagar án dýra áður en lota dýra, sem kemur inn í Sambandið frá þriðju löndum og yfirráðasvæðum, er tekin inn í sóttkvíunarstöðina,
 - b) fjarlægja verður undirburð þegar sending af dýrum er tilflutt frá afgirtu svæði og setja verður nýtt undirburðarefni í staðinn eftir að lokið hefur verið við hreinsunar- og sótthreinsunaraðgerðir,
 - c) ekki má safna fóðri, undirburði, saur/driti og þvagi af athafnasvæðinu nema þau hafi fengið viðeigandi meðhöndlun til að koma í veg fyrir útbreiðslu dýrasjúkdóma,
 - d) gera verður varúðarráðstafanir til að koma í veg fyrir víxlmengun milli sendinga af dýrum sem koma inn og sendinga sem fara út,
 - e) dýr sem eru afgreidd frá sóttkvíunarstöðinni verða að uppfylla kröfur Sambandsins um tilflutninga á landdýrum í haldi milli aðildarríkja.
2. Kröfur í tengslum við eftirlits- og varnarráðstafanir sóttkvíunarstöðva fyrir landdýr í haldi, önnur en primata, eins og um getur í 14. gr., skulu vera eftirfarandi:
 - a) áætlun um eftirlit með sjúkdómum verður að innihalda viðeigandi eftirlit með dýrunum m.t.t. sjúkdóma sem berast milli manna og dýra og henni verður að koma til framkvæmda og uppfæra hana í samræmi við fjölda og tegundir dýra sem eru til staðar í starfsstöðinni og í samræmi við faraldsfræðilegt ástand í og umhverfis starfsstöðina að því er varðar skráða og nýtilkomna sjúkdóma,
 - b) dýr, sem grunur leikur á um að séu sýkt eða smituð af sjúkdómsvöldum skráðra eða nýtilkominna sjúkdóma, verða að fara í klíniska prófun, prófun á rannsóknarstofu eða prófun eftir dauða,
 - c) bólusetning og meðferð smitnæmra dýra við smitandi dýrasjúkdómum verður að fara fram eins og við á,
 - d) nota verður vísbendidýr til að snemmgreina mögulegan sjúkdóm þegar lögbært yfirvald fyrirskipar það.
3. Kröfur í tengslum við aðstöðu og búnað sóttkvíunarstöðva fyrir landdýr í haldi, önnur en primata, eins og um getur í 14. gr., skulu vera eftirfarandi:
 - a) starfsstöðvarnar verða að vera skýrt afmarkaðar og stjórna verður aðgangi dýra og manna að aðstöðu fyrir dýr,
 - b) starfsfólk sem ber ábyrgð á að sinna heilbrigðiseftirliti með dýrum og dýraafurðum verður að hafa nægilega stórt athafnasvæði til umráða, þ.m.t. búningsklefar, sturtur og salerni,
 - c) fullnægjandi úrræði til að ná, loka af, festa ef nauðsyn krefur og einangra dýr verða að vera til reiðu,
 - d) búnaður og aðstaða til hreinsunar og sótthreinsunar verður að vera til reiðu,
 - e) sá hluti starfsstöðvarinnar þar sem dýrin eru í haldi verður að vera:
 - i. skordýraheldur með HEPA-síu á loftinntaki og -úttaki, smitferjuvarnir innanhúss, aðgang gegnum tvöfaldar dyr og verklagsreglur, ef lögbært yfirvald fyrirskipar slíkt til að takast á við tiltekna áhættu fyrir heilbrigði dýra,
 - ii. ef um er að ræða fugla í haldi: fugla-, flugu- og meindýraheldur,
 - iii. lokanlegur þannig að svæling sé möguleg,

- iv. af hentugum gæðum og hannaður þannig að komið sé í veg fyrir snertingu við dýr fyrir utan og að auðvelt sé að framkvæma skoðanir og allar nauðsynlegar meðferðir,
- v. smíðaður þannig að auðvelt sé að hreinsa og sótthreinsa gólf, veggi og allan annan efnivið eða búnað.

9. HLUÐI

Kröfur varðandi veitingu samþykkis fyrir lokuðum starfsstöðvum fyrir landdýr í haldi sem um getur í 16. gr.

1. Kröfur í tengslum við sóttkvíun, einangrun og smitvarnarráðstafanir lokaðra starfsstöðva fyrir landdýr í haldi, eins og um getur í 16. gr., skulu vera eftirfarandi:
 - a) þar má einungis taka við landdýrum í haldi sem uppfylla kröfur um hæfilega langan sóttkvíunartíma, miðað við sjúkdómana sem hafa áhrif á dýrategundirnar, þegar þessi dýr koma frá annarri starfsstöð en lokaðri starfsstöð,
 - b) þar má einungis taka við prímötum sem samræmast reglum sem eru jafn strangar og þær sem um getur í grein 6.12.4 í heilbrigðisreglum Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunarinnar um landdýr, 18. útgáfu,
 - c) ef nauðsyn krefur verður viðunandi aðstaða fyrir sóttkvíun landdýra í haldi, sem komið er með inn frá öðrum starfsstöðvum, að vera til reiðu.
2. Kröfur í tengslum við eftirlits- og varnarráðstafanir lokaðra starfsstöðva fyrir landdýr í haldi, eins og um getur í 16. gr., skulu vera eftirfarandi:
 - a) áætlun um eftirlit með sjúkdómum verður að innihalda viðeigandi eftirlit með landdýrum í haldi m.t.t. sjúkdóma sem berast milli manna og dýra og henni verður að koma til framkvæmda og uppfæra hana í samræmi við fjölda og tegundir landdýra í haldi sem eru til staðar í starfsstöðinni og í samræmi við faraldsfræðilegt ástand í og umhverfis starfsstöðina að því er varðar skráða og nýtilkomna sjúkdóma,
 - b) landdýr í haldi, sem grunur leikur á um að séu sýkt eða smituð af sjúkdómsvöldum skráðra eða nýtilkominna sjúkdóma, verða að fara í klíniska prófun, prófun á rannsóknarstofu eða prófun eftir dauða,
 - c) bólusetning og meðferð smitnæmra landdýra í haldi við smitandi sjúkdómum verður að fara fram eins og við á.
3. Kröfur í tengslum við aðstöðu og búnað lokaðra starfsstöðva fyrir landdýr í haldi, eins og um getur í 16. gr., skulu vera eftirfarandi:
 - a) starfsstöðvarnar verða að vera skýrt afmarkaðar og stjórna verður aðgangi dýra og manna að aðstöðu fyrir dýr,
 - b) fullnægjandi úrræði til að ná, loka af, festa ef nauðsyn krefur og einangra dýr eru til reiðu,
 - c) vistarverur fyrir dýr skulu vera af hentugum gæðum og smíðaðar þannig að
 - i. komið sé í veg fyrir snertingu við dýr fyrir utan og að auðvelt sé að framkvæma skoðanir og allar nauðsynlegar meðferðir,
 - ii. auðvelt sé að hreinsa og sótthreinsa gólf, veggi og allan annan efnivið eða búnað.

II. VIÐAUKI

ÖRVERUFRÆÐILEG EFTIRLITSÁÆTLUN Í ÚTUNGUNARSTÖÐVUM OG EFTIRLITSÁÆTLUN VEGNA SJÚKDÓMA Í STARFSSTÖÐVUM SEM HALDA ALIFUGLA OG Í ÚTUNGUNARSTÖÐVUM

1. HLUTI

Örverufræðileg eftirlitsáætlun í útungunarstöðvum eins og um getur í 7. gr.

Örverufræðileg eftirlitsáætlun vegna eftirlits með hollustuháttum skal innihalda eftirfarandi:

- a) safna verður umhverfissýnum og setja þau í bakteríufræðilega rannsókn,
- b) taka verður sýni á a.m.k. sex vikna fresti og hver sýnataka verður að innihalda 60 sýni.

2. HLUTI

Eftirlitsáætlun vegna sjúkdóma í útungunarstöðvum eins og um getur í 7. gr. og í starfsstöðvum sem halda alifugla eins og um getur í 8. gr.

1. Markmiðið með eftirlitsáætlunum vegna sjúkdóma

Að sýna fram á að hópar sem eru í haldi á samþykktum starfsstöðvum sem halda alifugla séu lausir við sjúkdómsvaldana sem eru tilgreindir í 2. og 3. lið.

Eftirlitsáætlun vegna sjúkdóma skal a.m.k. ná yfir sjúkdómsvaldana og skráðu tegundirnar í haldi sem um getur í 2. lið.

2. Sjúkdómseftirlit vegna sermigerða salmonellu sem skipta máli fyrir heilbrigði dýra

2.1. Sanngreining sýkingar af völdum sjúkdómsvalda:

- a) *Salmonella Pullorum*: nær yfir *Salmonella enterica* undirteg. *enterica* sermigerð Gallinarum lífefnafræðilegt afbrigði (lífgerð) Pullorum.
- b) *Salmonella Gallinarum*: nær yfir *Salmonella enterica* undirteg. *enterica* sermigerð Gallinarum lífefnafræðilegt afbrigði (lífgerð) Gallinarum.
- c) *Salmonella arizonae*: nær yfir *Salmonella enterica* undirteg. *arizonae* sermihópur K (O18) arizonae.

2.2. Marktegundir alifugla:

- a) Að því er varðar *Salmonella Pullorum* og *Salmonella Gallinarum*: Hænsni (*Gallus gallus*), kalkúnn (*Meleagris gallopavo*), perluhænsn (*Numida meleagris*), kornhæna (*Coturnix coturnix*), fasaní (*Phasianus colchicus*), akurhæna (*Perdix perdix*), grændur (*Anas spp.*).
- b) Að því er varðar *Salmonella arizonae*: Kalkúnn (*Meleagris gallopavo*).

2.3. Rannsóknir:

Setja verður hvern hóp í klíníska rannsókn á hverju varp- eða framleiðslutímabili á þeim tíma sem hentar best til að greina sjúkdóminn sem um er að ræða.

2.4. Sýnaefniviður:

- a) Taka verður sýni úr hverjum hóp í starfsstöð sem heldur alifugla, eins og við á:
 - i. Til sermiprófana: blóð.
 - ii. Til bakteríufræðilegra prófana:
 - vefir eftir dauða, einkum lifur, milta, eggjastokkur, eggjaleiðari og mót smágirnis og ristils (e. *ileo-caecal junction*)
 - umhverfissýni,
 - stroksýni úr þarfagangi lifandi fugla, einkum úr þeim sem líta út fyrir að vera veikir eða hafa greinst sem mjög sermijákvæðir.
- b) Sýni sem skal taka á útungunarstöð til gerlafræðilegra prófana:
 - i. Kjúklingar sem ungast ekki út (þ.e.a.s. egg með dauðum ungum).
 - ii. Annars flokks kjúklingar.
 - iii. Fóstursaur úr kjúklingum.
 - iv. Dúnn eða ryk úr útungunarvélum og af veggjum í útungunarstöð.

2.5. Sýnatökurammi og tíðni sýnatöku:

a) Í starfsstöð sem heldur alifugla:

i. Sýnataka m.t.t. *Salmonella Pullorum* og *Salmonella Gallinarum*:

Tegund	Sýnatökutími		Fjöldi fugla sem á að taka sýni úr/fjöldi umhverfissýna
	Alifuglar til undaneldis	Alifuglar til framleiðslu	
Hænsni (<i>Gallus gallus</i>), kalkúnn (<i>Meleagris gallopavo</i>), perluhænsn (<i>Numida meleagris</i>), kornhæna (<i>Coturnix coturnix</i>), fasaní (<i>Phasianus colchicus</i>), akurhæna (<i>Perdix perdix</i>) og grændur (<i>Anas spp.</i>)	Þegar verpt er	Að minnsta kosti einu sinni á ári meðan framleiðsla stendur yfir	60

ii. Sýnataka m.t.t. *Salmonella arizonae*:

Tegund	Sýnatökutími		Fjöldi fugla sem á að taka sýni úr/fjöldi umhverfissýna
	Alifuglar til undaneldis	Alifuglar til framleiðslu	
Kalkúnn (<i>Meleagris gallopavo</i>)	Þegar verpt er	Að minnsta kosti einu sinni á ári meðan framleiðsla stendur yfir	60

iii. Lögbæru yfirvaldi er heimilt að aðlaga fjölda fugla, sem taka á sýni úr í samræmi við i. og ii. lið, að þekktu algengi sýkingar í tilteknu hlutaðeigandi aðildarríki og tíðni fyrri uppkoma í starfsstöðinni. Í öllum tilvikum skal alltaf taka tölfraðilega gildan fjölda sýna til sermifræðilegrar/bakteríufræðilegrar prófunar til að greina sýkingu.

b) Í útungunarstöðinni skal taka sýni og rannsaka á a.m.k. 6 vikna fresti. Prófunin skal a.m.k. innihalda eftirfarandi:

i. eitt safnsýni úr dún og fóstursaur kjúklinga úr hverri útungunarvél,

og

ii. sýni úr:

— annaðhvort 10 annars flokks kjúklingum og 10 eggjum með dauðum ungum úr hverjum upprunahóp sem er til staðar í útungunarvélinni daginn sem sýnum er safnað,

eða

— 20 annars flokks kjúklingum úr hverjum upprunahópi sem er til staðar í útungunarvél daginn sem sýnum er safnað.

2.6. Vinnsla sýna og prófunaraðferðir:

a) sýni sem er safnað verða að fara í:

i. sermiprófun⁽¹⁾,

ii. bakteríufræðilega prófun, annaðhvort í staðinn fyrir eða til viðbótar við sermiprófunina sem um getur í i. lið; þó má ekki taka sýni til bakteríufræðilegra prófana úr alifuglum eða eggjum sem hafa fengið meðferð með sýkingalyfjum á undanförunum tveimur til þremur vikum fyrir prófunina,

b) sýni sem er safnað verður að vinna sem hér segir:

i. bein auðgun í selenítsysteínvökvaeti að því er varðar sýni úr driti/fóstursaur og þörmum eða í viðeigandi æti sem hentar fyrir sýni þar sem búist er við samkeppnisflóru,

ii. óvalvís forauðgun og á eftir kemur valvís auðgun í Rappaport-Vassiliadis-vökvaeti (RVS), að stofni til úr soja, eða Müller-Kauffmann-vökvaeti með tetratíonati og nóvóbíósíni (MKTTn) fyrir sýni (s.s. egg með dauðum ungum) þar sem búist er við að samkeppnisflóra verði hverfandi,

⁽¹⁾ Sermiprófun í öðrum fuglategundum en *Galliformes* leiðir stöku sinnum til óviðunandi hlutfalls falsjávæðrar svörunar.

- iii. bein sáning vefja, sem er safnað með smitgát, á lágmarksvalvíst agaræti, s.s. MacConkey-agaræti,
- iv. *Salmonella Pullorum* og *Salmonella Gallinarum* vaxa ekki auðveldlega í breytta, hálfasta miðlinum Rappaport Vassiliadis (MSRV) sem er notaður til að vakta smitvalda *Salmonella* spp. sem berast milli manna og dýra í Sambandinu en hann er hentugur fyrir *Salmonella arizonae*,
- v. greiningaraðferðin verður að gera kleift að greina á milli sermifræðilegrar svörunar vegna sýkingar af völdum *Salmonella Pullorum* og *Salmonella Gallinarum* og sermifræðilegrar svörunar vegna notkunar á bóluefni gegn *Salmonella Enteritidis*, ef þetta bóluefni er notað ⁽²⁾. Því má ekki nota slíka bólusetningu ef það á að nota sermifræðilega vöktun. Ef það hefur verið bóluset verður að nota bakteríufræðilega prófun en með aðferðinni sem er notuð til staðfestingar verður að vera unnt að greina á milli lifandi bóluefnastofna og stofna á svæðinu.

2.7. Niðurstöður:

Hópur telst jákvæður þegar önnur prófun af viðeigandi gerð, í kjölfar jákvæðra niðurstaðna úr prófun sem er framkvæmd í samræmi við liði 2.3 til 2.6, staðfestir sýkingu af völdum sjúkdómsvaldanna.

3. Sjúkdómseftirlit m.t.t. *Mycoplasma* spp. sem skiptir máli fyrir alifugla:

3.1. Sanngreining sýkingar af völdum eftirfarandi sjúkdómsvalda:

- a) *Mycoplasma gallisepticum*.
- b) *Mycoplasma meleagridis*.

3.2. Marktegundir:

- a) *Mycoplasma gallisepticum*: Hænsni (*Gallus gallus*), kalkúnn (*Meleagris gallopavo*).
- b) *Mycoplasma meleagridis*: Kalkúnn (*Meleagris gallopavo*).

3.3. Rannsóknir:

Setja verður hvern hóp í klíníska rannsókn á hverju varp- eða framleiðslutímabili á þeim tíma sem hentar best til að greina sjúkdóminn sem um er að ræða.

3.4. Sýnaefniviður:

Taka skal sýni úr hverjum hóp í starfsstöð sem heldur alifugla, eins og við á:

- a) blóð,
- b) sæði,
- c) stroksýni sem eru tekin úr barka, koknösom eða þarfagangi,
- d) vefir eftir dauða, einkum loftblöðrur úr dagsgömlum ungum með vefjaskemmdir,
- e) einkum til að greina *Mycoplasma meleagridis*, eggjaleiðari og reður kalkúna.

3.5. Sýnatökurammi og tíðni sýnatöku:

- a) Sýnataka m.t.t. *Mycoplasma gallisepticum*:

Tegund	Sýnatökutími		Fjöldi fugla sem taka skal sýni úr
	Alifuglar til undaneldis	Alifuglar til framleiðslu	
<i>Gallus gallus</i>	<ul style="list-style-type: none"> • við 16 vikna aldur • þegar verpt er • og síðan á 90 daga fresti 	Á 90 daga fresti meðan framleiðsla stendur yfir	<ul style="list-style-type: none"> • 60 • 60 • 60
<i>Kalkúnn</i> (<i>Meleagris gallopavo</i>)	<ul style="list-style-type: none"> • við 20 vikna aldur • þegar verpt er • og síðan á 90 daga fresti 	Á 90 daga fresti meðan framleiðsla stendur yfir	<ul style="list-style-type: none"> • 60 • 60 • 60

⁽²⁾ Sem stendur getur engin prófun greint á milli svörunar vegna sýkingar af völdum *Salmonella Pullorum* og *Salmonella Gallinarum* og bólusetningar gegn þessari sermigerð.

b) Sýnataka m.t.t. *Mycoplasma meleagridis*:

Tegund	Sýnatökutími		Fjöldi fugla sem taka skal sýni úr
	Alifuglar til undaneldis	Alifuglar til framleiðslu	
<i>Kalkúm</i> (<i>Meleagris gallopavo</i>)	<ul style="list-style-type: none"> • við 20 vikna aldur • þegar verpt er • og síðan á 90 daga fresti 	Á 90 daga fresti meðan framleiðsla stendur yfir	<ul style="list-style-type: none"> • 60 • 60 • 60

c) Lögbæru yfirvaldi er heimilt að aðlaga fjölda fugla, sem taka á sýni úr í samræmi við a- og b-lið, að þekktu algengi sýkingar í tilteknu hlutaðeigandi aðildarríki og tíðni fyrri uppkoma í starfsstöðinni. Í öllum tilvikum skal alltaf taka tölfraðilega gildan fjölda sýna til sermifræðilegrar/bakteríufræðilegrar prófunar.

3.6. Rannsóknir, sýnataka og prófunaraðferðir:

Prófanir með sermifræðilegum og bakteríufræðilegum prófunum og sameindaprófunum til að greina hvort sýking er til staðar verður að framkvæma með fullgiltum aðferðum sem lögbært yfirvald viðurkennir.

3.7. Niðurstöður:

Hópur telst jákvæður þegar önnur prófun af viðeigandi gerð, í kjölfar jákvæðra niðurstaðna úr prófun sem er framkvæmd í samræmi við liði 3.3 til 3.6, staðfestir sýkingu af völdum sjúkdómsvaldanna.

3. HLUTI

Viðbótarupplýsingar um greiningartækni

Á rannsóknarstofum, sem lögbært yfirvald hefur tilnefnt til að inna af hendi prófanir eins og krafist er í 1. og 2. hluta þessa viðauka, er unnt að fletta upp í handbók Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunarinnar (OIE) um greiningarprófanir og bóluefni fyrir landdýr, 18. útgáfu, til að fá nánari lýsingar á greiningartækninni.

*III. VIÐAUKI***AUÐKENNING LANDDÝRA Í HALDI**

Auðkenning landdýra í haldi er sem hér segir:

- a) hefðbundið eyrnamerki,
 - b) hefðbundið band um kjúkuna,
 - c) rafrænt eyrnamerki,
 - d) vambarstautur,
 - e) stunguörmerki,
 - f) rafrænt band um kjúkuna,
 - g) húðflúr,
 - h) fótmerki.
-